BJARKI SVEINBJÖRNSSON

*Það eina sem þarf til að byrja eru góðir skór*

• á ferðinni

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




MEISTARADEILD VÍS

*Glæsileg umgjörð meistaradeildar*

Sérblað um Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




EFNAHAGSVANDI RÖKRÆDDUR

*Árangurslítill fundur í Alpabænum Davos*

Markaðurinn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. febrúar 2009 — 31. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Vinir Kela til Hollywood



Julia Roberts hefur keypt kvikmyndahandrit eftir eina af stjörnum Sólskinsdrengsins.

FÓLK 16

### Framtíðin er björt



Óli Gneisti Sóleyjarson er þrítugur í dag. Hann vonast eftir betri afmælisdegi en í fyrra.

TÍMAMÓT 12

### Stóri bróðir enn á kreiki

„Í sumum skólum voru þessar síður í Lögbirtingarblaðinu ljósritaðar og hengdar upp á vegg í kennarastofum“, skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 10

### Styrktust við að missa erlendan leikmann



Nýliðar FSu í Iceland Express-deild karla í körfubolta standa sig betur án Thomasar Viglianco.

ÍÞRÓTTIR 18

## VEÐRIÐ Í DAG




**STREKKINGUR AUSTAN TIL** Í dag verða norðan eða norðaustan 5-10 m/s en 10-15 A-til. Skýjað N- og A-lands og stöku él NA-til en bjart og úrkomulaust S- og V-lands. Áfram kalt í veðri og frost víða 2-10 stig.

VEÐUR 4

# Unglingar hópast á Vog vegna hassneyslu

**Yfirlæknir á Vogi segir það áhyggjuefni hversu ungum hassfíklum hefur fjölgað. Þeir yngstu eru aðeins fjórtán ára. Fjölgun mest á aldursbilinu 30 til 40 ára.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 150 unglingar fóru í sína fyrstu meðferð vegna eiturlyfjaneyslu á Vogi á síðasta ári. Fíkniefnaneytendum í yngsta aldurshópnum, frá 14 til 18 ára, hefur fjölgað töluvert frá árinu 2007 en þeir voru alls um 220 í fyrra. „Þetta er verulegt áhyggjuefni,“ segir Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir. „Einnig hefur sjúklingum á aldrinum 20 til 24 ára farið fjölgandi.“

Þórarinn segir Vog hafa tekið á móti unglingum allt niður í fjórtán ára gamla, en þeir heyri þó til undantekninga í sjúklingahópnum. Venjulega séu yngstu sjúklingarnir fimmtán og sextán ára. „Við erum að taka krakka úr tíunda bekk, en þeir eru sem betur fer ekki mjög margir,“ segir hann.

Spurður hvaða fíkniefnum yngsti aldurshópurinn sé yfirleitt háður segir Þórarinn það vera kannabisefni.

„Neysla kannabisefnanna gerir krakkana óvirka í samfélaginu,“ útskýrir hann. „Þó að þau drekki eitthvað þá mæta þau í skólann sinn. Hassið gerir þá hins vegar að verkum að þau hætta að mæta í skólann, snúa sólarhringnum við og eru oft orðin þunglynd. Þá fer fólk að hafa áhyggjur af þeim og þá koma þau.“

En ekki hefur einungis fjölgað í yngsta aldurshóp sjúklinga á Vogi. Undanfarin fjögur ár hefur nýjum einstaklingum sem komið hafa til meðferðar fjölgað úr 576 í 638 árið 2008. Hlutfallsleg fjölgun er mest á þessum fjórum árum meðal þeirra sem eru 30 til 40 ára.

„Það er fyrst og fremst áfengisneysla sem þessi aldurshópur er að kikna undan,“ segir Þórarinn. „Það var þessi aldurshópur sem við meðhöndluðum mest þegar við vorum að byrja með starfsemina.

Svo dró hlutfallslega úr honum og yngra fólkið fór að koma fyrr inn þannig að það fjölgaði í þeim hóp. En nú er þessi hópur að sækja aftur á.“

- jss



**SNARRÆÐI** Fjölnir Þorgeirsson og Camilla Petra Sigurðardóttir bjarga verðlaunahestinum Röðli frá Kálfholti úr jökulkaldri Reykjavíkurtjörn. Á annan tug hesta og knapa féll niður um ís á töltsýningu þar í gær. Hestarnir þurftu að berjast fyrir lífi sínu.

sjá síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**GAMLIR JÁLKAR** Þessir vörubílar öðlast framhaldslíf í fjarlægum löndum.

Útflutningur vinnuvéla:

## Gamlir trukkar seldir úr landi

**VIÐSKIPTI** Útflutningur notaðra vinnuvéla hefur stóraukist og fást nú allt að átta hundruð þúsund krónur fyrir gamlan trukk. Það er tvöfalt hærra verð en fékkst fyrir hann hér áður.

Jötunn Vélar kaupir tækin af bændum og minni verktökum og selur þær áfram til Íraks, Líbanons og Beníns í Afríku. Traktorsgröfur eru að mestu seldar til Evrópu en eitthvað hefur selst til Líbanons og Suður-Ameríku.

Elstu vörubílarnir sem Jötunn Vélar hefur keypt til útflutnings eru frá 1960. Finnbogi á von á að draga muni úr viðskiptunum þegar krónan styrkist á ný.

- óká / sjá Markaðinn

Sinfóníuhljómsveit Íslands:

## Kreppa stöðvar Grammy-fara

**FÓLK** „Það er mjög dýrt að fara þangað og taka þátt í þessu. Við búum ekki við þannig ástand hér að við getum leyft okkur nokkurn munað,“ segir Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Þrátt fyrir að Íslendingar séu tilnefndir til tvennra Grammyverðlauna í ár verður enginn fulltrúi þeirra viðstaddur athöfnina í Los Angeles á sunnudaginn. Annars vegar er Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljómsveitarstjórinn Rumon Gamba tilnefnd fyrir plötuna D´Indy: Orchestral, Vol. 1 og hins vegar er Pacifia-kvartettinn tilnefndur fyrir kammertónlist. „Þetta hleypur á mörgum milljónum,“ segir Þröstur og útskýrir að einungis einn hefði verið sendur á hátíðina ef einhver peningur hefði verið til.

- fb / sjá síðu 22

Hemmi Gunn má ekki eiga fleiri vini og er gáttaður á vinsældunum:

## Sprengir Facebook-skalann

**FÓLK** „Það er alveg sama hversu mikið ég reyni að grisja út, ég fer alltaf upp í þennan kvóta. Ég er með 200 til 300 manns á biðlista,“ segir sjónvarps- og útvarpsmaðurinn Hemmi Gunn. Hann má ekki eiga fleiri vini á Facebook þar sem reglurnar á netvinasamfélaginu leyfa ekki fleiri en fimm þúsund slíka. Hemmi viðurkennir að honum þyki þetta leitt enda vildi hann gjarnan geta boðið öllum að vera vinur sinn.

Einhverjir hafa tekið sig saman og skrifað yfirstjórn Facebook í tvígang og óskað eftir undanþágu fyrir Hemma.

Sjálfur segist hann vera gáttaður á þessum vinsældum. „Þetta byrjaði bara allt með því að ég ætlaði að vera í sambandi við skyldmenni mín í Danmörku og fór þess vegna þarna inn. Svo fór boltinn bara að rúlla og þetta óx og óx,“ útskýrir Hemmi sem veit í raun ekkert hvað hann á til bragðs að taka, því svo virðist sem ekki sé hægt að breyta reglunum.

- fgg / sjá síðu 22





Sumarbæklingur Heimsferða er kominn út

www.heimsferdir.is




Þú leggur línurnar
Létt & laggott!



L&L
– Línurnar í lag!

## SPURNING DAGSINS



*Páll, ætlar þú ekki að leggja niður vopn í kreppunni?*

**„Nei, byssur eru góð fjárfesting enda hafa þær ekkert lækkað í verði.“**

Veiðisafnið á Stokkseyri stendur fyrir hinni árlegu byssusýningu um næstu helgi. Páll Reynisson veiðimaður rekur safnið.

Sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins opnar skrifstofu og hefur störf:

# Réð lykilstarfsmann RLS

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari sem rannsaka mun aðdraganda bankahrunsins hefur þegar ráðið til sín fjóra starfsmenn, þeirra á meðal lykilstarfsmann efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.

Heimildir Fréttablaðsins herma að nokkur óánægja sé innan Ríkislögreglustjóra (RLS) með ráðninguna. Um er að ræða yfirmann þeirra lögreglumanna sem rannsakað hafa efnahagsbrot hjá Ríkislögreglustjóra. Er óttast að brotthvarf hans veiki efnahagsbrotadeildina.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins, segir að alltaf geti komið upp ný verkefni sem krefjist þess að lögreglumenn standi upp frá einu verkefni til að takast á við önnur.



**TIL STARFA** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, vann að því að koma sér fyrir á nýrri skrifstofu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þar komi maður í manns stað. Óvíst er hvort ráða þurfi fleiri starfsmenn, en það verður látið ráðast þegar umfang verksins er ljóst, segir Ólafur.

Engin verkefni eru komin á borð saksóknarans enn, enda nýbúið að opna skrifstofu og tengja síma. Eðlileg starfsemi getur vonandi hafist á morgun segir Ólafur.

„Við erum að byrja á núllinu, það er ekkert sem við getum byggt okkar starfsemi á,“ segir Ólafur.

Hann segir embættið hafa sömu heimildir og lögregla til rannsóknar. Hægt verði að hefja rannsókn í kjölfar kæru, en einnig ef rökstuddur grunur sé um lögbrot. - bj

Bílasala í Bandaríkjunum:

## Salan hrapar í upphafi nýs árs

**BANDARÍKIN, AP** Sölutölur bandaríska bílarisans General Motors hröpuðu um 49 prósent í janúar, samkvæmt tölum sem komu út í gær. Sölutölur Ford höfðu á sama tíma dregist saman um 40 prósent. Heldur minni samdráttur var hjá Toyota, 32 prósent. Minni sala til bílaleigufyrirtækja er talin hafa haft þessi áhrif.

Aðrir framleiðendur standa betur. Annan mánuðinn í röð jókst sala á Subaru, nú um átta prósent. Sala á Hyundai-bílum jókst um fjórtán prósent.

Janúar var fjórði mánuðurinn í röð sem bílasala dróst verulega saman í Bandaríkjunum. - bj



**ALÞINGI** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra heldur stefnuræðu í kvöld.

Þingfundir í dag og kvöld:

## Pallarnir opnir á ný eftir róstur

**ALÞINGI** Kosið verður í nefndir Alþingis og í embætti þingforseta á þingfundi sem hefst klukkan hálftvö í dag.

Fundurinn er fyrsti eiginlegi þingfundurinn í tæpar tvær vikur en á mánudag í síðustu viku var efnt til þingfundar til að tilkynna formlega um slit ríkisstjórnarinnar.

Í kvöld flytur Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra stefnuræðu ríkisstjórnar sinnar og í kjölfarið verða umræður um hana.

Pallar þingsins verða opnir almenningi á ný í dag en aðgangi að þeim var lokað vegna róstursins við þinghúsið í janúar. - bþs

Orkusala til álvers í Helguvík:

## Samþykkt í borgarstjórn

**REYKJAVÍK Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum í gær orkusölusamning Orkuveitu Reykjavíkur til álvers Norðuráls í Helguvík.**

**Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks greiddu samningnum atkvæði sitt, en fulltrúar Vinstri grænna og F-lista voru á móti. Borgarfulltrúar Samfylkingar sátu hjá.**

**Samningurinn kveður á um sölu á 100 megavöttum. Einnig er kveðið á um sölu á 75 megavöttum til viðbótar, nýtist sú orka ekki í Ölfusi fyrir mitt ár 2009. Þá er samið um 75 megavött til mögulegs annars áfanga.** - bj

## STJÓRNSÝSLA

### Settir ráðuneytisstjórar

Ragnhildur Arnljótsdóttir hefur verið settur ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu til 30. apríl, en Bolli Þór Bollason hefur fengið leyfi úr embætti. Þá hefur Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir verið sett ráðuneytisstjóri félags- og tryggingamálaráðuneytis, sem Ragnhildur gegndi.

## ALÞINGI

### Jón Bjarnason skipaður

Jón Bjarnason hefur verið skipaður formaður þingflokks Vinstri grænna. Hann tekur við af Ögmundi Jónassyni sem varð nýlega heilbrigðisráðherra. Flokkurinn mun skipa í þingnefndir í dag.

# Boðar endurskoðun varðandi hvalveiðar

**Sjávarútvegsráðherra hefur sent út viðvörun um að reglugerð um hvalveiðar í atvinnuskyni verði kannski afturkölluð. Akurnesingar boða ráðherra á fund. Þingmaður Samfylkingar segir reglugerðina færa þremur útgerðum kvótann.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra mun endurskoða reglugerð Einars K. Guðfinnssonar um hvalveiðar í atvinnuskyni. Ríkisstjórnin samþykkti í gær að senda formlega viðvörun til þeirra sem tengjast hval- og hrefnuveiðum um hugsanlega afturköllun, eða breytingar, á reglugerðinni.



**KARL V. MATTHÍASSON**



**VILHJÁLMUR BIRGISSON**



**BIRKIR JÓN JÓNSSON**

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir óskiljanlegt láti menn sér detta í hug að afturkalla ákvörðunina. „Við búum við mikið atvinnuleysi og ljóst er að hvalveiðar myndu veita allt að 300 manns atvinnu. Ríkisstjórnin hefur rætt um atvinnuuppbyggingu og ég spyr mig, hvað annað getur hún boðið upp á sem veitir fjölda störf?“ Verkalýðsfélagið og Akranesbær standa fyrir fundi annað kvöld þar sem öllum ráðherrum kjördæmisins verður boðið til umræðna um hvalveiðar, ásamt ráðherrum og hagsmunaaðilum.



**HVALUR 9** Þingmaður Samfylkingarinnar segir reglugerð Einars K. Guðfinnssonar færa hvalveiðikvóta til þriggja útgerða. Nýr sjávarútvegsráðherra boðar afturköllun hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt nýrri könnun, sem Capacent Gallup vann fyrir Sjávarnytjar, styðja tveir þriðju hlutar landsmanna hvalveiðar í atvinnuskyni. Alls sögðust 67,2 prósent mjög eða frekar hlynnt veiðunum. Könnunin var gerð um helgina og var úrtakið 1.597 manns. Svarhlutfall var 60,5 prósent.

Karl V. Matthíasson, varaformaður sjávarútvegsnefndar og þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir reglugerð Einars K. Guðfinnssonar. Hann segir að með henni sé verið að færa hrefnu- og langreyðarkvóta til þriggja útgerða. Einungis tvær útgerðir uppfylli skilyrðin varðandi hrefnuveiðar og ljóst sé að aðeins Hvalur hf. geti fengið langreyðarkvóta. Eðlilegt sé að nýta auðlindir þjóðarinnar, en það verði að gera á jafnréttisgrundvelli.

Birkir Jón Jónsson er varaformaður Framsóknarflokksins, en flokkurinn hefur lýst sig fylgjandi sjálfbærum hvalveiðum. „Ég trúi ekki öðru en að ráðherrann muni hafa samráð í þessu máli eins og svo mörgum öðrum sem ríkisstjórnin þarf að koma í verk.“

kolbeinn@frettabladid.is



**MAHMOUD ABBAS** Forseti Palestínustjórnar hefur verið á fundum í París undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stríðsglæpir Ísraela:

## Palestínustjórn vill rannsókn

**HOLLAND, AP Palestínustjórn hefur viðurkennt lögsögu Alþjóðlega sakadómstólsins í Haag, sem er stríðsglæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna.**

**Með þessu vonast Palestínustjórn til þess að dómstóllinn geti tekið að sér að rannsaka hvort Ísraelsher hafi framið stríðsglæpi í heiftarlegum árásum á Gasasvæðið í byrjun ársins.**

**Dómstóllinn getur aðeins hafið rannsókn að beiðni annaðhvort öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða ríkis, sem á hlut að máli og hefur viðurkennt lögsögu dómstólsins.**

**Ísrael hefur aldrei viðurkennt lögsögu dómstólsins, en óljóst er hvort Palestínustjórn hefur stöðu ríkis samkvæmt stofnsáttmála dómstólsins.** - gb



**OBAMA OG GREGG** Judd Gregg, sem verður viðskiptaráðherra í stjórn Baracks Obama, er þriðji repúblikaninn sem forsetinn skipar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Berst fyrir efnahagspakka:

## Obama tilnefnir repúblikana

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti skýrði í gær frá því að Judd Gregg, öldungadeildarþingmaður og repúblikani, yrði viðskiptaráðherra ríkisstjórnar sinnar. Þetta er þriðji repúblikaninn í ríkisstjórninni, hinir eru þeir Robert Gates varnarmálaráðherra og Ray LaHood samgönguráðherra. Tom Daschle tilkynnti í gær að hann yrði ekki heilbrigðisráðherra vegna mistaka sem hann gerði við skattframtal.

Obama kom fram í sjónvarpsviðtölum í gær til að leggja áherslu á nauðsyn þess að Bandaríkjaþing samþykkti sem fyrst lög um efnahagsráðstafanir upp á nærri 900 milljarða dala. - gb

Skoðanakönnun Fréttastofu Stöðvar 2 um fylgi flokka og stuðning við ríkisstjórn:

# 67 prósent styðja nýja stjórn

**SKOÐANAKÖNNUN** Framsóknarflokkur, Frjálslyndir og Vinstri græn missa fylgi, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttastofu Stöðvar 2, sé miðað við könnun Fréttablaðsins frá 22. janúar.

Samkvæmt könnun Stöðvar 2 er Sjálfstæðisflokkur aftur orðinn stærsti flokkurinn. Nýtur hann 28,7 prósenta fylgi og fengi 19 þingmenn. Samfylking er ekki langt undan með 28,3 prósenta fylgi og fengi einnig 19 þingmenn.

13,5 prósent styðja Framsóknarflokkinn, sem fengi níu þingmenn. 24,6 prósent styðja Vinstri græn og fengi því 16 þingmenn. 2,4 prósent styðja Frjálslynda og 0,5 prósent Íslandshreyfinguna. Hvorugur flokkur fengi mann kjörinn. 1,9 prósent segist myndu kjósa einhvern annan flokk.

67,4 prósent segjast styðja ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna. 32,6 prósent eru henni andvíg. 75 prósent kvenna styðja stjórnina, en 61 prósent karla. Þá nýtur stjórnin stuðnings meirihluta kjósenda allra flokka, nema Sjálfstæðisflokks.

Hringt var í 800 manns og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Styður þú nýja ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna? 78,3 prósent tóku afstöðu. Þá var spurt: Hvaða flokk myndir þú kjósa ef gengið væri til kosninga núna? 51,8 prósent tóku afstöðu. - ss

**Fylgi stjórnmálaflokkanna**

Skoðanakönnun Stöðvar 2 2. feb. 2009 - fjöldi þingmanna og fylgi (%)



# ÚTSÖLULOK

GÖTUMARKAÐSSTEMNING
ALLT AÐ **90%** AFSLÁTTUR




Verslanir opnar mán-mið 11-19,
**fim 11-21**, fös 11-19,
lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## GENGIÐ 03.02.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,43 | 116,99 |
| Sterlingspund | 165,24 | 166,04 |
| Evra | 149,32 | 150,16 |
| Dönsk króna | 20,031 | 20,149 |
| Norsk króna | 16,519 | 16,617 |
| Sænsk króna | 13,893 | 13,975 |
| Japanskt jen | 1,3002 | 1,3078 |
| SDR | 173,58 | 174,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
184,8124

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Væntanlegur forseti Alþingis ætlar að beita sér fyrir frekari sparnaðaraðgerðum á Alþingi:

# Vill aðstoðarmenn þingmanna burt

**ALÞINGI** Guðbjartur Hannesson, sem taka á við embætti forseta Alþingis í dag, telur rétt að leggja af aðstoðarmenn landsbyggðarþingmanna í sparnaðarskyni. Hann segist ætla að beita sér fyrir því að það verði gert á næstunni.

Aðstoðarmönnunum var komið á í mars í fyrra með lagafrumvarpi Sturlu Böðvarssonar, þáverandi þingforseta. Aðstoðarmenn landsbyggðarþingmanna kosta samtals um 32 milljónir króna á ári og hafa meðal annars þingmenn Vinstri grænna, Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks talað fyrir því að þeir yrðu lagðir af.

Formenn stjórnarandstöðuflokka fengu á sama tíma heimild til að ráða sér aðstoðarmann í fullt starf. Guðbjartur segir ekki endilega ástæðu til að breyta því. „Nei, ég held að það veiti nú alls ekki af öflugri stjórnarandstöðu,“ segir hann.

Guðbjartur áréttar að hann sé ekki enn orðinn þingforseti, en segist þó stefna að því að vinna að breytingum á aðstoðarmannakerfinu á næstu mánuðum. Þó þurfi að sjálfsögðu meirihluta fyrir því á þingi. Hann treystir sér ekki til að segja til um hvort svo sé. Þá segist Guðbjartur líklega ekki ætla að beita sér fyrir frekari sparnaði á Alþingi. Þegar hafi verið ráðist í slíkar aðgerðir og enn frekari og róttækari breyting megi vænta á áformuðu stjórnlagaþingi. **- sh**

### REYNSLUMINNSTI FORSETI SÖGUNNAR

Guðbjartur verður sá forseti Alþingis sem minnsta þingreynslu hefur í sögu landsins, að þeim fyrsta undanskildum. Guðbjartur hefur setið á Alþingi frá því í maí árið 2007, eða í um eitt ár og níu mánuði.

Minnsta reynslu hafði eðlilega Bjarni Thorsteinsson, sem varð fyrsti forseti endurreists Alþingis árið 1844. Hann settist fyrst á þing á þeim sama tíma.

Á eftir Guðbjarti koma síðan Björn Jónsson, sem varð forseti sameinaðs Alþingis 1909 eftir þriggja ára þingsetu í tveimur lotum, og Friðjón Skarphéðinsson, sem varð þingforseti árið 1959 eftir þriggja ára samfellda þingsetu.


GUÐBJARTUR HANNESSON



**ATVINNULAUSUM FJÖLGAR** Fólk á leið út úr atvinnumiðlun í Madríd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Spánverjar í kröggum:

## Þrjár milljónir atvinnulausra

**SPÁNN, AP** Á Spáni jókst atvinnuleysi um 6,5 prósent í janúar, sem er mesta aukning í einum mánuði síðan mælingar hófust með núverandi aðferð árið 1996.

Alls eru nú 3,3 milljónir manna atvinnulausar á Spáni, og fjölgaði í hópnum um 199 þúsund í janúar. Allt bendir til þess að stjórnvöld þurfi nú að endurskoða efnahagsspá sína fyrir árið, en áður hafði hún talið að í lok þessa árs myndu atvinnulausir vera orðnir nærri fjórar milljónir.

Mikill uppgangur var í efnahagslífi Spánar undanfarinn áratug, en síðustu tvö ár hefur sigið á ógæfuhliðina vegna hruns í byggingariðnaði. **- gb**

### LEIÐRÉTTING

Ekki er rétt, sem kom fram í frétt blaðsins í gær, að Orkuveita Reykjavíkur hefði tapað á gengisbreytingum frá því að lán var tekið í Þróunarbanka Evrópu og þar til það var afgreitt. Lánið er í íslenskum krónum og því varð ekki gengistap.

# Gjaldþrot blasa við garðyrkjubændum

**Skerðing á niðurgreiðslum vegna dreifingarkostnaðar rafmagns leiðir til 25 prósenta hækkunar á rafmagnskostnaði garðyrkjubænda. Skerðingin getur leitt til gjaldþrota. Verð á íslensku grænmeti mun líklega hækka um 10 til 20 prósent.**

**LANDBÚNAÐUR** Stjórn Sambands garðyrkjubænda óttast að skerðing á niðurgreiðslum ríkisins á dreifingarkostnaði rafmagns leiði til gjaldþrota meðal garðyrkjubænda. Alls byggja tæplega 900 manns lífsafkomu sína á vinnu við garðyrkju auk afleiddra starfa.

„Garðyrkjubændur eru mjög uggandi yfir ástandinu,“ segir Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda. „Þessi skerðing getur hreint út sagt leitt til gjaldþrota og þar af leiðandi aukins atvinnuleysis.“

Bjarni segir að það sé ekki bara þessi skerðing sem valdi bændum áhyggjum heldur einnig sú staðreynd að áburðarkostnaður hafi þrefaldast á einu ári.

„Ég hef þegar óskað eftir fundi með nýjum landbúnaðarráðherra til að fara yfir málin sem og nýrri sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Það þarf að hafa hraðar hendur ef ekki á illa að fara.“

Vegna breytinga á lögum um raforku árið 2005 gerði sambandið samning við ríkið um 95 prósenta niðurgreiðslu á kostnaði við dreifingu rafmagns. Í ályktun stjórnarinnar kemur fram að í lok desember hafi landbúnaðarráðherra ákveðið að skerða niðurgreiðslurnar um 30 prósent, eða úr 95 prósentum í 65 prósent. Sambandið telur að skerðingin verði til þess að hækka rafmagnskostnað garðyrkjubænda um 25 prósent. Þetta hafi afar slæm áhrif enda sé rafmagn annar stærsti útgjaldaliður garðyrkjubænda á eftir launum.

Bjarni segir að kostnaður ríkisins vegna niðurgreiðslnanna hafi numið 100 milljónum árið 2005 en í ár hafi verið gert ráð fyrir að hann myndi nema 210 milljónum. Hann segir hækkunina fyrst og fremst mega rekja til gjaldskrárhækkana Rarik. Á einu ári hafi gjaldskráin hækkað um 27 prósent. Vegna þessarar hækkunar og skerðingar á niðurgreiðslum hafi hlutfall dreifingarkostnaðar hjá garðyrkjubændum hækkað gríðarlega.

Miðað við óbreytt ástand segir Bjarni að bændur þurfi einfaldlega að hækka verð á grænmeti til að forðast gjaldþrot. Blómabændur séu undir sama hatti enda noti þeir einnig mikið rafmagn. Hann segir að á síðasta ári hafi verð á íslensku grænmeti hækkað í takt við verðbólgu en erlent grænmeti hafi hækkað um 50 til 60 prósent vegna falls krónunnar.

Heimildir blaðsins herma að ekki sé ólíklegt að bændur neyðist til að hækka verðið um 10 til 20 prósent til að komast í gegnum þessar þrengingar. Ríflega 40 prósent af öllu grænmeti í verslunum er íslenskt. Í fyrra var flutt inn grænmeti fyrir 1,6 milljarða króna. **trausti@frettabladid.is**


**GRÓÐURHÚS Á SUÐURLANDI** Í desember var vísitöluhækkun samnings um beingreiðslur til framleiðenda tómata, gúrku og papriku skert. Talið er að tekjur bænda skerðist um 2 til 3 prósent vegna þessa.

### GRAFALVARLEGT MÁL

„Það er grafalvarlegt mál ef þeir eru í þannig stöðu að gjaldþrot blasi við,“ segir Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðarráðherra. „Ég reyni að sjálfsögðu að tala við alla sem eiga við mig gild erindi. Ég er ekki vel inni í þessu máli. Þetta er niðurskurður frá tíð fyrri ríkisstjórnar þannig að ég get í raun engu svarað um það fyrirfram hvað hægt er að gera gagnvart óskum eða kröfum garðyrkjubænda. Því miður eru víða miklir erfiðleikar og ríkisstjórnin er í þröngri stöðu eins og fólk veit. En það er sjálfsagt að skoða hvað hægt er gera.“

Ráðgjafarfyrirtæki í Evrópu:

## Kannar viðhorf til Íslands

**UTANRÍKISMÁL** Útflutningsráð og Ferðamálastofa hafa fengið ráðgjafarfyrirtæki til að kanna viðhorf meðal almennings í Bretlandi, Þýskalandi og Danmörku til Íslands. Viðhorf til lands og þjóðar verða skoðuð sem og til íslensks varnings og þjónustu og til landsins sem áfangastaðar fyrir ferðamenn.

„Stöndum við núna frammi fyrir því, þegar landið er nefnt á nafn, að gjaldþrot þjóðar sé það fyrsta sem kemur upp í hugann?“ er spurt í tilkynningu um þetta.

Í apríl á niðurstaðan að liggja fyrir. **- kóþ**

Írösk kona handtekin:

## Fékk konur til sjálfsvígsárása

**ÍRAK, AP Shamira Ahmed Jassim hefur verið handtekin í Írak, grunuð um að hafa fengið meira en 80 konur til að fremja sjálfsvígsárásir og skipulagt 28 slíkar árásir.**


SHAMIRA AHMED JASSIM

**Á blaðamannafundi í Bagdad í gær var sýnd myndbandsupptaka af yfirheyrslu, þar sem hún játaði sekt sína. Hún sagðist hafa sannfært konurnar um að gerast sprengjumenn, fylgt þeim síðan til þjálfunar fyrir uppreisnarmenn og loks náð í þær og fylgt þeim að skotmörkum árásanna.**

**Kvenkyns sjálfsvígsárásarmönnum hefur fjölgað verulega í Írak. Á síðasta ári gerðu 32 konur slíkar árásir, sem heppnuðust þó ekki allar.** **- gb**



Rekstrarvörur
- fyrir stofnanir, fyrirtæki og heimili, sem vilja spara og hagræða!

Lengri opnunartími í verslun RV
Opið mán. til fös. frá 8.00 til 19.00
Laugardaga frá 10.00 til 17.00

Rekstrarvörur
- vinna með þér
RV
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV UNIQUE 0109 03


## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**FROST Á FRÓNI**
Það mun lægja eftir því sem líður á daginn en útlit er fyrir hægviðri um allt land fram að helginni. Áfram verður töluvert frost á landinu og þá sérstaklega norðanlands en horfur eru á að föstudagurinn verði sérlega kaldur.




**Á MORGUN**
Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**FÖSTUDAGUR**
Hæg austlæg eða breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 3° |
| Mallorca | 16° |
| New York | -1° |
| Orlando | 12° |
| Ósló | -2° |
| París | 2° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

OFURDAGUR
BENSÍNORKUNNAR




FÁÐU ÞÉR ÖRSMÁAN LYKIL AÐ MIKLU MEIRI SPARNAÐI

## Í dag er Ofurdagur á Orkustöðvunum

# -5 kr.

**af dæluverði á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla**

DYNAMO REYKJAVÍK

**Fáðu þér lykil að sparnaði**

**Alltaf 2 króna afsláttur**
af dæluverði Bensínorkunnar sem kannanir sýna að er lægra en hjá öðrum aftur og aftur og enn aftur!

Taktu svolítið bleikari afstöðu
– **spáðu í hvað þú sparar!**

**Vertu með og veldu sparnað.** Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum hann um hæl þér að kostnaðarlausu með innbyggðum **2 króna** afslætti og **5 króna** afslætti við fyrstu áfyllingu og á Ofurdögum Bensínorkunnar. **Vertu bleikari og fáðu ódýrara eldsneyti!**

Byrjaðu sparnaðinn á www.**orkan.is**

Á Ofurdögum gilda ekki aðrir afslættir. Viðskiptavinur fær ávallt þann afslátt sem hagstæðastur er hverju sinni.

ORKAN BENSÍN
SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!

**KJÖRKASSINN**



*Átt þú séreignarsparnað sem þú gætir hugsað þér að nota til að greiða niður lán?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,9% |
| Nei | 57,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú fylgjandi því að leggja á hátekjuskatt?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Þriggja ráðherra Vinstri grænna bíður að svara fyrirspurnum frá sjálfum sér:

# Mörg mál VG bíða meðferðar

**STJÓRNMÁL** Þegar þrír ráðherrar VG hófu störf í ráðuneytum sínum biðu þeirra fyrirspurnir frá þeim sjálfum.

Á borði fjármálaráðherra lá fyrirspurn frá Steingrími J. Sigfússyni um þróun álverðs og afkomu Landsvirkjunar, á borði menntamálaráðherra beið fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna og á borði umhverfisráðherra lágu tvær fyrirspurnir frá Kolbrúnu Halldórsdóttur; önnur um lögleiðingu Árósasamningsins og hin um náttúruvernd við Mývatn og Laxá.

Fyrirspurnirnar voru lagðar fyrir þáverandi ráðherra fyrr í vetur. Samkvæmt upplýsingum frá Alþingi er venjan við svona aðstæður að þingmenn afturkalli erindi sín.



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Fjölmargar aðrar fyrirspurnir frá þingmönnum VG bíða svara ráðherra. Í nokkrum tilvikum er það nú í höndum samflokksmanna þeirra að svara og í sumum tilvikum voru þær lagðar fram af þingmönnum sem nú eru orðnir ráðherrar.

Auk þessa bíða 42 þingmál, bæði frumvörp og þingsályktanir, frá VG til meðferðar í þinginu. Sum eru flutt af þingmönnum sem nú eru ráðherrar og falla undir málaflokka sem þeir fara með. **- bþs**

Nýr viðskiptaráðherra:

# Innstæður tryggðar áfram

**EFNAHAGSMÁL** Yfirlýsingar fyrri ríkisstjórnar um að innstæður í innlendum útibúum íslenskra banka séu tryggðar að fullu standa óhaggaðar þrátt fyrir ríkisstjórnarskipti, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Gylfi reiknar með að skipa nýja stjórn Fjármálaeftirlitsins fyrir vikulok. Hann sagði stofnunina starfhæfa þótt stjórn hafi ekki verið skipuð, en stjórnin gegni engu síður mikilvægu hlutverki.

Stærstu verkefni viðskiptaráðherra er enduruppbygging fjármála- og bankakerfisins, sagði Gylfi á fundi með fjölmiðlum í viðskiptaráðuneytinu í gær. **- bj**

Framboðsmál Samfylkingar:

# Árni Páll vill í varafomanninn

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason reið á vaðið og tilkynnti í gær framboð til varaformanns í Samfylkingunni. „Ég býð mig fram … og hlakka til að takast á við þau í framvarðasveit Samfylkingarinnar undir forystu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur,“ segir í yfirlýsingu Árna Páls.

Aðrir sem orðaðir hafa verið við framboð segja það ótímabært að segja af eða á um það, utan Helga Hjörvar og Lúðvíks Bergsveinssonar, sem munu ekki sækjast eftir embættinu. Varaformaður verður valinn á landsfundi. Flokksstjórnarfundur 14. febrúar tekur líklega ákvörðun um hvenær hann verður. **- ss**



**HEIMASÍÐA ÁLFTANESS** Lokað var fyrir spjall eftir óhróðursskrif.

Áskorun frá íbúa á Álftanesi:

# Spjallvefurinn opni að nýju

**STJÓRNSÝSLA Íbúi á Álftanesi skorar á bæjaryfirvöld að opna aftur spjallvef á heimasíðu sveitarfélagsins. Spjallvefnum var lokað í nóvember eftir að eigendur lóðar á Álftanesi kvörtuðu undan nafnlausum níðskrifum. Eins og fram hefur komið er nú talið að höfundur níðsins hafi verið forseti bæjarstjórnar sem í kjölfarið sagði af sér.**

**Sveinn Lýðsson segir að nú þegar málið sé upplýst ætti að opna vefinn aftur. „Hann er nánast eini vettvangur íbúanna til beinna skoðanaskipta,“ segir í bréfi Sveins til bæjarins. - gar**

# Davíð hefur ekki gefið Jóhönnu svar

**Frumvarp um breytingar á Seðlabankanum verður lagt fram á þingi í vikunni. „Að sjálfsögðu styður maður góð mál,“ segir Pétur Blöndal alþingismaður. Forsætisráðherra telur ásættanlegt að semja um tólf mánaða starfslok bankastjóra.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin ætlar að breyta lögum um Seðlabanka Íslands og leggja fram á Alþingi síðar í vikunni. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að reynt verði að semja við seðlabankastjórana um starfslok sem kosti „ekki óheyrilega mikið“. Tólf mánaða starfslok séu ásættanleg enda ekki óalgeng.

„Það er ansi mikið ef bankastjórarnir fara að fullu fram á það sem þeir gætu átt rétt á, það gæti þá verið um 200 milljónir króna. Ég treysti seðlabankastjórunum til að líta ábyrgt á hlutina í því umhverfi sem við búum við og ganga til samninga um eðlileg starfslok,“ segir hún.

Jóhanna kveðst hafa fengið símtal frá Davíð Oddssyni seðlabankastjóra í gærmorgun en hann er staddur erlendis og kemur ekki til landsins fyrr en á föstudag. „Ég fékk ekki af eða á svar um það hvort þeir yrðu við þessari ósk ríkisstjórnarinnar um að víkja.

Mér fannst á honum að hann þyrfti aðeins meiri tíma til að skoða þetta,“ segir Jóhanna og vill ekki segja hver næstu skref verða verði bankastjórarnir ekki við óskinni.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir að ráðning seðlabankastjóra á faglegum forsendum sé í anda Framsóknarflokksins. „Við eigum eftir að sjá frumvarpið en ég tel að það komi frekar jákvæður tónn frá framsóknarmönnum.“

Pétur Blöndal alþingismaður segir að svona fyrirkomulag sé víða. Hann eigi eftir að sjá útfærsluna „en að sjálfsögðu styður maður góð mál hvaðan sem þau koma“. Ekki náðist í seðlabankastjórana í gær.

**ghs@frettabladid.is**



Taldi afsagnir bankastjóra Landsbankans árið 1998 nauðsynlegar:

## AFSAGNIR VORU FORSENDA TRAUSTS

„Ekki er deilt um það í þinginu að þessar afsagnir voru eins og mál voru komin algerlega nauðsynleg forsenda þess að skapa mætti traust og frið um bankann á nýjan leik.“

Þetta sagði Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, í umræðum á Alþingi 15. september 1998 um málefni Landsbanka Íslands.

Skömmu áður höfðu allir þrír bankastjórar bankans, Björgvin Vilmundarson, Halldór Guðbjarnason og Sverrir Hermannsson, sagt af sér embættum. Afsagnirnar komu í kjölfar umræðu í samfélaginu um háan risnukostnað bankans, einkum og sér í lagi vegna tíðra og kostnaðarsamra laxveiðiferða.

Jóhanna Sigurðardóttir, sem þá var stjórnarandstæðingur í þingflokki jafnaðarmanna, hafði ítrekað spurst fyrir um málið í þinginu.

Að lokum fór svo að þrýst var á bankastjórana að segja af sér.

„Þinginu og þjóðinni er núna mikilvægast að friður og traust fái að ríkja um Landsbankann á ný, jafnt inn á við sem út á við,“ sagði Davíð. „Landsbankinn er ein mikilvægasta fjármálastofnun landsins og orðspor okkar út á við og inn á við krefst þess að skapað sé traust og friður um bankann,“ bætti hann við.

Í samræmi við ráðningarsamninga bankastjóranna nutu þeir réttar til launa í átta mánuði eftir starfslok.

Íslenska og norska krónan:

# Myntsamstarf kostur sem þarf að skoða vel

**EFNAHAGSMÁL Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra er áhugasamur um að tengja íslensku krónuna við þá norsku og telur vel koma til greina að skoða það. Myntin sé framtíðarverkefni. „Mér finnst þetta vera valkostur sem við eigum að skoða eins og aðra þegar við greinum möguleika Íslands. Við hljótum að fara yfir alla kosti í stöðunni. Einn þeirra er vissulega þessi,“ segir Steingrímur.**

**Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra sagði í gær að hann teldi myntsamstarf við Norðmenn ólíklega framtíðarlausn fyrir Íslendinga og að samstarfið þyrfti ekki að þýða að hér yrði tekin upp norsk króna. „Það er mjög heilbrigt að ræða við Norðmenn og sjá hvað er í spilunum,“ segir viðskiptaráðherra.**

**Von er á Kristinu Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, á tíu ára afmælishátíð Vinstri grænna um næstu helgi. - ghs / kóþ**

Framvinda verkáætlunar:

# Þjóðin upplýst vikulega

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin mun halda vikulega blaðamannafundi til að upplýsa þjóðina um gang mála og framvindu verkáætlunar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir 15 til 20 þingmál stjórnarinnar þurfa að ná fram að ganga fyrir kosningar og vonast eftir góðu samstarfi við stjórnarandstöðu. Hún segir stjórnarflokkana sammála um að fylgja eftir samkomulaginu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Fulltrúar þeirra séu á leiðinni til landsins og því þyrfti að hafa hraðar hendur við að undirbúa komu þeirra. **- ghs**


MAX1

Skiptum um bremsuklossa strax í dag hjá Max1.
Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel. Og ódýrt einnig.

**Eru bremsurnar búnar?**

**Fáðu fast verð hjá Max1 í dag**
Skoðaðu verðdæmin hér að neðan.
Komdu við hjá Max1 í dag
og fáðu þér kaffi.



**Max1 verðdæmi - bremsuklossaskipti að framan:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Yaris | 1,3 | Árg. 2002-2007 | Varahlutir og vinna: 13.013 kr. |
| Nissan Almera | 1,4 | Árg. 1995-2007 | Varahlutir og vinna: 12.685 kr. |
| VW Golf V Plus | 1,4 16v | Árg. 2005-2007 | Varahlutir og vinna: 14.541 kr. |
| Honda Civic HB | 1,6 16v | Árg. 1991-1995 | Varahlutir og vinna: 14.472 kr. |
| Ford Focus | 1,6 | Árg. 1999-2004 | Varahlutir og vinna: 14.536 kr. |

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt - skoðaðu: www.max1.is*

**Reykjavík:** Bíldshöfða 5a, sími: 5157095 - 5157096
**Reykjavík:** Bíldshöfða 8, sími: 5157097 - 5157098
**Reykjavík:** Jafnaseli 6 (við Sorpu), sími: 5874700
**Akureyri:** Tryggvabraut 5, sími 4622700

MAX1 BÍLAVAKTIN


Von er á vinnumarkaðsaðgerðum frá ríkisstjórninni:

# Útboðum flýtt í vegamálum

**VINNUMARKAÐUR** Fjörutíu prósent, eða tæplega helmingur, fyrirtækja í landinu eru mjög alvarlega stödd og þurfa á aðstoð að halda, að sögn Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra, enda stefnir í tíu prósenta atvinnuleysi í maí. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að á næstunni verði farið yfir stöðu útboðsmála og fyrirhuguðum útboðum hraðað, ekki síst í vegamálum.

Fjármálaráðherra segir von á frumvarpi sem auðveldi fólki að fara í viðhald á húsnæði. Vonandi hafi það jákvæð áhrif í byggingariðnaði og meðal iðnaðarmanna. Félagsíbúðir fari í verulegar framkvæmdir og á næstunni verði kynntar ýmsar vinnumarkaðsaðgerðir tengdar atvinnuleysistryggingasjóði. „Þær miða að því að halda fólki virku,“ segir Jóhanna.

Uppbygging hefur nánast stöðvast í landinu. Forsætisráðherra segir að fyrirtækin veigri sér við fjárfestingum. Endurreisn bankanna skipti miklu máli. Jóhanna telur að skoða þurfi hvernig hægt sé að reisa þá við þannig að þeir geti starfað með eðlilegum hætti. Hún leggur áherslu á aukið gegnsæi í störfum þeirra.



**KYNNTU AÐGERÐIR** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon, fjármála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, kynntu aðgerðir ríkisstjórnarinnar á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum að fara í ýmsar aðgerðir sem gætu örvað fjárfestingu í atvinnulífinu, mannaflsfrek verkefni og ýmis viðhaldsverkefni,“ segir hún. **- ghs**




**- ástvinir lifa í skugga áfalls og góðir vinir styrkja vin til bata**

Happdrætti SÍBS byggir á einstakri hugsjón, við byggjum upp endurhæfingu að Reykjalundi fyrir þúsundir Íslendinga sem fá áfall og þurfa aðstoð til að takast á við lífið á ný.

Byggjum saman á vináttu
– veldu þér vinanúmer núna í síma **552 2150** eða á **sibs.is**.
Í verðlaun færðu möguleika á mörgum milljónavinningum.

**40** milljónir á mánuði 2009

**DRÖGUM Á MORGUN**

**35.271 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1.000 kr.**

MasterCard VISA

HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvaða stjórnmálaflokkur var nefndur næstoftast í fréttum á síðasta ári?*

*2 Hvað heitir eldfjallið sem nú veldur öskufalli í Tókýó?*

*3 Hvaða íslenska körfuknattleikskona er orðin fyrirliði í TCU-háskólaliðinu í Bandaríkjunum?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 22

Íranar skjóta upp gervihnetti og Norður-Kórea undirbýr flugskeytatilraun:

# Byltingarafmæli fagnað í Íran

**ÍRAN, AP** Íranar sendu í gær fyrsta heimagerða gervihnött sinn á braut umhverfis jörðu. Hnötturinn er sendur út í geim í tilefni af 30 ára afmæli byltingarinnar, sem Íranar fagna þessa dagana.

Hnöttinn segjast Íranar ætla að nota til þess að bæta fjarskipti, en á næsta ári vonast þeir til að senda þrjá aðra gervihnetti út í geim.

Ráðamenn á Vesturlöndum hafa sumir hverjir áhyggjur af því að Íranar hafi í hyggju að koma sér upp kjarnorkuvopnum og með því að skjóta upp gervihnettinum afli þeir sér kunnáttu til að skjóta þeim á loft.



**ÍRANSKA ELDFLAUGIN FYRIR FLUGTAK** Gervihnettinum Omid, sem þýðir „von“, var skotið á loft með eldflauginni Safir-2, sem þýðir „sendiherra-2“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íranar neita þessu og segja kjarnorkuvinnslu sína eingöngu eiga að þjóna friðsamlegum tilgangi.

Í gær bárust einnig fréttir af því að Norður-Kóreumenn væru að undirbúa tilraun með að skjóta langdrægu flugskeyti á loft, sem gæti náð allt til vesturstrandar Bandaríkjanna.

Vaxandi spenna hefur verið á Kóreuskaga undanfarna daga. Norður-Kórea hefur lýst því yfir að hún segi upp samningum, sem ætlað var að koma í veg fyrir hernaðarátök milli Norður- og Suður-Kóreu.

Vera má að bæði Norður-Kóreumenn og Íranar vilji með þessu fyrst og fremst vekja athygli Baracks Obama, nýs Bandaríkjaforseta. - gb

Vímuefnaverðkönnun SÁÁ:

## Gras og hass hækkar í verði

**VÍMUEFNI Grammið af hassi hækkar milli mánaða samkvæmt verðkönnun SÁÁ, frá 30. janúar. Grammið fór á 2.400 krónur í desember en kostar nú 2.530 að meðaltali. Það hefur ekki mælst dýrara síðan í febrúar 2004.**

**Grammið af maríjúana, eða grasi, kostar nú 3.300 krónur, miðað við könnunina, og hefur ekki mælst dýrara áður.**

**Amfetamín hækkar einnig og er talið kosta 5.630 krónur.**

**Kókaín lækkar milli mánaða. Í desember kostaði grammið 12.890 en það kostar nú 11.500 krónur. Könnun SÁÁ er byggð á svörum 17 sjúklinga.** - kóþ



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON



LÚÐVÍK BERGVINSSON

Kostnaður við prófkjör:

## Aðeins þrjátíu hafa svarað

**STJÓRNMÁL** Fréttablaðið heldur áfram að inna þingmenn eftir svörum um kostnað og styrktaraðila vegna prófkjara þingmanna. Aðeins þrjátíu þingmenn af sextíu og þremur hafa svarað. Síðan síðustu svör voru birt hafa þeir Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmenn Samfylkingar, svarað.

Heildarútgjöld prófkjörsins hjá Ágústi Ólafi voru 4.576.656 krónur. Hann þáði engin framlög frá fyrirtækjum eða hagsmunaaðilum en fjöldi stuðningsmanna styrkti hann en enginn með meiru en 50 þúsund króna framlagi.

Kostnaður hjá Lúðvík var um þrjár milljónir. Prófskjörsbaráttan var rekin fyrir eigin reikning, auk framlaga fjölskyldunnar, skyldmenna og vina. Um önnur framlög var ekki að ræða, segir Lúðvík. - jse

**SKAGAFJÖRÐUR**

### Engir styrkir í menningu

Skagafjörður mun ekki veita styrki til menningarmála á árinu 2009, að því er segir á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem aðilar í menningarlífi eru í staðinn hvattir til að sækja um styrki til Menningarráðs Norðurlands vestra.

# Svömluðu í ísköldu vatninu

**Töltsýning á Reykjavíkurtjörn hlaut óþyrmilega skjótan endi þegar ís gaf sig undan fjölda hesta og knöpum. „Hestarnir voru náttúrlega að berjast fyrir lífi sínu,“ segir Sigurbjörn Bárðarson hestamaður.**

**SLYS** Á annan tug hesta og knapa féllu niður um ís á Reykjavíkurtjörn eftir hádegi í gær. Þar stóð yfir töltsýning til kynningar á Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum. Ekki er vitað til þess að hestar eða knapar hafi hlotið skaða af, en hestarnir þurftu margir að berjast fyrir lífi sínu þar sem þeir svömluðu um í ísköldu vatninu.

„Þetta var svakalegt,“ segir knapinn Sigurbjörn Bárðarson sem reið í broddi breiðfylkingarinnar sem sökk í heild sinni í vatnið þegar ísinn brast.

Ringulreið og örvilnun greip strax um sig á tjarnarbakkanum. „Hestarnir voru náttúrlega að berjast fyrir lífi sínu og það var stórmál að koma þeim aftur upp á ísinn því að þeir þurfa að hafa sig upp á ísinn aftur til að ná lífsbjörg,“ segir Sigurbjörn. „Þetta rétt bjargaðist fyrir horn. Þeir voru við það að verða örmagna,“ segir hann.

Sigurbjörn átti síst von á því að ísinn gæfi sig. „Það var búið að mæla þetta og marka okkur braut og við bara treystum því að þetta væri í lagi,“ segir hann. Líkt og aðrir hestar fór hestur Sigurbjörns, Ísak, í hitalampa og heitt bað eftir áfallið. „Það er svo mikil hætta á ofkælingu. Þá missa þeir mátt og lyst og bara „geim óver“.“

Ein af hetjum dagsins var Fjölnir Þorgeirsson, sem var á staðnum sem blaðamaður Hestafrétta. Honum þóttu fyrstu björgunaraðgerðir einkennast af heldur miklu óðagoti og stökk því út í vatnið og tók stjórnina. Hann lét hestana stíga einn í einu á lærið á sér til að ná viðspyrnu, en það var erfitt á leirbotni tjarnarinnar, ýtti á eftir þeim og lét toga þá upp á bakkann.

stigur@frettabladid.is



**BRIGÐULL ÍS** Búið var að marka fylkingunni braut sem talin var örugg. Þrátt fyrir það brast ísinn undan þunganum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**OG TOGA!** Fjölnir Þorgeirsson lét hestana stíga á lærið á sér til að ná viðspyrnu. Þeir voru sumir hverjir við það að gefast upp. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**TIL VARNAR OFKÆLINGU** Hestarnir voru allir látnir ylja sér við hitalampa að loknu volkinu í tjörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


GERÐUBERG Menningarmiðstöð



4. febrúar kl. 20
**Handverkskaffi / Öskudagsbúningar**
Selma Ragnarsdóttir kjóla- og klæðskerameistari, kemur ykkur af stað með hugmyndum að heimatilbúnum öskudagsbúningum



5. febrúar kl. 12:15
**Klassík í hádeginu**
Áshildur Haraldsdóttir, flauta, Gunnar Kvaran, selló og Nína Margrét Grímsdóttir, píanó



4. febrúar kl. 20
**Kvæðamannafélagið Iðunn**
Kvæðalagaæfing
Félagssfundur 6. febrúar kl. 20 Allir velkomnir



**Ráðstefnusalir og fundaherbergi**
Í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir ráðstefnur, fundi, námskeið og veislur. Salir og fundarherbergi fyrir 8-120 manns. Fjölbreyttur tækjabúnaður er til staðar

**Sýningar:**
EFRI HÆÐ: Heyrðist eins og harpan væri að gráta
NEÐRI HÆÐ: Þetta vilja börnin sjá
BOGINN: Úr högum og heimahögum

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11-17 og um helgar frá 13-16
Leiðsögn fyrir hópa. Netfang: gerduberg@reykjavik.is s. 575 7700

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | www.gerduberg.is


Viðskiptaráðherra segir hugmyndir um greiðsluaðlögun ekki endilega dýrar:

# Fyrst og fremst frestun greiðslu

**EFNAHAGSMÁL** „Enginn sérstakur aukakostnaður fylgir því að viðurkenna að menn standa fyrir orðnum hlut,“ segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Hann var spurður hvernig ætti að greiða kostnað við að fella niður skuldir, sem er ein hugmynd sem rætt hefur verið um í tengslum við væntanlegt lagafrumvarp um greiðsluaðlögun einstaklinga.

„Ef felldar eru niður einhverjar skuldir eða afskrifaðar, þá er það ekki gert nema enginn annar valkostur sé í stöðunni. Þá eru það tapaðar kröfur sem verða aldrei greiddar,“ segir hann.

Með greiðsluaðlögun sé þó ekki endilega verið að tala um niðurfellingu skulda sem slíka, heldur fyrst og fremst frestun afborgana, sem kosti ekki mikið.

„Þar er líka verið að horfast í augu við orðinn hlut því í þessari niðursveiflu lenda margir í að eiga erfitt með að standa í skilum um tíma, en svo eru líkur á að þeir geti greitt þegar róast og þeir fá vinnu aftur – ég tala ekki um ef gengið styrkist,“ segir Gylfi.

Greiðsluaðlögun geti komið í veg fyrir óþarfa kostnað með því að hindra að gengið sé að skuldurum og eignir þeirra seldar þannig að lítið komi upp í fyrir kröfuhafa.



**GYLFI MAGNÚSSON** Segir lítinn kostnað fylgja því að viðurkenna að sumar skuldir verði einfaldlega ekki greiddar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ráðherra segir í vinnslu hvernig tekið verði á myntkörfulánum. - kóþ


SÍÐUSTU
DAGAR
ÚTSÖLU REKKJUNNAR!
20-60%
AFSLÁTTUR!
Þrýstijöfnunar-svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ
99.300 kr.
RÚMSTÆÐI MEÐ LATEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR
COMODO
Svefnsófi
Verð áður 398.950 kr.
KOSTAR NÚ
279.265 kr.
SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
3.710 kr.
FJÖLSTILLANLEG HEILSURÚM
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
38.000 kr.
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 155.455 kr.
KOSTAR NÚ FRÁ
89.900 kr.
HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
5.530 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórn með jafnri skipan kynja hefur tekið við völdum.

# Áfangi í átt til jafnréttis kynja

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Sú ríkisstjórn sem tók við völdum á sunnudaginn markar að ýmsu leyti tímamót. Út frá kynjasjónarmiði er skipan hennar í það minnsta merkileg og með henni er brotið blað.

Ekki aðeins situr kona á stóli forsætisráðherra í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins sem vitanlega er merkur áfangi. Hitt er einnig mikils um vert að ríkisstjórnin er skipuð konum og körlum að jöfnu. Lagt var upp með slíka skipan að leiðarljósi, að hvor flokkur um sig hefði kynjajafnvægi í ráðherrahópi sínum, og eiga Samfylking og Vinstrihreyfingin grænt framboð lof skilið fyrir að hafa haft kynjasjónarmið meðal þeirra sem úrslitum réðu við val á ráðherraefnum.

Það sjónarmið heyrist oft að einu gildi af hvoru kyni ráðherra sé svo framarlega sem hann standi sig í stykkinu. Rétt er að lykilatriði er að ráðherra sé starfi sínu vaxinn og gegni embættinu af trúmennsku. Mikilvægi þess að sjónarmið beggja kynja séu uppi þar sem ákvarðanir sem geta skipt sköpum fyrir framtíð þjóðarinnar eru teknar má þó aldrei vanmeta.

Fram undan er skipan á framboðslista fyrir alþingiskosningarnar í apríl. Óskandi er að íslenskir stjórnmálaflokkar og hreyfingar sem kunna að bjóða fram hafi þroska til að skipa á lista sína með sama hætti og Samfylkingin og Vinstrihreyfingin grænt framboð hafa skipað í embætti ráðherra. Þá er ekki bara átt við að kynjahlutfall sé jafnt á listunum heldur að það sé sem jafnast í hópi þeirra sem leiða listana og skipa næstu sæti þar á eftir.

Niðurstöður síðustu alþingiskosninga voru þeim sem láta sig jafnrétti kynjanna varða nokkurt áfall vegna þess að þær skiluðu lakara hlutfalla kvenna inn á þing en kosningarnar þar á undan. Áberandi var þó hversu algengt var að kona skipaði þá sæti fyrsta varaþingmanns. Kynjahlutfallið á þingi hefur enda jafnast nokkuð eftir að þynnast tók í röðunum og þingmönnum neðar af listum fjölgaði.

Íslendingar af báðum kynjum hljóta að gera þá kröfu til þeirra flokka og stjórnmálaafla sem fram bjóða að óháð því hvaða listi sé kosinn séu allar líkur með því að kynjahlutfall á næsta þingi verði sem næst því að vera jafnt.

Þjóðin hefur alltaf verið stolt af því að hafa fyrst þjóða kosið konu í embætti forseta. Nú getur hún einnig verið stolt af því að kona er orðin forsætisráðherra í fyrsta sinn og að jafnvægi sé milli kynja í ríkisstjórn. Vonandi getur þjóðin svo orðið stolt af því eftir næstu kosningar að hafa átt þess kost að kjósa til þings jafnmargar konur og karla.

Hvað sem öðru líður gefur ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs fyrirheit um það sem koma skal á 21. öldinni; þjóðfélag þar sem sjónarmið beggja kynja eru til jafns uppi á borðum við ákvarðanatöku. Þó ekki sé nema af þeirri ástæðu ber að fagna þessari nýju ríkisstjórn um leið og henni er óskað velfarnaðar í þeim erfiðu verkefnum sem bíða hennar á næstu mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### En hvað um Jónmund?

Bjarni Benediktsson alþingismaður var gestur á fundi Sjálfstæðisfélagsins á Seltjarnarnesi í síðustu viku. Flutti Bjarni skýrslu af störfum sínum og ríkisstjórnar Geirs H. Haarde og spáði í stjórnmálaástandið. Gert var kaffihlé á fundinum og ræddu þá sjálfstæðismenn á Nesinu sín í millum að skrýtið væri að bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi, Jónmundur Guðmarsson, væri ekki nefndur sem hugsanlegur forystumaður í Sjálfstæðisflokknum, hann hefði jú allt til brunns að bera. Undir stjórn Jónmundar hafi Seltjarnarnesbær verið rekinn án halla og mikil ánægja hafi verið með þjónustu bæjarins í skoðanakönnunum.



Þessi hugmynd var að vísu ekki kynnt fyrir Bjarna Benediktssyni á fundinum en Jónmundi hefur vafalaust hlýnað um hjartarætur þegar hann frétti af stuðningi sinna manna á fundinum. Í framhaldinu hlýtur hann að meta stöðu sína.

### Norska krónan

Þau tíðindi urðu í gær að fjármálaráðherra Noregs kvaðst vera opinn fyrir hugmyndum um myntsamstarf við Ísland. Færi svo að Ísland tæki upp norska krónu væri það óneitanlega merkileg staðreynd að það gerðist ekki fyrr en eftir að Geir Haarde, Siv Friðleifsdóttur og Valgerður Sverrisdóttir hurfu úr ríkisstjórn. Geir og Siv eru sem kunnugt er hálfnorsk en Valgerður er gift Norðmanni. Þau geta þá að minnsta kosti sagt okkur hinum hvaða fólk þetta er á seðlunum.



### Merkisatburðir

Tilkynnt hefur verið að alþingiskosningar fari fram 25. apríl næstkomandi. Meðal þess sem hent hefur á þeim degi má nefna að árið 1915 fórust tveir í eldsvoða þegar Hótel Reykjavík og ellefu önnur hús í miðborginni brunnu; fyrsta íslenska óperettan, *Í álögum*, var frumsýnd í Iðnó árið 1944; Jökull Jakobsson rithöfundur lést árið 1978 og bifreið var ekið á Hvannadalshnúk í fyrsta sinn.

bergsteinn@frettabladid.is

# Stóri bróðir enn á kreiki



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Njósnir

Frjálshyggjan hefur ýmsar ásjónur og sumar kannske óvæntar. Frá ómunatíð hafa yfirvöld reynt að njósna sem vendilegast um þegna sína, sett á stofn leyniþjónustur og ráðið til þeirra menn með spæjarahæfileika. Hafa sumir fræðimenn fyrir satt að frá þeim sem voru kallaðir „agentes in rebus“ í rómverska keisaradæminu til KGB í ríki rauðu keisaranna hafi legið beinn þráður og snurðulaus, en að sjálfsögðu teygir hann sig mun lengur. Í Frakklandi voru leynilögreglumenn kenndir við „rykfrakka“ og sagt að þeir þekktust á því. En nú þegar þarf að draga úr öllum ríkisafskiptum og einkavæða alla skapaða hluti, er ekki nema eðlilegt að njósnir verði líka einkavæddar og boðnar út.

Þetta uppgötvuðu franskir kennarar fyrir nokkru, þegar þeir voru einu sinni sem oftar að lesa Lögbirtingablaðið, því þeir rýna nú gjarnan í þetta tímarit til þess, eins og segir í alkunnu frönsku máltæki, „að vita í hvers konar sósu þeir verði étnir“. Þar gat nefnilega að líta að nú væri verið að bjóða út tvenns konar njósnastarfsemi, annars vegar um almenna kennara en hina um háskólakennara og fræðimenn, og fylgdi útboðinu að sjálfsögðu mjög ítarleg verklýsing. Hún var reyndar hin sama fyrir hvora starfsemina fyrir sig, en verðsmatið var hins vegar mismunandi: gert var ráð fyrir hundrað þúsund evrum á ári fyrir að njósna um kennara en hundrað og tuttugu þúsund fyrir að njósna um háskóla- og fræðimenn. Sýnir þetta að háskólar eru enn í nokkrum metum í Frakklandi, hvað sem hver segir.

Verklýsingin var mjög nákvæm. Starf þessara njósnara var ekki aðeins í því fólgið að fylgjast með heimasíðum stjórnmálaflokka, stéttarfélaga, samtaka af ýmsu tagi, baráttusamtaka, félaga áhugamanna um ýmis málefni og annarra, svo og „þeirra sem hafa áhrif á skoðanir“, heldur áttu þeir líka að rýna í „blogg“ og persónulegar síður einstaklinga, svo ekki sé minnst á alls kyns undirskriftalista og mótmælaskrár sem kynnu að vera í umferð á netinu. Það gleymdist vitanlega ekki að nefna myndefni af öllu tagi. Lögð var áhersla á nauðsyn þess að skoða grannt hvernig eitthvað gæti borist frá einni síðu eða „bloggi“ til annars, tengsl myndast og þar fram eftir götunum.

Þessu fylgdi svo að sjálfsögðu listi yfir allt það sem átti að grandskoða á þessum síðum, „bloggum“ o.s.frv. Fyrst og fremst átti að hafa upp á hverjum þeim sem hefði áhrif á skoðanir annarra, sem sé öllum hugsanlegum „leiðtogum“ og þeim sem birtu upplýsingar, og athuga hvaða tengsl kynnu að skapast milli þeirra. Jafnframt átti að finna uppruna þeirra orðræðna sem færu fram á netinu og kanna nákvæmlega hvernig þær breiddust út, og finna „þýðingarmiklar upplýsingar“, einkum og sér í lagi „veik merki“ (hvað sem það á að þýða). Svo var nauðsynlegt að koma tölum yfir þetta allt, telja hve margir heimsóttu „bloggsíður“, hve margir bættu við hugleiðingum frá eigin brjósti o.s.frv. En markmiðið með þessu öllu var svo að tengja þessar upplýsingar saman, túlka þær, skilgreina helstu rökin sem kæmu fram á öllum þessum netsíðum, og síðast en ekki síst „meta hættuna af smiti og kreppu“.

Naumast þarf að taka fram að kennarar sáu rautt þegar þeir lásu þetta. Í sumum skólum voru þessar síður í Lögbirtingarblaðinu ljósritaðar og hengdar upp á vegg í kennarastofum. Blaðamaður við blaðið „Libération“ hafði samband við talsmann fyrirtækis eins sem hafði unnið störf af slíku tagi, en hann vildi sem minnst úr þessu gera og virtist einna helst líta á þetta sem e.k. málvísindalegar rannsóknir. Kennarar voru hins vegar á öðru máli, þeir litu á þetta sem upphaf á einhvers konar skoðanaofsóknum, og nefndu dæmi um að kennari hefði þegar verið tekinn á beinið fyrir eitthvað sem hann átti að hafa sagt á sinni prívatsíðu. „Libération“ hafði líka sem fyrirsögn: „Big Darcos (en það er menntamálaráðherrann) is watching you“.

En annað gramdist kennurum líka: að það skyldi vera hægt að snara svona út, eins og ekkert væri, tvö hundruð og tuttugu þúsund evrum, þegar það eitt er nú á dagskrá að spara sem allra mest á öllum sviðum skólakerfisins. Á þessu skólaári hafa ellefu þúsund kennarastöður verið lagðar niður við franska skóla, boðað er að þrettán þúsund stöður verði lagðar niður næsta haust, og þannig áfram. Þessar tvö hundruð og tuttugu þúsund evrur hefði auðveldlega verið hægt að spara líka, sögðu kennarar, það hefði verið hægðarleikur fyrir menntamálaráðherra að komast að því hvað þeir hugsuðu og vildu, hverjar væru skoðanir þeirra, kröfur og annað, ef hann hefði þegið þau boð sem honum hafa þráfaldlega verið send – nú síðast eftir eins dags kennaraverkfall – um að koma á þeirra fund, ræða við þá og hlusta á þá. En það hefur hann aldrei viljað gera.

# Á leið til Evrópu

**UMRÆÐAN**

Árni Páll Árnason skrifar um Evrópumál



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Í nýrri verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna eru tekin mikilvæg skref í átt til aðildar að Evrópusambandinu. Breytingar verða gerðar á stjórnarskrá sem gera kleift að breyta stjórnarskránni með sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu. Með því er aflétt þeirri hindrun sem stjórnarskrá setur í veg aðildarferlisins að óbreyttu, þar sem þörf er á samþykki tveggja þinga með kosningum á milli til að stjórnarskrá verði breytt.

Þegar þessar breytingar verða gengnar í gegn mun unnt að breyta stjórnarskránni til samræmis við aðild að Evrópusambandinu í sömu þjóðaratkvæðagreiðslu og fara mun fram um aðildarsamninginn sjálfan.

Hér er því tryggt að af aðild geti orðið fljótlega á næsta kjörtímabili ef vilji ríkisstjórnar stendur til aðildar. Samfylkingin mun leggja höfuðáherslu á aðild að Evrópusambandinu í kosningabaráttu næstu mánaða, enda þar um að ræða brýnasta hagsmunamál íslensks almennings jafnt í bráð og lengd.

Þessi niðurstaða í verkefnaskránni er sérstakt fagnaðarefni, enda leit að óbreyttu út fyrir að þessir vankantar á stjórnarskránni gætu tafið aðildarferlið út næsta kjörtímabil. Það er einnig vert að hafa í huga að VG er samkvæm sjálfum sér, enda hefur af hálfu forystumanna VG verið lögð höfuðáhersla á að þjóðin eigi að hafa lokaorð um það hvort af aðild að Evrópusambandinu verði og að ekki eigi að leggja ómálefnalegar hindranir eða vegartálma í þá leið. Sú málefnalega afstaða er hróss verð.

Sjálfstæðisflokkurinn stendur eftir sem nátttröll í Evrópuumræðunni. Flokkurinn er ófær um stefnumörkun og líður fyrir innbyrðis ósætti milli þjóðrembumanna í heimastjórnararminum og hinnar víðsýnni en valdalitlu miðju í flokknum. Samfylkingin hefur reynt að reka þennan marghöfða þurs til verka í Evrópumálum á undanförnum mánuðum, en þar hefur lítið miðað.

Íslensk fyrirtæki og heimili búa við óvissu og erfiðleika, sem verða erfiðari því lengur sem aðildarumsókn að Evrópusambandinu tefst. Það er þjóðarnauðsyn að ná víðtækri samstöðu um aðildarumsókn strax að loknum kosningum.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




# ÁRANGURSRÍKT TÆKNINÁM NTV

## MEÐ ALÞJÓÐLEGUM PRÓFGRÁÐUM

### *Kerfisumsjón* - 180 stundir - Verð: 224.000.-

[*Tölvuviðgerðir ásamt MCTS og Network+*]

Námið byrjar á Tölvuviðgerðum og lýkur á MCTS og Network+ (Lýsing hér til hægri). Þessi námskeið styðja hvort við annað og veita nemendum hæfni til að hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum.

Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. mars |

### *Kerfisstjórinn* - 330 / 396 stundir - Verð: 507.000.- / 538.000.-

[*Tölvuviðgerðir, MCTS og Network+ og MCITP*]

Kerfisstjórinn er viðamikið nám sem samanstendur af þeim þremur námskeiðum sem lýst er hér hægra megin. Þetta nám er fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem fullgildir kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

| Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. mars |

### *Tölvuviðgerðir* - 72 stundir - Verð: 110.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sér útbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 16. febrúar | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. mars |

### *MCTS og Network+* - 108 stundir - Verð: 139.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows Vista stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 16. mars | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. febrúar og 22. apríl |

### *MCITP* (*áður MCSA*) - 216 / 150 stundir - Verð: 349.000.- / 314.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau fjögur alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Sertified Server Administrator.

4 alþjóðleg próf innifalin: „Micrsoft Certified Server Administrator"

| Morgunnámskeið byrjar 3. mars | Helgarnámskeið byrjar 14. febrúar |

| Eftirmiðdagsnámskeið byrjar 2. mars |

* Þarf að sækja um hjá ráðgjafa vinnumálastofnunnar

Upplýsingar og skráning: **544 4500 / www.ntv.is**

ntv

**NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN** - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Þórisson**

Háeyrarvöllum 6, Eyrarbakka,

verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 7. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Þuríður Sigurbjörg Tómasdóttir**

| | |
|---|---|
| **Guðríður Kristjánsdóttir** | **Þröstur Bjarnason** |
| **Þórir Kristjánsson** | **Þórey Gylfadóttir** |
| **Tómas Kristjánsson** | **Sigrún Guðmundsdóttir** |
| **Guðfinna Kristjánsdóttir** | **Snorri G. Sigurðarson** |
| **Sigríður Kristjánsdóttir** | **Guðmundur M. Hermannsson** |

**og barnabörn.**



†

*Systir okkar, mágkona og frænka,*

**María Jóhannsdóttir**

frá Háagerði, Eyjafjarðarsveit,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 29. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 9. febrúar kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| **Benedikt Jóhannsson** | |
| **Aðalsteinn Jóhannsson** | **Guðbjörg Stefánsdóttir** |
| **Guðrún Jóhannsdóttir** | |
| **Freygerður Geirsdóttir** | **Örn Hansen** |



†

*Frændi okkar,*

**Ingimar Friðgeirsson**

frá Þóroddsstað,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 25. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju í dag, miðvikudag, kl. 13.30.

**Helga Eiðsdóttir**
**Kolbrún Friðgeirsdóttir**
**Ingimar Árnason**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Valur Kristjánsson**

rafvirki, Ásvallagötu 19, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 1. febrúar á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju mánudaginn 9. febrúar kl. 13.00.

**Guðríður Júlíusdóttir**

| | |
|---|---|
| **Júlíus Valsson** | **Elinóra Inga Sigurðardóttir** |
| **Sigríður Valsdóttir** | **Guðmundur Jón Elíasson** |
| **Kristján Valsson** | **Ástríður Helga Ingólfsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar G. Guðjónsson**

Háaleitisbraut 14,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 28. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

**Guðbjörg Vallý Magnúsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ragnar Óskarsson** | **Jóhanna Njálsdóttir** |
| **Guðjón Grétar Óskarsson** | **Inga Grímsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Pétur Hafsteinn Björnsson**

vélstjóri, frá Tjarnarkoti, Sandgerði, áður Suðurgötu 26, Sandgerði,

verður jarðsunginn frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði föstudaginn 6. febrúar kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Björn Kristjánsson** | |
| **Sveindís Þ. Pétursdóttir** | **Ágúst Einarsson** |
| **Sigurður R. Pétursson** | **Guðný E. Magnúsdóttir** |
| **Jóhanna S. Pétursdóttir** | **Níels Karlsson** |
| **Anna Mary Pétursdóttir** | **Guðmundur J. Knútsson** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,*

**Hulda Stefánsdóttir**

lést á Sjúkrahúsi Siglufjarðar laugardaginn 31. janúar. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 7. febrúar kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Hrafnhildur Stefánsdóttir** | **Birgir Björnsson** |
| **Álfhildur Stefánsdóttir** | **Marteinn Haraldsson** |
| **Stefán Páll Stefánsson** | **Ingibjörg Oddsdóttir** |
| **Guðrún Stefánsdóttir** | **Theodór Júlíusson** |
| **Hilmar Jón Stefánsson** | **Sigríður Þórarinsdóttir** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Vilborg Sigurðardóttir**

ljósmóðir, Miðtúni, Grímsey,

andaðist á fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri aðfaranótt mánudagsins 2. febrúar. Jarðarför auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Bjarni Magnússon** | |
| **Siggerður Hulda Bjarnadóttir** | **Ólafur Árnason** |
| **Sigurður Ingi Bjarnason** | **Steinunn Stefánsdóttir** |
| **Kristjana Bára Bjarnadóttir** | **Grétar Erlendsson** |
| **Magnús Þór Bjarnason** | **Anna María Sigvaldadóttir** |
| **Bryndís Anna Bjarnadóttir** | **Jón Andri Finnsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Sveinsdóttir**

Múlasíðu 24, Akureyri,

sem lést á heimili sínu þriðjudaginn 27. janúar, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 6. febrúar kl. 13.30. Blóm og kransar eru afþakkaðir. Þeir sem vilja minnast hennar er bent á heimahlynninguna á Akureyri.

**Júlíus Björgvinsson**

| | |
|---|---|
| **Anna Óðinsdóttir** | **Hafsteinn Hinriksson** |
| **Rúnar Júlíusson** | **Olga Sigurðardóttir** |
| **Aníta Júlíusdóttir** | **Hjalti Gestsson** |
| **Gréta Júlíusdóttir** | **Tómas Karl Karlsson** |
| **Viðar Júlíusson** | **Margrét Ösp Stefánsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Stefánsson**

Skessugili 12, Akureyri,

lést föstudaginn 30. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 10. febrúar kl. 13.30.

**Ásta Hallvarðsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Sigríður Halla Jónsdóttir** | **Klæmint Klein** |
| **Ragnheiður Jónsdóttir** | **Gunnar Magnússon** |
| **Sonja Rut Jónsdóttir** | **Kjartan Smári Stefánsson** |
| **Stefán Einar Jónsson** | **Steinunn Sævaldsdóttir** |
| **Jóna Brynja Jónsdóttir** | **Tómas Veigar Sigurðarson** |

**afa- og langafabörn.**

**ROSA PARKS FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1913**



*„Hver einstaklingur verður að lifa lífi sínu sem fyrirmynd annarra."*

***Blökkukonan Rosa Parks varð áberandi í réttindabaráttu svartra í Bandaríkjunum á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar eftir að hún neitaði að standa upp fyrir hvítum manni í strætó.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÓLI GNEISTI SÓLEYJARSON** Óli Gneisti ætlar að gæða sér á góðum mat í rólegheitum heima hjá sér í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÓLI GNEISTI SÓLEYJARSON ÞRÍTUGUR

# Allt lífið er fram undan

Óli Gneisti Sóleyjarson, lagabókavörður og formaður félagsins Vantrúar, ætlar að slaka á og gæða sér á pitsu á afmælisdaginn sinn. „Svo ætla ég að halda upp á afmælið um helgina og bjóða heim til mín nokkrum vinum," segir Óli sem er bjartsýnn á framtíðina. „Mér fannst ég vera miklu eldri þegar ég varð tvítugur, þá upplifði ég þetta eins og lífið væri að verða búið," segir Óli Gneisti kíminn en nú er annað hljóð í strokknum. Nú er hann að skrifa meistararitgerð og á von á barni í sumar. „Nú er allt lífið fram undan," segi Óli Gneisti glaður í bragði.

Inntur eftir minnisstæðum afmælum segir Óli Gneisti frá afmælinu sínu í fyrra. „Það var minnisstætt fyrir að vera illa heppnað. Ég ákvað að fara á bíó og myndin var leiðinleg, var á leiðinni á veitingastað og púströrið datt undan bílnum, þegar ég komst á veitingastaðinn var maturinn vondur," segir Óli Gneisti og bætir glettinn við að afmælið í ár geti því varla orðið annað en betra í samanburði.

Óli Gneisti hefur líkt og flestir aðrir Íslendingar skoðun á því sem á undan hefur gengið í þjóðfélaginu. Hann segist þó ekki hafa haft sig mikið í frammi í mótmælunum en lenti þó í heldur óheppilegu atviki þegar hann fékk piparúða í augun fyrir hálfum mánuði. „Ég fór þarna eitt kvöldið með vídeóvélina mína að reyna að ná mynd af því sem var að gerast og fékk þá skyndilega piparúða í augun. Ég sá aldrei þann sem sprautaði," segir Óli og leggur áherslu á að hann sé friðsamlegur mótmælandi. „Sama kvöld var mér rétt egg sem ég skilaði enda hafði ég ekki hug á því að grýta hús eða lögreglumenn," segir Óli Gneisti sem er þó ekki mjög svekktur út í lögregluna. „Maður veit að þetta er erfitt starf og kannski var fólk pirrað á þessum tímapunkti en hins vegar var óásættanlegt að ég þyrfti að verða fyrir þessu fyrir engar sakir," segir Óli Gneisti og vill að lögreglan skoði sín mál.

**solveig@frettabladid.is**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Sesselju Guðjónsdóttur**

áður Lyngheiði 9, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Sólvöllum á Eyrarbakka og hjúkrunarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal.

| | |
|---|---|
| **Bragi Bjarnason** | **Sigrún Ásgeirsdóttir** |
| **Halldóra M. Bjarnadóttir** | |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 4. febrúar 2009 – 5. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



...við prentum!
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



**Krónan**
Styrking ólíkleg í bráð

2

**World Economic Forum**
Lítill árangur í Davos

4-5

**Þóra Helgadóttir**
Hversu djúp, hversu löng?

6


## Fundið fé í útflutningi gamalla trukka

### Veik króna hefur ýtt undir útflutning véla og tækja, nýrra sem gamalla. Vörubílar fara til Íraks, Líbanons og Beníns.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Útflutningur notaðra vinnuvéla hefur stóraukist vegna veikingar krónunnar. Gamlir trukkar sem áður fengust fyrir þrjú til fjögur hundruð þúsund krónur hafa síðan í haust skilað eigendum sínum nú sex til átta hundruð þúsund krónum í söluhagnað.

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri Jötunn Véla á Selfossi, segir fyrirtækið í samstarfi við erlenda kaupendur, en útflutninginn skiptist í raun í tvennt. Vörubílar séu einna helst sendir til Íraks, Líbanons og Benín í Afríku. „Síðan höfum við verið að kaupa aðeins af traktorsgröfum og öðrum vinnuvélum. Þær hafa mest farið til Evrópu, þótt eitthvað hafi líka selst til Líbanon og til Suður-Ameríku. Hvað hinn hlutinn varðar, sem snýr að landbúnaðinum, þá höfum við mest verið að selja dráttarvélar til Póllands og eitthvað til Danmerkur.“

Vélarnar segir Finnbogi að fyrirtækið kaupi af viðskiptavinum fyrirtækisins, bændum og minni verktökum og flytji svo úr landi. „Við byrjuðum fyrir um þremur árum á þessum útflutningi dráttarvéla til Austur-Evrópu,“ segir Finnbogi en fyrirtækið er jafnframt með starfsemi á tveimur stöðum í Danmörku. „Svo þegar tók að hægjast í þjóðfélaginu hér jókst áherslan á þennan þátt starfseminnar.“

Finnbogi bendir á að fyrir þessum þremur árum hafi 4.000 evru-verð fyrir tæki farið úr því að vera um 360 þúsund krónur í 600 til 800 þúsund. „Sama gildir um vörubílana,“ segir hann en elstu vörubílarnir sem fyrirtækið hefur keypt til útflutnings eru frá árinu 1960. „Eigendurnir eru að fá í vasann til sín 100 til 200 þúsund krónur fyrir gömlu bílana og þessir gömlu kúlubensar, allt til 1980 eru að leggja sig á 300 til 400 þúsund. Og þetta eru kannski tæki sem hafa bara staðið einhvers staðar á bak við hús, þannig að það eru tækifæri í kreppunni,“ segir Finnbogi, en á um leið von á að úr þessum viðskiptum dragi þegar krónan taki að styrkjast á ný.



**GAMLIR TRUKKAR Á ÚTLEIÐ** Hjá Jötunn Vélum á Selfossi má sjá röð gamalla vörubíla bíða þess að verða fluttir úr landi. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir jafnframt mikið flutt út af dráttarvélum til Póllands. Þá hefur aukist eftirspurn eftir notuðum vinnuvélum á markaði hér innanlands. MARKAÐURINN/ÓKÁ

Í fyrra flutti Jötunn Vélar úr landi nálægt því 100 dráttarvélar og hafa keypt um 40 vörubíla í heildina og nálægt því 20 vinnuvélar. „Og við erum í þessu á fullu enn þá,“ segir Finnbogi, sem ekki óttast að hér verði tækjaskortur þegar hjól atvinnulífsins taki að snúast á ný. „Við munum tæpast þurfa að hafa það á samviskunni því mest eru þetta bílar sem staðið hafa á bak við hús til fjölda ára og eru bara fundið fé við þessar aðstæður. En svo hefur náttúrlega mikið verið flutt út af nýlegum bílum á vegum fjármögnunarfyrirtækjanna. Ég held samt tæpast að við verðum tækjalaus. Þegar hjólin fara að snúast aftur og vantar bíla getur viðkomandi verið betur settur með að kaupa bíl á milljón sem hentar honum þá, en með því að geyma bíl sem hann fengi milljón fyrir núna, en óvíst er að henti honum síðar.“

## Green skoðar fataslár Baugs

Breski auðkýfingurinn Sir Philip Green er sagður hafa áhuga á að kaupa kvenfataverslunina Principles undan hatti Mosaic Fashions-keðjunnar, samkvæmt heimildum netmiðilsins Drapers. Ekki er þó útlit fyrir að af verði nema hann fái verslunina á sanngjörnu verði.



**SIR PHILIP GREEN**

Draper segir að unnið hafi verið að fjárhagslegri endurskipulagningu Mosaic Fashions upp á síðkastið. Baugur er stærsti hluthafinn en Kaupþing á fimmtungshlut.

Leiðir Baugs og Greens hafa margoft legið saman í gegnum tíðina, síðast í kjölfar bankahrunsins hér í október en þá gerði Green boð í hluta skulda Baugs við íslensku bankana. - jab

## Ýtti undir vandann

„Við verðum að spyrja hvort áhlaup hafi verið gert á Kaupþing Singer & Friedlander vegna óvarlegra ummæla fjármálaráðherrans [Alistair Darling],“ sagði fulltrúi samtaka innlánseigenda Kaupþings í Mön í gær fyrir breskri þingnefnd.

Það væri varlega sagt að ummæli Darlings um að íslensk yfirvöld ætluðu ekki að borga hefðu ýtt undir vandann. Þá mætti efast um, út frá útskrift samtals Darlings og Árna, að þetta hafi verið rétt hjá Darling.

Fulltrúar sveitarfélaganna og góðgerðasamtakanna voru því spurðir af nefndarmönnum hvort þeir töldu sig geta krafist skaðabóta vegna ummæla Darlings. Báðir fulltrúarnir sögðu málið flóknara en svo. - ss


Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Kínverjar í Straumsvík** | Stjórnvöld í Kína hafa áhuga á að bæta eiginfjárstöðu ál- og námurisans Rio Tinto með hlutabréfakaupum í fyrirtækinu upp á fimmtán milljarða dala, jafnvirði 1.800 milljarða króna. Kaup álrisans á Alcan, sem meðal annars rekur álverið í Straumsvík, reyndist þyngri byrði en til stóð.

**Hóta flutningi** | Stjórn finnska farsímarisans Nokia hótaði í vikunni að flytja alla starfsemi sína úr landi nema stjórnvöld samþykki löggjöf sem veitir atvinnurekendum aðgang að tölvupóstum starfsmanna. Forsvarsmenn Nokia segja hana nauðsynlegt tól gegn iðnaðarnjósnum.



**Halda í myntina** | Bankastjórn seðlabanka Afríkuríkisins Simbabve tók tólf núll aftan af Simbabvedalnum í vikubyrjun. Þótt verðbólga hafi mælst 231 milljón prósent í síðustu mælingu í júlí í fyrra segir Gideon Gono seðlabankastjóri stjórnvöld bera fullt traust til gjaldmiðils landsins.

**Verra en Ísland** | Breska hagkerfið stendur verst allra þróaðra hagkerfa, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ísland telst til nýmarkaðsríkja og því ekki í hópnum. Sjóðurinn hefur breytt hagspá sinni og reiknar með að hagvöxtur á heimsvísu verði hálft prósent á árinu í stað 2,2 prósenta áður.

**Tapa á Íslandi** | Nomura Holdings, umsvifamesta verðbréfamiðlun Japans, tapaði jafnvirði um 50 milljarða króna á falli íslensku bankanna í fyrra. Þetta eru tíu prósent af heildartapi fyrirtækisins í fyrra.

**Lánveitandi tekur lán** | Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) íhugar að gefa út skuldabréf til að mæta ásókn í aðstoð sjóðsins. Gangi þetta eftir verður útgáfan sú fyrsta í sögu AGS. Bandaríska dagblaðið The Wall Street Journal segir sjóðinn horfa til þess að auka lánagetuna um 750 þúsund milljarða króna. AGS er nú að ganga frá 100 milljarða dollara láni frá Japan en þrátt fyrir að efnahagslægð hafi plagað Japani um langt skeið liggur landið á einum stærsta gjaldeyrisvaraforða í heimi.

## Ungir og óreyndir áhættufiklar

### Fyrrum forstjóri Singer & Friedlander ber stjórnendum Kaupþings ekki vel söguna.

Það var tvennt, sagði Tony Shearer við yfirheyrslu breskrar þingnefndar um bankakrísuna í gær, sem olli því að hann vildi ekki halda áfram sem forstjóri Singer & Friedlander (S&F) eftir að Kaupþing tók bankann yfir. Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnarformaður Kaupþings, segir starfið aldrei hafa staðið honum til boða og yfirlýsingar Shearers verði að skoða í því ljósi.

Annars vegar sagðist Shearer hafa haft athugasemdir við rekstur Kaupþings eftir að hann skoðaði uppgjör félagsins frá desember 2004. Sérstaklega krosseignarhald og að gróði bankans af hefðbundnum bankarekstri hafi einungis verið um tíu prósent. Hins vegar sagði Shearer að eftir að hafa hitt stjórnendur Kaupþings hafi hann metið það svo að þetta væri ekki fólk sem hann vildi starfa með. Í stjórn Kaupþings hafi setið ungir og óreyndir bankamenn. Þá hafi stefna bankans verið áhættusækinari en hann taldi rétt.

Vegna þessara athugasemda segist Shearer hafa haft samband við breska fjármálaeftirlitið í apríl 2005 og látið þá vita af fyrirvörum sínum. Shearer lét af störfum í nóvember sama ár.

Sigurður Einarsson segir málið pólitíska myllu til að koma höggi á breska fjármálaeftirlitið, en snúist ekki um Kaupþing. Kaupþing hafi átt í góðu samstarfi við fjármálaeftirlitið, sem hafi, fyrir yfirtökuna, gert alvarlegar athugasemdir við rekstur S&F, sérstaklega þær er varðaði starfsþátt Shearers þegar hann var fjármálastjóri. „Rekstur bankans snarbatnaði eftir að Shearer hætti,“ segir Sigurður.

Shearer segir fleiri stjórnarmenn S&F hafa viðrað fyrirvara sína. Af sjö stjórnarmönnum hafi fimm ekki litist á nýja eigendur. „Af þessum ástæðum gerðum við Kaupþingi ljóst að við myndum einungis taka við peningum [sem greiðslu fyrir bankann], ekki hlutabréfum í Kaupþingi.“ Sigurður kannast ekki við athugasemdir annarra stjórnarmanna. - ss

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 1,3% | -6,0% |
| Bakkavör | -10,2% | -26,1% |
| Eimskipafélagið | -21,7% | -19,2% |
| Icelandair | 0,4% | 0,8% |
| Marel | -8,7% | -23,5% |
| SPRON | 0,0% | 0,0% |
| Straumur | 0,6% | -15,6% |
| Össur | 0,6% | -3,4% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*
*Úrvalsvísitalan OMXI15 311*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 879*

# Stuðningur eykst við ESB-aðild

## Nær allir aðildarfélagar Viðskiptaráðs vildu nýja stjórn ríkis og Seðlabanka.

Yfirgnæfandi meirihluti aðildarfélaga Viðskiptaráðs Íslands taldi í janúarlok nauðsynlegt að stokka upp í ríkisstjórninni, stjórn Seðlabankans og hjá Fjármálaeftirlitinu. Yfir níu af hverju tíu voru þessarar skoðunar.

Í tilefni af Viðskiptaþingi sem halda átti 4. febrúar kannaði Viðskiptaráð hug aðildarfélaga til afleiðinga bankahrunsins á rekstrarstöðu fyrirtækja þeirra, stöðu stjórnsýslu, aðgerða til úrbóta og afstöðu til Evrópusambandsaðildar. Þinginu var hins vegar frestað fram í mars, en niðurstöður könnunarinnar voru birtar í gær.

Þá hefur stuðningur við umsókn um aðild að Evrópusambandinu stóraukist. Í janúar í fyrra var um þriðjungur aðildarfélaga Viðskiptaráðs þess sinnis, en tveir þriðju núna. Þá vilja flestir að hér verði tekin upp evra í stað krónu. „Sumir strax en aðrir í kjölfar aðildar að ESB. Einstaka þátttakandi nefnir aðra kosti, eins og til dæmis bandaríkjadollar,“ segir á vef Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð segir að afar jákvætt sé hve nýbirtur verkefnalisti nýrrar ríkisstjórnar komi til móts við mikið af væntingum aðildarfélaga ráðsins. „Verkefnin tengjast einkum atvinnulífi, heimilum, fjármálakerfi og stjórnsýslu og verður áherslan vonandi á fumlaus vinnubrögð, hraða og skilvirkni. Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst umboð til úrlausnar á bráðavanda íslenskra fyrirtækja og heimila, en að loknum kosningum í vor er eðlilegt að við taki frekari stefnumörkun og stefnubreyting eftir því sem umboð fæst til.“ **- óká**

# Samið um skuldirnar

Viðræður stjórnenda Nýherja við lánastofnanir um framlengingu erlendra lána og eru þær sagðar hafa gengið vel.

Í tilkynningu félagsins til Kauphallar kemur fram að breytingar á innra skipulagi samstæðunnar og breytingar hjá bönkunum hafi tafið viðræðurnar, en gert sé ráð fyrir niðurstöðu í marsbyrjun.

Tilkynningin var send vegna ábendingar endurskoðenda. Fall krónunnar leiddi til þess að félagið uppfyllti í árslok ekki skilyrði lánasamninga um eiginfjár- eða rekstrarhagnaðarhlutfall. **- óká**

# Fleiri strandhögg hjá Icelandic Glacial

Icelandic Water Holdings hefur gert samning um dreifingu og sölu á átöppuðu vatni úr Ölfusinu undir merkjum Icelandic Glacial við The Pantry, móðurfélag fjölmargra smávöruverslana í SA-hluta Bandaríkjanna.

Undir móðurfélagið, sem er það þriðja umsvifamesta vestanhafs, heyra 1.653 verslanir í ellefu ríkjum Bandaríkjanna. Þar á meðal eru The Pantry, Kangaroo Express, Mini Mart og Depot. Velta keðjunnar nam níu milljörðum dala á síðasta ári. Það jafngildir 1.000 milljörðum íslenskra króna.

Bandaríski netmiðillinn Food Bev, leggur áherslu á umhverfisstefnu Icelandic Water Holdings í umfjöllun sinni um samninginn.

Icelandic Water Holdings er í eigu Jóns Ólafssonar, sonar hans, Kristjáns Jónssonar, og bandaríska drykkjarvörurisans Anheuser Busch. Landnám þess hefur gengið vel víða um heim og mörg stjarnan vætt þurrar kverkar sínar með Ölfus-vatninu, svo sem á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Nú síðast drukku kvikmyndastjörnur það á Sundance-hátíðinni í Utah í Bandaríkjunum fyrir um hálfum mánuði. **- jab**

# Styrking krónu ólíkleg

Til skemmri tíma litið er styrking krónunnar ólíkleg að mati Sven Schubert, greinanda Credit Suisse. Krónunni sé fremur hætt við veikingu.

Í greiningu sem bankinn birti í gær er landinu þó talið til tekna að hér hafi orðið stjórnarskipti og að skipta eigi um stjórn í Fjármálaeftirlitinu. Eru það sögð merki um að stjórnmálamenn axli ábyrgð á því hvernig hér sé komið fyrir efnahagslífinu.

„Þótt pólitískur óstöðugleiki kunni að aukast þar sem áfram er óljóst hvort ný stjórn nær að friða Íslendinga, viðhafa góða stjórnarhætti og vinna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum [AGS], þá eru fyrstu yfirlýsingar nýrra stjórnarflokka uppörvandi,“ segir Sven Schubert. Hann bendir þó á að þótt AGS meti það svo að jafnvægisgengi krónu gagnvart evru sé nærri 140 krónum, þá muni miklu á skráðu gengi hér innanlands (147,95 krónur evran) og svo utan, þar sem gengi evru sé skráð á milli 210 og 230 krónur. Fyrirhugað afnám gjaldeyrishafta kunni að setja aukinn þrýsting á krónuna og ólíklegt að hún styrkist í bráð þrátt fyrir viðsnúning viðskiptahalla. **- óká**



**FÓLK OG FÁNI ESB** Greinandi Credit Suisse segir líklegt að Evrópusambandið verði hér kosningamál í vor.

# Þungt fram undan á fjármálamörkuðum

## Horfur batna til skamms tíma beggja vegna Atlantsála með haustinu, að mati sérfræðings hjá Credit Suisse. Bestu kostirnir liggja í Brasilíu og Kína.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Við verðum að vera vakandi fyrir því að hagvísar til næstu fjögurra mánaða eru mjög neikvæðir víða um heim,“ segir Robert Parker, varastjórnarformaður og stofnandi eignastýringarsviðs alþjóðalega risabankans Credit Suisse, í samtali við Markaðinn. Hann var staddur hér á landi í síðustu viku og fór yfir möguleikana fram undan með fagfjárfestum.

Hann segir stöðuna grafalvarlega til skemmri tíma litið. Ljóst sé að hagvöxtur dragist saman víða. Fyrsti ársfjórðungur verði verstur. Þá megi reikna með verðhjöðnun víða árið á enda.

„Við teljum að Bandaríkin keyri út úr kreppunni á þriðja fjórðungi en að hilli undir betri tíð í Evrópu og Japan undir lok árs,“ segir hann. Matið byggir á áhrifum snarpar lækkunar stýrivaxta víða ofan á umfangsmikila innspýtingu á fjármagni í stærstu iðnríkjum heims.

Þá skiptir máli fyrirhuguð stofnun sérstaks sjóðs (e. bad bank) í Bandaríkjunum, sem stefnt er á að kaupi nær verðlausar eignir þarlendra banka. Á meðal eignanna eru skuldabréf fyrirtækja, íbúðabréf og fleiri tengdar eignir sem hafi lækkað mikið í verði. Slíkt hreinsi til í fjármálakerfinu og geti varið það fyrir frekari innri áföllum. Mikilvægt sé að fleiri slíkir sjóðir líti dagsins ljós í öðrum löndum, svo sem á evrusvæðinu. Það geti dregið mjög úr hættunni á bankahruni. „Við teljum reyndar að sú hætta sé liðin hjá að mestu,“ segir hann en bætir við, að aðgerðir seðlabanka víða um heim hafi dregið úr kostum skuldabréfamarkaðarins. Þar sé lítið um góða kosti. Raunar megi segja að ár skuldabréfanna sé liðið, að hans mati.

Ástæðan fyrir viðsnúningi vestanhafs á seinni hluta árs er fyrst og fremst viðamikil björgunaraðgerð Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna. Hann bætist við aðrar björgunaraðgerðir sem muni hleypa fjármálamörkuðum af stað. Hann segir Kínverja þó eiga metið, séu björgunaraðgerðirnar miðaðar við hlutfall af landsframleiðslu. „Fjárfestar áttu slæma tíð í Kína í fyrra en þá fór markaðurinn niður um sextíu prósent. Markaðurinn hefur batnað verulega síðan þá, ég mæli með honum,“ segir Parker. Brasilía er á sama lista.

„Þetta verður hins vegar hægur og erfiður bati,“ segir Parker og bætir við að hann sé sömuleiðis jákvæður með horfurnar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í byrjun næsta árs. Þó sé hætta á að hægist á ný þegar áhrif björgunaraðgerðanna fjara út. Megi því reikna með svolítilli niðursveiflu um mitt ár. Hún verði þó fjarri því jafn slæm og sú sem nú stendur yfir.



**ROBERT PARKER** Stofnandi eignastýringarsviðs Credit Suisse kynnti fagfjárfestum tækifærin úti í hinum stóra heimi í boði Alfa fjárfestingaráðgjafar í síðustu viku. Það versta gengur yfir í haust, að hans mati. MARKAÐURINN/PJETUR






# ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

,,Mér finnst gott að geta samræmt æfingar og daglegt líf. Vinnudagurinn byrjar snemma og ég þarf að vera vel upplagður þannig að ég legg áherslu á hollt og gott mataræði, reglulega hreyfingu og styrkingu líkamans með Slendertone. Ég vil geta valið hvernig ég ver frítíma mínum og Slendertone er ótrúlega einfalt og þægilegt í notkun og nákvæmlega engin fyrirhöfn. Ég nota Slendertone þegar ég vinn í tölvunni, horfi á sjónvarpið, þegar ég fer út að ganga eða hvenær sem ég hef lausan tíma".

*Heimir Karlsson*
*dagskrárgerðarmaður á Bylgjunni í bítið.*

Eitt stjórntæki með hleðslurafhlöðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

**SLENDERTONE™**
System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra
**kr. 29.900,-**

| DÖMUPAKKI 1 | DÖMUPAKKI 2 | DÖMUPAKKI 3 | HERRAPAKKI 1 |
|---|---|---|---|
| **Belti + armar** | **Belti + buxur** | **Belti + buxur + armar** | **Belti + armar** |
| þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva | þjálfar rass og læri og kviðvöðva | þjálfar kviðvöðva, rass og læri og upphandleggsvöðva | þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva |
| **kr. 36.900.-** | **kr. 39.900.-** | **kr. 46.900.-** | **kr. 36.900.-** |

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

**SLENDERTONE System**

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

KORTER.IS - Ljósmynd Jón Páll Vilhelmsson



**ROKIÐ Á DYR** Eftirminnilegasta atvikið var án efa þegar Reced Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Egyptalands, stóð upp frá pallborði sínu á öðrum degi ársfundarins í Davos, strunsaði út og flaug heim. Við borðið sátu Shimon Peres, forseti Ísraels, Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, og Amr Moussa, framkvæmdastjóri Arababandalagsins. Með uppistandinu mótmælti Erdogan því að Peres fékk tvöfalt lengri tíma en hann til að flytja mál sitt og verja aðgerðir Ísraelshers á Gasasvæðinu. MARKAÐURINN/AP




# Árangurslítill fundur *í Alpabænum*

Ráðstefnugestir ársfundar World Economic Forum í Davos í Sviss voru vongóðir um að lausn fyndist á efnahagskreppunni. Lausn fannst ekki enda beindu menn sjónum inn á við, rökræddu vandann og leituðu sökudólga. Nánasta framtíð er ekki björt, en væntingar eru um bata á næsta ári. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* leit yfir helstu þrætuepli ársfundarins.

Fimm daga ársfundi Alþjóðaefnahagsráðsins (e. World Economic Forum) í Alpabænum Davos í Sviss lauk á sunnudag.

Fundurinn var með rólegra móti en fyrri ár og eru menn nokkuð sammála um að yfirskrift hans hafi ekki verið í neinu samræmi við innihaldið. Hún var: Uppbygging í kjölfar kreppu.

Fundargestir, rúmar tvö þúsund sálir, voru almennt sammála um að ársfundurinn hefði skilað litlu ef nokkru að því undanskildu að ekki sér fyrir endann á kreppunni, sem margir óttast að verði dýpri en fyrri spár hafi almennt gert ráð fyrir. Vonarglætu verði ekki að vænta fyrr en í fyrsta lagi á fyrri hluta næsta árs – það er þó að því gefnu að þjóðir heims leggist á eitt um að spyrna við fótum gegn kreppunni.

Lausnir á yfirstandandi heimsvanda var ekki að finna við lok ársfundar á sunnudag, enda leituðu gestir hans fremur inn á við, ræddu um vandamálin og afleiðingarnar því tengdu, líkt og fréttaritari breska ríkisútvarpsins (BBC) greindi frá.

Christine Lagarde, fjármálaráðherra Frakklands, lýsti ársfundinum reyndar ágætlega um liðna helgi þegar hún benti á nauðsyn þess að nýta vettvanginn til að sá fræjum og teikna upp tillögur sem leggja má á borð fyrir G20-fundinn, leiðtogafund tuttugu umsvifamestu iðnríkja heims, sem boðað hefur verið til í Lundúnum í Bretlandi í apríl.

### VEISLUGESTUR GAGNRÝNDUR

Veislurnar í Davos voru færri en fyrri ár, sem var kannski ekkert svo skrýtið; fá ef nokkur tilefni voru til að skála í freyðandi kampavíni yfir súkkulaðihjúpuðum jarðarberjum.

Á meðal þátttakenda voru um fjörutíu þjóðarleiðtogar, forstjórar stærstu fyrirtækja heims og forsvarsmenn góðgerðasamtaka, svo fáeinir séu nefndir.

Engir skemmtikraftar voru fengnir til að skemmta gestum líkt og fyrri ár en þau Angelina Jolie, Sharon Stone og Bono, söngvari U2, hafa áður gengið í þau verk.

Nokkrir fastagestir létu sig vanta, bæði vegna anna heima fyrir, aðrir hreinlega fallnir úr hópnum og í ónáð, ekki síst bankastjórar nokkurra af stærstu bönkum heims sem látnir voru taka poka sinn í kjölfar brunagats í efnahagsreikningi bankanna af völdum fjármálakreppunnar. Aðrir voru of önnum kafnir, svo sem Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, og Ben Bernanke, seðlabankastjóri landsins.

Þrátt fyrir annir á heimavelli er þó fjarri því að forsetaembættið hafi hunsað ársfundinn. Fulltrúi þess var Valerie Jarrett, ráðgjafi Hvíta hússins.

Eins og bandaríska stórblaðið The New York Times komst að orði varð hún fyrir því hálfgerða skítkasti sem beint var gegn Bandaríkjamönnum og því auma



**ÞREYTTUR FRUMKVÖÐULL** Það er engu líkara en Bill Gates, annar stofnenda og fyrrum forstjóri bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft, hafi dottað áður en hann ræddi við gesti ársfundarins á föstudag. Gates sat ársfundinn í nafni góðgerðasamtakanna Bill and Melinda Gates Foundation, sem hann setti á laggirnar ásamt eiginkonu sinni. MARKAÐURINN/AP



**KANSLARINN** Angela Merkel Þýskalandskanslari tók þátt í pallborði með Klaus Schwab, stofnanda og framkvæmdastjóra Davosfundarins, á föstudag. MARKAÐURINN/AP

regluverki með fjármálamörkuðum, sem þar hafði viðgengst en afleiðingarnar hafa smitað út frá sér um allan heim.

Vart verður við Jarrett að sakast en hún mun vera vinkona Obama og sest fyrir hans tilstuðlan í ráðgjafastólinn í Hvíta húsinu.

### AUKIÐ EFTIRLIT

Eins og gefur að skilja fékk umræðan um bætt eftirlit með fjármálamörkuðum talsvert rými á ársfundinum. Breska ríkisútvarpið hefur eftir fundargestum að vissulega megi finna að slíku, tillögur um yfirstofnanalegt og alþjóðlegt eftirlitsráð sem rýna muni í bækur banka og fjármálafyrirtækja þegar tilefni sé til komi of seint úr því sem komið er. Hugmyndin sé engu síður góð og gild í sjálfu sér, ef marka má fremur jákvæð viðbrögð Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, fyrir henni.

Klaus Schwab, stofnandi og stjórnandi ráðstefnunnar, benti hins vegar á að fjármálafyrirtækin gætu engu síður sýnt hvað í þeim búi þrátt fyrir allt, gripið fram fyrir hendur hins opinbera og sett sjálft á laggirnar eftirlitsapparat sem myndi hafa slíkt á sinni könnu.

Umræðan var rauði þráðurinn í Alpabænum meðan á ársfundinum stóð. Hún kom aftur upp á yfirborðið í pallborðsumræðum á vegum BBC á lokadeginum en þá sagði Bharrat Jagdeo, forseti Guyana í Suður-Ameríku, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) geta sinnt hlutverkinu með fullnægjandi hætti.

Guyana hefur um áraraðir glímt við erlendan skuldaklafa en hefur losnað við hann að mestu fyrir tilstuðlan AGS og Alþjóðabankans. Jagdeo, sem hefur hlotið mikið lof fyrir það afrek heima fyrir, sagði á sunnudag að hann þakkaði það áætluninni sem AGS hafi lagt á þjóðina að fara eftir.

### BJÖRGUNARAÐGERÐIR

Vart verður hjá því litið að björgunaraðgerðir stærstu þjóða heims var gegnumgangandi þema á ársfundinum í Davos. Aðgerðirnar voru raunar þær sem mestur styr stóð um.

Björgunaraðgerðir þessar heyra beint undir ríkisstjórnir hvers lands fyrir sig og kveða á um stofnun sjóða sem fjárfesta munu í ákveðnum geirum. Björgunarsjóður bandarískra stjórnvalda ver sem dæmi stærstum hluta fjármuna sinna til uppbyggingar í innviðum samfélagsins, svokölluðum veitum (e. infrastructure). Sjóðir af svipuðum toga hafa verið stofnaðir í Kína og víðar, svo sem í Evrópu.

Eins og fram kom í máli Roberts Parkers hjá eignastýringu alþjóðlega risabankans Credit Suisse, framar í Markaðnum, standa vonir til að þessir risasjóðir verði til þess að skapa botn í efnahagskreppunni og spyrna við upp á ný.

Helsta áhættan við sjóði sem þessa er einangrunarstefnan og tollamúrar sem þeir kunna að leiða út frá sér. Slíkt er vitanlega eitur í beinum ráðstefnugesta í Davos, sem einn alþjóðlegra fjölmiðla á svæðinu sagði hjarta alþjóðavæðingarinnar.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum voru ekki síst gagnrýnd fyrir verndarstefnu sína. Björgunarpakki Obama forseta upp á rúma 800 milljarða dala, jafnvirði um trilljón króna (hundrað þúsund milljarða króna) verður auk uppbyggingar í veitukerfum, svo sem til menntamála, í vegagerð og byggingu opinberra stofnana. Þá verður sömuleiðis háum upphæðum varið til ljósleiðaravæðingar vestanhafs.

Gagnrýnendur björgunarpakka sem þessa segja aðgerðirnar geta komið harkalega niður á hinum frjálsa markaði. Hið opinbera eigi fremur að styrkja einkafyrirtæki til framkvæmdanna en að standa í þeim sjálf. Stór hluti björgunarpakkans rennur raunar beint í vasa stálframleiðenda en vonast er til að aukið fjármagn í þann rann auk tollamúra – undir merkjunum kaupum bandarískt – muni blása lífi í þann deyjandi geira vestra sem gallabuxnarokkarinn Bruce Springsteen hefur kyrjað margan sönginn um.

Fundargestir voru nokkuð sammála um að verndarmúrar og einangrunarstefna sem þessi væri slæm enda myndi alþjóðavæðingin verða fyrir óbætanlegum skaða af völdum þess.

Ráðstefnugestir á borð við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, settu sig sérstaklega upp á móti aðgerðum bandarískra stjórnvalda, svo sem stuðningi banda-



**NETFERDIR.NET** er athyglisverð netsíða fyrir ferðalanga. Á síðunni má finna upplýsingar um ferðaskrifstofur, flug, hótel, bílaleigubíla, sumarhús og margt fleira.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447


VINNUVÉLA-NÁMSKEIÐ

Næsta námskeið hefst 6. feb. n.k.



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414




Bjarki gekk með ferðafélaginu Útivist frá Reykjanestá að Nýjadal á Sprengisandi síðastliðið sumar. Í sumar ætlar hópurinn að ganga frá Nýjadal að Fonti. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Fékk vitrun og fór af stað

**Fyrir ári byrjaði Bjarki Sveinbjörnsson að ganga á fjöll. Síðan þá hefur hann gengið á fjölda tinda og er á góðri leið með að ganga landið horn í horn eða frá Reykjanestá að Fonti á Langanesi.**

Bjarki Sveinbjörnsson, forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands, byrjaði að ganga á fjöll fyrir ári. Síðan hefur hann gengið á fjölda tinda og er langt kominn með að ganga landið þvert og endilangt.

„Við erum nokkur úr ferðafélaginu Útivist sem gengum frá Reykjanestá að Nýjadal á Sprengisandi síðastliðið sumar. Í sumar ætlum við að byrja þar sem frá var horfið og ganga að Fonti yst á Langanesi en þá höfum við gengið landið horn í horn,“ segir Bjarki. „Leiðin nefnist Langaleið og hafa nokkrir ofurhugar gengið hana í einum rykk, þar á meðal Steingrímur J. Sigfússon.“

Bjarki hefur náð undraverðum árangri á skömmum tíma. En hvað varð til þess að hann ákvað að reima á sig gönguskóna? „Ég fékk kransæðastíflu um mitt ár 2007 og var fram að áramótum að jafna mig. Fljótlega eftir áramótin fékk ég bækling Útivistar í hendurnar. Þar las ég um þessa gönguleið og fékk vitrun. Það var eins og einhver hefði tekið mig heljartaki og ég varð staðráðinn í því að ganga þessa leið. Það má segja að þetta hafi verið mín leið til að þakka læknavísindunum lífgjöfina.“

Bjarki tók til við að æfa sig og var kominn upp á Hvannadalshnúk síðastliðið vor. „Ég fór upp í Esjuna fimm sinnum í viku, fór í allar ferðir Útivistar og kleif alla tinda sem ég komst yfir, stundum þrjá á dag,“ segir Bjarki sem vill helst ná í skottið á göngugörpum sem hafa áratuga reynslu. „Svona getur maður sturlast,“ segir hann og hlær en í vetur hefur hann farið á Esjuna að lágmarki einu sinni í viku og gengið um 13 kílómetra leið í kringum Elliðaárvatn til að halda sér í formi.

Hann segir göngurnar í óbyggðum gefa sér mikið. „Fyrir þremur árum hefði mér ekki dottið í hug að sofa í tjaldi en nú finnst mér ég hvergi öruggari en ofan í pokanum mínum í litlu tjaldi eftir tíu tíma göngudag. Það er hin andlega hundahreinsun sem maður fer í gegnum við að ráfa einn úti í náttúrunni óviðjafnanleg.

Bjarki vill æsa sem flesta upp í göngur. „Það eina sem þarf til að byrja með eru góðir skór. Þá luma ferðafélögin á þeirri þekkingu sem þarf.“ *vera@frettabladid.is*


BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins

Smurþjónusta 15% afsláttur
olís
Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.

Tilboð á teflonbóni
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM



Hjólbarðaþjónusta, Smurþjónusta, Alþrif og teflon, Bón, Djúphreinsun, Mössun, Mössun, Dekkjahótel, Rafgeymar, Perur, Rúðuþurkur, Bremsuklossar, Sækjum og sendum, Flestar stærðir dekkja á lager

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

# ;Á FERÐINNI

**GÖNGUFERÐIR** á Ítalíu og Spáni eru meðal þess sem er í boði hjá Heimsferðum í vor og sumar.




GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



AFS
AFS á Íslandi
Alþjóðleg fræðsla og samskipti
Skemmtilegur kynningarfundur um skiptinemadvöl
Hefur þig dreymt um að fara út í heim, upplifa nýja menningu, læra nýtt tungumál og kynnast áhugaverðu fólki? Nú er tækifærið!
Kynningarfundur fyrir alla þá sem hafa áhuga á að fara út með AFS á árinu 2009, verður haldinn í Molanum, Hábraut 2, 200 Kópavogi þann 4.febrúar klukkan 17. Bæði ungt fólk sem hefur áhuga á dvöl og foreldrar þeirra eru velkomnir.
Erum með fullt af spennandi möguleikum í boði á þessu ári fyrir 15-18 ára; okkar vinsælu heils- og hálfsársdvalir en einnig bjóðum við upp á nýstárlegar sumardvalir og sjálfboðaliðaprógrömm sem eru fyrir 18-30 ára.
Nánari upplýsingar um skiptinemadvöl er að finna á www.afs.is eða á skrifstofu AFS, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík, 552-5450




Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands. Félagið leggur áherslu á að ná til unga fólksins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Náð til unga fólksins

**Ferðafélag Íslands hefur síðustu misseri lagt áherslu á að ná til yngra fólks. Er það hluti af ungmennaverkefni FÍ sem hleypt var af stokkunum nýverið en hluti af því er Fjallaskóli Ferðafélagsins.**

„Á áttatíu ára afmæli félagsins árið 2007 var gerð hátíðarsamþykkt í stjórn félagsins um að efla allt ungmennastarf félagsins,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands. Síðan þá hefur félagið farið í samstarf við skóla á höfuðborgarsvæðinu um fræðslu og ferðir.

„Við heimsóttum norska ferðafélagið í fyrra sem hefur verið með verðlaunaverkefni sem miðar að ungu fólki og við erum í raun að taka upp þetta verkefni frá þeim,“ útskýrir Páll en fræðsluhefti verður dreift í grunnskóla og jafnvel víðar þar sem fólk verður frætt um samskiptin við náttúruna, öryggismál, búnað og fleira.

Þá verður Fjallaskóli Ferðafélagsins hluti af verkefninu.



Skólahópar hafa ávallt skemmt sér vel þegar þeir hafa dvalið í skála Ferðafélagsins í Þórsmörk. MYND/FÍ

Fjallaskólinn er starfræktur í maí og september og er með aðsetur í skála Ferðafélagsins í Langadal. Þar verða tveir kennarar sem taka á móti skólahópum sem dvelja í nokkra daga í senn í Þórsmörk.

„Við kennum þeim allt um útiveru, búnað, ferðir og umgengni í skálum auk samskipta við náttúruna,“ segir Páll en að hans sögn hefur verkefnið fengið góðar undirtektir.

Fjallaskólinn verður með um tíu námskeið í maí og september. „Við tengjum þetta við skólaferðalög skólanna,“ segir Páll en tekur fram að ekki sé setið á skólabekk allan daginn í Fjallaskólanum. „Skemmtun er mjög mikilvæg og á námskeiðunum eru kvöldvökur, varðeldur, gönguferðir, ratleikir og þrautir sem eru tengd inn í verkefnið,“ segir Páll sem telur marga krakka þekkja landið sitt vel og kunna að umgangast það en að margir aðrir þurfi leiðsögn. „Það er kærkomið fyrir alla að fá fræðslu og upplýsingar.“

*solveig@frettabladid.is*


Skilningur, samkennd, umburðarlyndi, traust og hlustun
Námskeið fyrir börn og ungmenni
10–13 ára (5., 6. og 7. bekkur)
Hefst 10. febrúar kl. 16:30–18:00 í 8 vikur.
17–20 ára
14. og 21. febrúar (laugardagar) kl. 11:00–16:00.
14–16 ára (8., 9. og 10. bekkur)
7. og 14. mars (laugardagar) kl. 11:00–16:00.
Ljósið fer nú aftur af stað með styrkjandi námskeið fyrir börn og ungmenni sem eiga aðstandenda sem hefur greinst með krabbamein. Námskeiðin stuðla að jákvæðri uppbyggingu og er mikið unnið með lífsgleðina og það að lifa í nútímanum.
Leiðbeinendur eru: Ósk Sigurðardóttir iðjuþjálfi með sérmenntun í ævintýrameðferð fyrir börn, Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur, Hrafndís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur og Sigríður Birna Valsdóttir kennari og leiklistarmeðferðarfræðingur.
Námskeiðin eru ókeypis.
Skráning er hafin í Ljósinu, Langholtsvegi 43, sími 561 3770, ljosid@ljosid.org
Nánari upplýsingar á www.ljosid.is
LJÓSIÐ
Ljósmynd: Irja Gröndal, 12 ára



karlmenn
Fræðslufundir fyrir karlmenn
18 ára og eldri sem hafa greinst með krabbamein/blóðsjúkdóma
Fræðslufundir með sérhæfðum fagaðilum. Fyrirlesarar eru:
Helgi Sigurðsson krabbameinssérfræðingur, Snorri Ingimarsson krabbameinssérfræðingur og geðlæknir, Oddur Benediktsson formaður stuðningshópsins Framfarar, Unnur Guðrún Pálsdóttir sjúkraþjálfari, Stefán Hafþór Stefánsson sjúkraþjálfari, Matti Ósvald heilsufræðingur, Daníel Reynisson formaður Krafts, félag ungra krabbameinsgreindra og Örn Haraldsson jógakennari.
Námskeiðið byrjar miðvikudaginn 11. feb. kl. 17:30 í 8 skipti og er stýrt af Matta Ósvald heilsufræðingi. Námskeiðið er ókeypis.
Skráning er hafin í Ljósinu, Langholtsvegi 43, sími 561 3770, ljosid@ljosid.org
Nánari upplýsingar á www.ljosid.is
LJÓSIÐ



Nýkomnir glæsilegir dömuskór úr leðri með skinnfóðri.
margir litir. Stærðir: 37 - 41
Verð: 14.880
Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# meistaradeild VÍS

MIÐVIKUDAGUR 4. FEBRÚAR 2009 GEYMIÐ BLAÐIÐ







# Meistaradeild VÍS við breyttar aðstæður

**Umgjörð meistaradeildarkeppninnar verður sífellt glæsilegri en í ár verður bryddað upp á ýmsum nýjungum.**

Síðustu mánuðir hafa verið okkur sérkennilegir að mörgu leyti og það er margt í umhverfinu sem hefur breyst. Erfitt er að fjármagna starf íþróttafélaganna. Íþróttastarfið er gjörbreytt. Það sem þetta ástand virðist þó hafa leitt af sér er að meiri áhugi virðist vera á hvers konar afþreyingu og má sjá það á mætingu á íþrótta- og menningarviðburði. Því erum við í stjórn Meistaradeildar VÍS í hestaíþróttum bjartsýn á að hestaáhugafólk muni fjölmenna á viðburði í meistaradeildinni og njóta þess að horfa á fremstu hestaíþróttamenn landsins keppa sín í milli í einni hörðustu keppni heims á íslenskum hestum.

Umgjörð meistaradeildarinnar er sífellt að verða glæsilegri. Í ár verður bryddað upp á ýmsum nýjungum, svo sem sýningaratriðum á milli A- og B-úrslita, og stóðhestasýningu í apríl um leið og keppni í skeiðgreinum utanhúss fer fram. Mikil undirbúningsvinna hefur átt sér stað á síðustu mánuðum og hafa nú endurskoðaðar reglur deildarinnar litið dagsins ljós. Þá hefur vinna við fjármögnun deildarinnar tekið mikinn tíma, en sem betur fer eiga hestamenn enn að góð fyrirtæki sem styðja við þetta frábæra framtak. Í ár verða varaknapar í fyrsta sinn í hverju liði.

Umfjöllun um meistaradeildina í fjölmiðlum eykst með hverju ári og í ár verður áframhald á vönduðum þáttum um mótin á RÚV undir stjórn Brynju Þorgeirsdóttur og Unnar Birnu Vilhjálmsdóttur. Þá ákvað Fréttablaðið að gefa út þetta glæsilega sérblað og svo mun meistaradeildin halda úti reglulegum fréttaflutningi af deildinni á vefslóðinni www.meistaradeildvis.is og á Facebook. Einnig hafa hestatengdir miðlar sýnt deildinni mikinn áhuga, sem og aðrir ljósvaka- og prentmiðlar.

Uppröðun mótanna í vetur hefur verið breytt lítillega og verður nú byrjað á hinni stórskemmtilegu grein smala. Við munum svo ljúka mótaröðinni í vetur með mikilli veislu, en þá mun verða keppt í tölti og flugskeiði í gegnum Ölfushöllina.

Stjórn Meistaradeildar VÍS í hestaíþróttum óskar hestamönnum góðrar skemmtunar í vetur og vonast til að sjá sem flesta mæta og styðja sína menn.

*Rúnar Þór Guðbrandsson*



Rúnar Guðbrandsson, deildarstjóri hjá VÍS, Vátryggingafélagi Íslands.



Austurríkismaðurinn Jóhannes Hoyos er gamalreyndur keppnismaður á íslenskum hestum. Hann telur miklar framfarir hafa orðið í reiðmennsku á Íslandi.

## Keppnin er gott framtak

Jóhannes Hoyos frá Austurríki var gestur á Meistaradeildarkeppni VÍS í fyrra þegar keppt var í gæðingafimi. Hann er gamalreyndur keppnismaður á íslenskum hestum og reyndur dómari.

„Meistaradeildin er gott framtak. Mér finnst gæðingafimin mjög skemmtileg og áhugaverð keppnisgrein. Mér finnst reyndar margt áhugavert að gerast í hestamennskunni á Íslandi. Þið eruð óhrædd við að prófa nýja hluti og þannig verður framþróun. Nú er keppnistímabilið mun lengra en áður og við sjáum nýjar greinar eins og gæðingafimina. Ég held að það megi þróa hana á þann hátt að heildarmyndin verði mjög skemmtileg.

Þetta er flókið verkefni; að sameina slökun og snerpu í fjögurra mínútna sýningu. En þeir bestu gera þetta skemmtilega. Sumar fimiæfingarnar eru kannski ekki nákvæmlega rétt riðnar, en þeir bestu ríða þær býsna vel. Sérstaklega fannst mér þeir Þorvaldur Árni og Viðar Ingólfsson áberandi góðir.

Það hafa orðið miklar framfarir í reiðmennsku á Íslandi undanfarin ár og maður sér þær glöggt á milli ára. Bestu reiðmennirnir hafa náð tökum á slökuninni og að hafa hestinn mjúkan en jafnframt kraftmikinn og flottan. Og þannig finnst mér að íslenskur gæðingur eigi að vera: Flottur og kraftmikill.“



Örn Karlsson, stjórnarformaður Meistaradeildar VÍS, Steingrímur J. Sigfússon og Guðmundur Örn Guðmundsson.

## Tekur við góðu búi

Steingrímur J. Sigfússon landbúnaðarráðherra setti Meistaradeild VÍS með formlegum hætti í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. Steingrímur sagðist taka við góðu búi varðandi íslenska hestinn frá fyrrum landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústssyni. Hann sagðist ánægður að fá tækifæri til að leggja hestinum lið. Rifjaði hann upp þegar hann var íþróttafréttamaður á RÚV 1982 og sýndi myndbrot frá hvítasunnumóti Fáks. Hann hefði verið hundskammaður fyrir að vera að pota bykkjum inn í þátt um íþróttir.

Að setningu lokinni undirritaði Guðmundur Örn Gunnarsson, forstjóri VÍS, samning um áframhaldandi stuðning við Meistaradeildina, en VÍS hefur stutt vel við uppbyggingu hennar síðastliðin þrjú ár. Að því loknu undirrituðu kostunaraðilar liðanna samning.

## Dagskrá Meistaradeildar VÍS

**5. febrúar, 19.30:** Smali - Ölfushöll
**19. febrúar,19.30:** Fjórgangur - Ölfushöll
**5. mars, 19.30:** Slaktaumatölt - Ölfushöll
**19. mars, 19.30:** Gæðingafimi - Ölfushöll
**2. apríl, 19.30:** Fimmgangur - Ölfushöll
**18. apríl, 14.00:** 150 m skeið, gæðingaskeið og stóðhestasýning - Ármót
**30. apríl, 18.30:** Tölt og flugskeið - Ölfushöll



Þorvaldur Árni Þorvaldsson á Rökkva frá Hárlaugsstöðum.

**Útgefandi:** Meistaradeild í VÍS **Vefsíða:** www.meistaradeildvis.is | **Ritstjóri:** Sólveig Gísladóttir
**Ábyrgðarmaður:** Örn Karlsson | **Forsíða:** Jens Einarsson | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson Sími: 512 5471.



Glaðir sigurvegarar Meistaradeildar VÍS.

## Nokkur orð um deildina

Keppni í Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum verður háð í sjötta sinn á þessum vetri. Um er að ræða sjö mót sem haldin eru á fimmtudagskvöldum með hálfs mánaðar millibili frá miðjum þorra, á góu, út einmánuð og fram á hörpu. Fyrsta mótið verður haldið á morgun, 5. febrúar, og það síðasta 30. apríl. Meðal keppenda eru margir af bestu hestaíþróttamönnum landsins. Meistaradeild í hestaíþróttum er rekin af félagi áhugamanna með sama nafni og studd af Félagi hrossabænda og Landssambandi hestamannafélaga.

Fyrsta keppnin í meistaradeildinni var haldin árið 2001 í Ölfushöll og var aftur haldin árið eftir. Síðan kom nokkurra ára hlé en deildin var endurreist árið 2006 með aðkomu Vátryggingafélags Íslands, VÍS, sem hefur síðan verið aðalstyrktaraðili meistaradeildarinnar. Enn fremur var tekið upp það form að skipta deildinni í lið og fá fyrirtæki til að styrkja hvert lið. Áhuginn hefur reynst nægur. Nú eru sjö fyrirtæki með lið í deildinni, sem hvert er skipað þremur knöpum.

Frá upphafi hefur keppnin í meistaradeildinni reynst æsispennandi, allt til síðustu mínútu. Munur milli tveggja efstu knapa hefur aldrei verið meiri en tvö stig. Viðar Ingólfsson hefur borið sigur af hólmi síðastliðin tvö ár. Meistaradeildarkeppnin er erfið keppni og reynir mjög á hæfni knapanna. Sigur fæst ekki með heppni. Aðeins allra bestu knapar hafa náð því að hampa meistaratitlinum.

Góða skemmtun!


LÍFLAND
Fyrir lífsins
ljúfu stundir
www.lifland.is
Lynghálsi 3 Reykjavík
LÍFLAND
Lónsbakka Akureyri

Gæðaheyið frá Litlu-Tungu og vönduð fæðubótaefni fyrir allan búfénað

Til að ná góðum árangri þarf fyrsta flokks fóður



Heyið frá Litlu-Tungu
- Plastpakkaðir baggar
- Góð og örugg þjónusta
- Yfir 20 ára reynsla

Úrvals hey og Basiblock – hentug lausn fyrir allan búfénað




Basiblock
- Bætir upp vitamín- og steinefnaskort
- Styrkir ónæmiskerfið, liði og sinar
- Eflir varnir gegn ormasýkingum
- Auðvelt í notkun og veðurþolið
- Byggir upp vörn gegn ofnæmi og sólarexemi
- Fyrir hesta, kindur og kýr

Fæst í 20 kg fötum og 60 kg bölum

Litla-Tunga
www.litla-tunga.com

Vilhjálmur Þórarinsson, Litlu-Tungu, Rangárþing Ytra - sími 8976333

GÓÐA SKEMMTUN Á MEISTARADEILD VÍS



Framkvæmdir við fegrun Reykjanesbæjar hafa staðið yfir undanfarin ár og hefur gengið vel.
Það er von okkar að breytt ásýnd Reykjanesbæjar verði lyftistöng fyrir bæjarfélagið og íbúa þess.

Starfsmenn Nesprýði hafa verið í fararbroddi og vilja þakka bæjarbúum fyrir skilning og þolinmæði á framkvæmdartíma

Nesprýði

Nesprýði ehf. hóf rekstur 1993 og er einn af stærstu vinnustöðum í Reykjanesbæ. Fyrirtækið býr að mikilli reynslu í jarðvinnu, hellulögnum og almennri skrúðgarðyrkju ásamt því að vera aðalverktaki í stærri framkvæmdum s.s. endurnýjun gatna og uppbyggingu lóða. Fastir starfsmenn eru yfir 50 en á sumrin eru þeir yfir 100 talsins.

## FRUMHERJI

## Orri Hlöðversson

Orri Hlöðversson, framkvæmdastjóri Frumherja hf.



**Af hverju Meistaradeildin í hestaíþróttum?**
Hún er orðin ómissandi þáttur í mótahaldi í greininni yfir vetrarmánuðina og hefur fyrir löngu sannað gildi sitt. Meistaradeildin hefur tvímælalaust leitt til aukins áhuga fólks á hestamennskunni og bætt stöðu hennar í samkeppninni við aðrar íþróttagreinar. Við hjá Frumherja sjáum sóknarfæri í að tengjast þeirri jákvæðu ímynd sem í kringum meistaradeildina er.
**Hver er aðkoma þín að hestamennsku?**
Ég á nokkra reiðhesta og stunda útreiðar með fjölskyldunni þegar tími gefst.
**Af hverju takið þið þátt?**
Við teljum það jákvætt fyrir Frumherja að tengjast meistaradeildinni. Við trúum því líka að í því felist líka nokkur markaðslegur ávinningur að styðja við bakið á hestamennskunni.
**Hvaða lið er sterkasti andstæðingurinn?**
Það er ómögulegt að segja til um það því það eru svo margir þættir sem spila inn í í svona langri keppni eins og meistaradeildarkeppnin er. Öll liðin eru sterk og hafa innan sinna raða marga af bestu knöpum landsins sem aftur sitja marga af bestu hestum landsins. Ætli dagsformið komi ekki til með að greina sigurvegarann frá hinum þegar keppni lýkur.
**Eitthvað að lokum?**
Ljóst er að nú fer í hönd skemmtilegur tími fyrir okkur hestaáhugamenn. Einnig er ljóst að keppnin verður hörð og við hjá Frumherja bindum vonir við að okkar lið standi sig vel. En það er ekki síður mikilvægt fyrir hestamennskuna í heild að meistaradeildarkeppnin takist vel. Hún þarf að fá góða kynningu og jákvæða umfjöllun. Ég óska aðstandendum keppninnar, knöpum og áhorfendum góðrar skemmtunar.

## Viðar Ingólfsson liðsstjóri



Viðar Ingólfsson, liðsstjóri, er fæddur 30.5.1983. Hann starfar við tamningar á Kvíarhóli í Ölfusi. Sambýliskona hans er Jóna Margrét Ragnarsdóttir. Sonur þeirra er Ragnar Snær.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?**
Markmiðið er að verja titilinn og vinna hann þriðja árið í röð en það verður auðvitað mjög erfitt.
**Lífsmottó?**
Eru fyrir þá sem fara ekki eftir þeim.

## Ólafur Brynjar Ásgeirsson



Ólafur Brynjar Ásgeirsson er fæddur 22.12.1972. Hann er í sambúð með Ásu Ljungberg og eiga þau soninn Anton Óskar sem er fjögurra mánaða. Ólafur er bústjóri í Vesturkoti á Skeiðum.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Að reyna að standa sig sem allra best.
**Mottó í reiðmennsku?** Að bæta sjálfan sig um leið og maður reynir að bæta hestinn.

## Sigursteinn Sumarliðason



Sigursteinn Sumarliðason er fæddur 8. ágúst 1978. Hann er í sambúð með Guðlaugu Kristínu Karlsdóttur. Sigursteinn starfar við tamningar á Austurási við Selfoss.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?**
Reyna að gera mitt besta, helst að vinna.
**Mottó í reiðmennsku:**
Reyna að bæta sig og ná sem lengst.

## HESTVIT/ÁRBAKKI



## Hinrik og Hulda

**Af hverju Meistaradeild í hestaíþróttum?**
Meistaradeild VÍS er skemmtileg mótaröð sem lengir keppnistímabilið og við sjáum hana sem prýðilegan vettvang til að auglýsa okkar fyrirtæki.
**Hver er aðkoma þín að hestamennsku?**
Við rekum Hestvit ehf. sem er hestasölu- og útflutningsfyrirtæki og Árbakkahesta ehf. þar sem hross eru ræktuð svo við erum á haus í hestamennsku, öllum hennar þáttum.
**Af hverju takið þið þátt?**
Við erum velviljuð meistaradeildinni og viljum hag hennar sem mestan en einnig sjáum við þetta sem leið til að kynna okkar fyrirtæki.
**Hvaða lið er sterkasti andstæðingurinn?**
Já, það er nú það. Þetta eru allt góð lið og ómögulegt að segja, menn eru með nýja hesta, sterkir knapar með góða hesta svo að það er bara dagsformið og stemningin sem ræður úrslitum.
**Eitthvað að lokum?**
Við hlökkum bara til að takast á við mótið.

## Hulda Gústafsdóttir liðsstjóri



Hulda Gústafsdóttir er fædd 5. mars 1966. Eiginmaður hennar er Hinrik Bragason. Börn þeirra eru Edda Hrund, fædd 1992 og Gústaf Ásgeir, fæddur 1996. Hulda starfar við tamningar og rekur hestamiðstöð á Árbakka í Holta- og Landsveit.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Bæta mig frá í fyrra.
**Mottó í reiðmennsku:** Að halda alltaf áfram að læra og bæta sig, þannig tekur maður framförum. Aldrei að láta sér detta í hug að maður sé útlærður.

## Hinrik Bragason



Hinrik Bragason er fæddur 10. september 1968 Eiginkona hans er Hulda Gústafsdóttir. Hinrik starfar við tamnngar og rekur hestamiðstöð á Árbakka.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Að standa mig sem best og að verða ofar en í fyrra.
**Mottó í reiðmennsku?** Halda áfram að þróa sig. Vera nýjungagjarn og opinn.

## Jóhann G. Jóhannsson



Jóhann G. Jóhannsson er fæddur 5. febrúar 1961. Kona hans er Elka Guðmundsdóttir. Þau eiga soninn Guðmund Óla sem er tveggja ára. Jóhann starfar við tamningar og rekur hestamiðstöðina Hestaborg í Þykkvabæ.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Að komast í topp fimm og vinna liðakeppnina.
**Mottó í reiðmennsku?** Að hesturinn haldi frjálsleika og fasi íslenska gæðingsins. Að hestarnir hafi jafn gaman af samstarfinu og maður sjálfur.



Kristinn Guðnason stal senunni þegar keppt var í smala í fyrra.

# Tækifæri fyrir aðra hestgerð

**Kristinn Guðnason, bóndi á Árbæjarhjáleigu, stal senunni í fyrra þegar keppt var í smala í keppni Meistaradeildar VÍS. Leysti hann þrautir með annarri hendi sem yngri og lærðari knapar áttu fullt í fangi með að klára sig af með báðar hendur á taumi.**

Kristinn mætti til leiks eins og sannur smali, á rauðblesóttum hesti, í lopapeysu og fjósastígvélum. Hann var þó ekki þátttakandi í hinni eiginlegu meistaradeildarkeppni, heldur í skemmtiatriði sem fram fór á milli atriða. Háði hann einvígi við Hafliða Halldórsson, stórbónda á Ármótum. Þeirra keppni var frábrugðin að því leyti að þeir riðu seinni umferðina með aðra hendi á taumi. Atriði sem ætti kannski heima í aðalkeppninni! Blesi Kristins var eins og smjer, tók ekki í taum, felldi enga keilu og fór á dágóðum tíma. Haft var á orði að framganga Kristins og Blesa væri sú besta sem sést hefur í smalanum frá upphafi og undirstrikar það vel nafnið á keppnisgreininni. Kristinn hefur smalað fé á hestum frá blautu barnsbeini.

*Á vetrarmót eins og keppni Meistaradeildar VÍS rétt á sér?*

„Ég er þrælánægður með meistaradeildina, segir Kristinn. „Mótin eru vel sótt og þau fá áhorf í sjónvarpinu. Deildin vekur athygli. Er það ekki aðalatriðið í hestamennskunni í dag? Ég hef þó ekki sótt mótin mikið sjálfur, hef ekki tök á því. En ég reyni alltaf að sjá þau í sjónvarpinu.“

*Völlurinn í Ölfushöllinni er ekki löglegur samkvæmt ströngustu mælingum. Það hafa verið uppi skiptar skoðanir á því hvort taka eigi þessi mót gild í vali á knapa ársins. Hefur þú skoðun á því?*

„Ég lít á þetta sem kröfuharða keppni í reiðmennsku. Það þarf afburða knapa til að standa ofarlega í þessari keppni. Mér finnst ekki að einhverjir metrar til eða frá eigi að skipta máli. En íþróttafréttaritarar og aðrir sem að valinu koma hljóta að hafa einhverjar reglur til að fara eftir. Mér finnst að taka eigi árangur í meistaradeildinni með.“

*Hvað finnst þér um óhefðbundnar keppnisgreinar eins og gæðingafimi og smala?*

„Mér líst mjög vel á smalann. Þetta er keppnisgrein sem gæti hentað hinum almenna hestamanni sem hefur ekki áhuga á, eða aðstæður til að þjálfa keppnishest í hinum hefðbundnu greinum. Einnig fyrir börn og unglinga. Hraðinn má þó ekki verða of mikill. Þetta ætti að mínu viti fyrst og fremst að vera keppni í lipurð – samspili manns og hests. Þetta er líka spor í þá átt að þróa keppnisgreinar fyrir fleiri hestgerðir en við höfum einblínt á lengi – gangtegunda- og fótaburðarhestinn.“

*Þú ert formaður fagráðs í hrossarækt. Erum við ekki að einblína svolítið á íþrótta- og keppnishestinn í kynbótadómunum?*

„Það er vissulega lögð áhersla á sýningarhestinn. En það er líka lögð mikil áhersla á gott tölt og gott geðslag. Sem ætti að henta hinum almenna hestamanni vel. Auðvitað geta menn svo haft skoðanir á því hvort okkur er að takast það. En þetta er stefnan. Ég held að núverandi ræktunartakmark rúmi margar hestgerðir: Gæðinginn, íþróttakeppnishestinn, og hinn almenna útreiðahest. Hins vegar fá hinar ýmsu hestgerðir mismikla athygli. Hestgerð sem á kannski fullan rétt á sér fær ekki athygli og notkun vegna þess að það er enginn farvegur fyrir hana í keppni. Í smala er ekki krafist fótaburðar eða glæsileika og þess vegna tel ég hana spor í þá átt að gefa fleiri hestgerðum tækifæri.“

## ● ÁRSMIÐAR – HAGKVÆMUR KOSTUR



Minnt skal á að hægt er að kaupa ársmiða Meistaradeildar VÍS í hestaíþróttum. Verð á honum er krónur 5.000 og gildir hann fyrir þau sex mót sem haldin eru í Ölfushöllinni. Stakir miðar á mót í Ölfushöllinni kosta 1.500 krónur. Ársmiðinn er því nærri helmingi ódýrari en ef keyptir eru stakir miðar á öll mótin. Selt verður sérstaklega á mótið sem haldið verður á Ármóti. Hægt er að kaupa miða í hestavöruverslununum Top Reiter, Líflandi og hjá Baldvin og Þorvaldi á Selfossi.






# Keppt í smala í kvöld



Reynsla af smalamennsku kemur sér vel í keppninni.

Fyrsta mót Meistaradeildar VÍS í vetur verður haldið í kvöld. Keppt verður í smala, sem einnig gengur undir nafninu hraðafimi.

Í smalanum reyna keppendur að leysa ákveðin verkefni á sem skemmstum tíma. Árangur ræðst af tíma og fjölda refsistiga sem knapar fá ef óvarlega er farið.

Smalabrautin nú er lík þeirri sem sett hefur verið upp undanfarin keppnistímabil að viðbættum tveimur verkefnum. Annað þessara verkefna er að ríða krossgang stuttan spöl með planka milli fram- og afturfóta, hitt verkefnið er opna hlið í brautinni og ríða í gegn. Bæði þessi nýju verkefni krefjast þess að mikill skilningur ríki milli manns og hests. Þau hafa bæði þau áhrif að hægja á hraðanum í brautinni og hafa þau verið sett á staði sem vel máttu við því að hægt væri á.



**●HEIMASÍÐA MEISTARADEILDAR VÍS** Heimasíðu Meistaradeildar VÍS er að finna á vefslóðinni www.meistaradeildvis.is. Þar verða fréttir úr deildinni, úrslit, myndir og dagskrá. Þar er hægt að fá upplýsingar um öll liðin. Einnig verður hægt að horfa á sjónvarpsþættina sem verða gerðir um keppnina í meistaradeildinni.

Þess má geta að upplýsingar um Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum er að finna víðar á alheimsnetinu og hefur deildin nú eigin fésbókarsíðu. Geta áhugasamir notendur bæst í hópinn sem að sjálfsögðu heitir Meistaradeild VÍS.


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Capacent ág-okt 08

Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

FRÉTTABLAÐIÐ

Auglýsingasími
512 50 50



– Mest lesið


## LÍFLAND

## Bergþóra Þorkelsdóttir

Lífland er nýtt lið í Meistaradeild Vís. Forsvarsmaður liðsins er Bergþóra Þorkelsdóttir framkvæmdastjóri.



**Hvers vegna ákvað Lífland að taka þátt í liðakeppni meistaradeildar VÍS?** Lífland hefur lagt áherslu á að koma að áhugaverðum atburðum í hestamennskunni eftir því sem hægt er. Meistaradeildin býður upp á skemmtilegt uppbrot á hefðbundnum mótum.

**Ert þú og fjölskylda þín í hestamennsku?** Við fjölskyldan erum á kafi í hestamennsku. Við höfum haft okkar hross í Kópavoginum á veturna en austur í Rangárvallasýslu á sumrin. Við skemmtum okkur við útreiðar á veturna og ferðalög á sumrin eftir því sem tími vinnst til. Fyrst og fremst njótum við þess að nota hestana til tilbreytingar frá vinnu og til útvistar

**Var eitthvað sem kom ykkur á óvart þegar þið fóruð að kynna ykkur meistaradeildina?** Meistaradeildin kemur á óvart á þann hátt að þarna er komin keppni í hestaíþróttum sem auðvelt er að fylgjast með og býður upp á tiltölulega stutta kvöldskemmtun en einnig liðakeppni sem gaman er að fylgjast með.

**Finnst þér að forsvarsmenn liðanna ættu sjálfir að velja knapa í sín lið fremur en að knapar veljist í úrtöku?** Eins og meistaradeildin hefur þróast er eðlilegt að hafa þann hátt á að knapar vinni sér inn rétt til þátttöku eins og nú er. Með því er verið að tryggja möguleika allra góðra knapa á því að komast að óháð tengslum þeirra við styrkjendur liðanna.

**Teljið þið að ykkar lið eigi möguleika á sigri í deildinni?** Við erum mjög ánægð með liðið okkar. Þar kemur saman ungt og framsækið fólk og reynsluboltar úr bransanum.Við gerum klárlega ráð fyrir að eiga möguleika á sigri í deildinni.

**Hvaða lið er sterkasti andstæðingurinn?** Það er ekki gott að segja. Þetta fer líka eftir hestakosti manna en ég held að við lítum á lið Frumherja, sem stýrt er af Viðari Ingólfssyni, sem okkar sterkasta andstæðing þegar tillit er tekið til reynslu í deildinni.

## Sigurbjörn Bárðarson liðsstjóri



Sigurbjörn Bárðarson er fæddur 2. febrúar 1952. Eiginkona hans er Fríða Steinarsdóttir. Börn þeirra eru Steinar, Silvía, Styrmir, Sara og Sigurbjörn. Sigurbjörn starfar við tamningar og reiðkennslu og rekur hrossaræktarbú á Oddhóli á Rangárvöllum.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Ég stefni alltaf á fyrsta sætið. Það er markmið sem allir keppnismenn verða að setja sér.

**Mottó í reiðmennsku?** Að hafa í heiðri gildi íslenska gæðingsins í sögu þjóðarinnar og heimsins.

## Agnar Þór Magnússon



Agnar Þór Magnússon fæddur 15. nóvember 1975. Unnusta hans er Birna Tryggvadóttir. Hann á eina dóttur, Karenu Gígju 12 ára. Agnar rekur tamningastöð í Staðarhúsum í Borgarfirði.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Gera eins vel og ég get og hafa gaman af því að taka þátt.

**Mottó í reiðmennsku?** Ég vil hafa frjálsleikann í fyrirrúmi. Náttúrugæðingurinn verður að skína í gegn.

## Bylgja Gauksdóttir



Bylgja Gauksdóttir er fædd 15. september 1984. Unnusti hennar er Ólafur Andri Guðmundsson tamningamaður. Bylgja er tamningamaður hjá Gunnar Arnarsyni og Kristbjörgu Eyvindsdóttur á Grænhóli.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Gera sitt besta og ná sem lengst.

**Mottó í reiðmennsku?** Bæta sjálfa mig sem reiðmann, læra af mistökum og af öðrum reiðmönnum.

## LÝSI





## Arndís og Katrín Pétursdætur

Lýsi er nýtt lið í Meistaradeild Vís. Forsvarsmenn liðsins eru systurnar Arndís og Katrín Pétursdætur.

**Hver er aðkoma ykkar að hestamennskunni?**
Höfum stundað hestamennsku frá blautu barnsbeini. Við rekum í dag hrossaræktarbú að Velli í Rangárþingi eystra.

**Hvers vegna þátttaka í meistaradeild VÍS?**
Áhugaverð keppni sem vekur mikla athygli.

**Eigið þið einhverja af þeim gæðingum sem eru í liðinu ykkar?**
Nei.

**Var eitthvað sem kom ykkur á óvart þegar þið fóruð að kynna ykkur meistaradeildina og þátttöku í henni?**
Já, meistaradeildin er ný vídd í hestamennsku á Íslandi. Þetta er góður vettvangur fyrir framúrskarandi knapa til þess að sýna hæfni sína og eflir metnað manna í hestamennsku. Fyrir þá sem eru með keppnisskap eins og við. Það er líka gaman að fylgjast með og halda með sínu liði.

**Teljið þið að ykkar lið eigi möguleika á sigri í deildinni?**
Að sjálfsögðu.

**Að lokum?**
Áfram Ísland.

## Ísleifur Jónasson liðsstjóri



Ísleifur Jónasson er fæddur 12. maí 1975. Kona hans er Ingileif Guðjónsdóttir. Ísleifur á tvær dætur, Vilborgu Maríu 9 ára og Sigrúnu, 7 ára. Ísleifur er bóndi og tamningamaður.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?**
Reyna að standa sig sem best og helst að vinna einhverja aðra grein en smalann.

**Mottó í reiðmennsku?**
Að hafa gaman að henni.

## Halldór Guðjónsson



Halldór Guðjónsson er fæddur 31. mars 1975. Kona hans er Hella Laks. Þau eiga synina Leó og Harra. Halldór á einnig dótturina Sunnevu, 10 ára. Halldór starfar við tamningar í Hestamiðstöðinni Dal.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Að kynnast deildinni. Ég renni blint í sjóinn.

**Mottó í reiðmennsku?** Að vera samkvæmur sjálfum sér og og trúa á það sem maður leggur upp með.

## Daníel Ingi Smárason



Daníel Ingi Smárason er fæddur 30. október 1982. Unnusta hans er Berglind Rósa Guðmundsdóttir. Þau eiga einn son, Almar Orra, fimm mánaða. Daníel Ingi starfar hjá Orkuveitu Reykjavíkur sem tækniteiknari.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?**
Reyna að ná sem flestum stigum.

**Mottó í reiðmennsku?**
Það sem andinn blæs mér í brjóst hverju sinni.

# Meistaradeildin í Sjónvarpið

Í fyrra náðust samningar við RÚV um gerð og sýningu þátta um Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum í Sjónvarpinu. Voru þeir sýndir á sunnudagskvöldum eftir hvert mót. Umsjónarmaður þáttanna var hin kunna sjónvarps- og hestakona Brynja Þorgeirsdóttir.

Í vetur verður framhald á þessum þáttum, enda tókust þeir afar vel og fengu áhorf sem var vonum framar. Brynja mun áfram verða stjórnandi þáttanna, en hún hefur einstakt lag á að gæða þá lífi þannig að allir hafa gaman af, bæði harðsnúnir hestamenn og almenningur. Útsendingartími þáttanna hefur ekki verið ákveðinn.


Brynja Þorgeirsdóttir sér um sjónvarpsþættina um Meistaradeild VÍS.


Anton Páll Níelsson er varaknapi fyrir lið Skúfslækjar.

## Varaknapar

Eftirtaldir knapar hafa verið samþykktir sem varaknapar fyrir keppnistímabilið 2009:

Í lið Skúfslækjar kemur Anton Páll Níelsson, en nýlega lét hann af störfum sem reiðkennari á Hólum og starfar nú á Feti. Anton er á WorldRanking-lista í tölti og fimmgangi.

Í lið Málningar kemur Þorvaldur Árni Þorvaldsson. Hann gaf nýverið eftir sæti sitt sem aðalknapi í meistaradeildinni, en kemur nú inn sem varaknapi. Þorvaldur er Íslandsmeistari í tölti, íþróttaknapi ársins og hefur staðið mjög ofarlega í meistaradeildinni á undanförnum árum.


Teitur Árnason er varaknapi í liði Hestvits.

Í lið Hestvits kemur Teitur Árnason, en hann var í haust kjörinn efnilegasti knapi ársins og er sexfaldur Íslandsmeistari, meðal annars í 150m skeiði.


Einar Öder er varaknapi í liði Frumherja.

Í lið Frumherja kemur Einar Öder Magnússon, en hann er á WorldRanking lista í skeiðgreinum. Einar hefur einnig komið töluvert að íslenska landsliðinu, meðal annars sem einvaldur á síðasta Norðurlandamóti.

Í lið Líflands kemur Ævar Örn Guðjónsson, fyrrverandi tamningamaður á Feti, sem nú er farinn að temja á höfuðborgarsvæðinu. Ævar er á WorldRanking-lista í gæðingaskeiði, tölti og fimmgangi.

Í lið Top Reiter kemur Guðmundur Björgvinsson, tamningamaður í Kirkjubæ. Guðmundur er á WorldRanking-lista í fimmgangi ásamt því að hafa verið tilnefndur sem gæðingaknapi ársins.

Í lið Lýsis kemur Reynir Örn Pálmason, en hann er á WorldRanking-lista í slaktaumatölti (T2) og fimmgangi.

Eins og sjá má á ofangreindum lista, þá er mikill metnaður hjá liðunum að hafa sterka varaknapa ef einhver skyldi forfallast. Reglur um forföll má sjá á vef Meistaradeildar VÍS www.meistaradeildvis.is undir „um Meistaradeild VÍS“.




Hestar og knapar falla í gegnum ísinn. MYND/JENS EINARSSON

# Knapar og hestar í kalt bað í Tjörninni

Knapar og hestar í Meistaradeild VÍS fengu heldur betur kalt bað við setningu meistaradeildarkeppninnar, sem fram fór á Tjörninni í Reykjavík. Tíu til fimmtán hestar lentu í vök þegar ísinn brotnaði undan þeim.

Sýning keppenda í meistaradeildinni var lokaatriði á blaðamannafundi sem var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fljótlega eftir að hestar og áhorfendur voru komnir út á ísinn varð ljóst að hann var ekki vel traustur. Hann dúaði og brast við hátt. Í hita leiksins uggðu knaparnir ekki að sér og fylktu liði í breiðfylkingu með þeim afleiðingum að ísinn gaf sig.

Að vonum varð uppi fótur og fit. Vatnið náði hestunum upp fyrir miðjar síður. Þeir sukku í leirdrulluna í botninum og áttu því erfitt með að spyrna sér upp á ísskörina, sem brotnaði undan þeim jafnóðum.

Nokkrir vaskir sveinar með Fjölni Þorgeirsson í fararbroddi létu sig vaða ofan í kalt vatnið, komu löngum böndum aftur fyrir hestana og þannig tókst að tosa þá upp á ísinn. Engin alvarleg slys urðu á hestum og mönnum en nokkrir hestanna voru kaldir eftir volkið.


Fjölnir Þorgeirsson ýtir undir rassinn á einum gæðingnum.


Vatnið náði hestunum upp á bak.


Hestarnir áttu sumir hverjir erfitt með að komast á þurrt.

## MÁLNING

málning ehf. -það segir sig sjálft-



### Baldvin Valdimarsson

**Hvers vegna þátttaka í Meistaradeild VÍS?**
Við höfum tekið þátt áður og ákváðum að vera með áfram. Fjölskyldan er mjög tengd inn í hestamennskuna. Foreldrar mínir og bróðir eru á kafi í þessu. Við höfum alltaf verið jákvæð gagnvart því að styðja og taka þátt í verkefnum í hestamennskunni. Vinsældir meistaradeildarinnar eru greinilega að aukast og um leið verður hún eftirsóknarverðari auglýsingakostur.
**En ert þú sjálfur í hestamennsku?**
Nei, reyndar ekki. Ég er í golfinu og læt það duga. En ég skil vel þennan mikla áhuga annarra í fjölskyldunni. Það er greinilegt að hestamennskan fangar fólk þegar það er á annað borð komið út í þetta áhugamál. Dóttir mín, sem er 15 ára, er byrjuð að fara á bak og á góða að í fjölskyldunni.
**Fylgist þú vel með í meistaradeildinni?**
Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki gert það. Áhugasviðið er annars staðar. En ég á frekar von á því að dóttir mín dragi mig með sér, alla vega á eitt mót í vetur.
**Eitthvað að lokum?**
Ég vona bara að keppnin gangi vel fyrir sig og að öllum liðunum gangi vel. Liði Málningar þó best.

### Sigurður V. Matthíasson liðsstjóri



Sigurður V. Matthíasson er fæddur 17. júlí 1976. Kona hans er Edda Rún Ragnarsdóttir og börn þeirra eru Bjarki Ragnar 11 ára og Matthías 2 ára. Sigurður er tamningamaður og reiðkennari og rekur Reiðskóla Reykjavíkur ásamt Eddu konu sinni.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?**
Undirbúa sig vel fyrir harða keppni og hafa gaman af að taka þátt.
**Mottó í reiðmennsku?**
Ástunda faglega og snyrtilega reiðmennsku, fylgjast vel með nýjungum og halda sér við.

### Eyjólfur Þorsteinsson



Eyjólfur Þorsteinsson er fæddur 2. júlí 1983. Unnusta hans er Vigdís Matthíasdóttir. Eyjólfur starfar við tamningar og reiðkennslu. Hefur lokið þriggja ára námi frá Hólaskóla.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?**
Að gera betur en í fyrra. Þá var ég í fimmta sæti.
**Mottó í reiðmennsku?**
Að ná árangri í samvinnu og sátt við hestinn.

### Valdimar Bergstað



Valdimar Bergstað er fæddur 19. desember 1989. Hann er í námi við Menntaskólann Hraðbraut.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?**
Stefnir maður ekki alltaf á sigur?
**Mottó í reiðmennsku?**
Verða betri reiðmaður.

## TOP REITER

TOP REITER INTERNATIONAL

### Ásgeir Herbertsson

**Hvers vegna þátttaka í Meistaradeild VÍS?**



Top Reiter er hestavöruverslun og við leitum einfaldlega við að styrkja góð málefni í þessum geira. Meistaradeildin er mjög vel heppnuð og spennandi keppni. Þarna eru saman komnir margir af bestu knöpum og hestum landsins. Meistaradeildin nýtur vaxandi vinsælda og sjónvarpsþættir á RÚV hafa aukið áhorfið til muna, og þar með gert kostinn girnilegri fyrir fyrirtækin.
**Þú ert gamalreyndur keppnismaður í hestaíþróttum. Ert þú enn þá að meðhöndla keppnishesta?**
Fyrirtækið er eins og margir vita annað og meira en hestavöruverslun. Faðir minn, Herbert Ólason (Kóki), rekur hestamiðstöð í Þýskalandi og við kaupum og seljum töluvert af hrossum á hverju ári. Mig langar til að eignast góðan keppnishest aftur. Ég er alltaf að leita að hinum eina sanna gæðingi. En svo rekur maður sig alltaf á að hann er ekki til og hefur aldrei verið. Þetta er eilíf leit.
**Ertu sáttur við keppnisgreinarnar og fyrirkomulagið í meistaradeildinni?**
Nei, ég hefði viljað sjá breytingar á því hvernig valið er í liðin. Top Reiter er vegna eðli sinnar starfsemi í samstarfi við ýmsa þekkta knapa. Þess vegna er það forsenda fyrir áframhaldandi þátttöku okkar að stuðningsfyrirtækin fái sjálf að velja knapa í liðin. Í það minnsta tvo, og helst alla. Það segir sig sjálft að það væri hálfklént ef okkar lið væri skipað knöpum sem eru í samstarfi við samkeppnisaðila okkar.
**Hvernig mun lið Top Reiter standa sig að þessu sinni?**
Ég hef fulla trú á liðinu. Páll Bragi er reyndur keppnismaður sem hefur sýnt og sannað að hann getur gert góða hluti á góðum hesti. Ragnar Tómasson er ungur en afskaplega efnilegur knapi, í senn sókndjarfur og prúður. Daníel Jónsson er náttúrulega magnaður reiðmaður og spennandi að sjá hvað hann gerir. Hann hefur lítið keppt í hringvallargreinum síðan hann var unglingur. En hann getur allt.

### Daníel Jónsson liðsstjóri

Daníel er fæddur 30. júlí 1976. Kona hans er Guðbjörg Ágústdóttir. Dætur þeirra eru Dagbjört 13 ára og Jónína 3 ára. Daníel starfar við tamningar og rekur hestamiðstöð í Pulu í Holta- og Landsveit.



**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Ég er ekki með þjálfaða keppnishesta í íþróttakeppni. Raunhæft markmið er að komast í úrslit í einni eða tveimur greinum.
**Mottó í reiðmennsku?** Að þróa og bæta reiðmennskuna eins lengi og maður hefur heilsu til að sitja í hnakk.

### Páll Bragi Hólmarsson



Páll Bragi Hólmarsson er fæddur 23. júlí 1971. Eiginkona hans er Hugrún Jóhannsdóttir. Dóttir þeirra er Elín Þórdís 4 ára. Páll Bragi rekur hestamiðstöð og hrossaræktarbúið Austurkot ásamt konu sinni.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?** Að vinna deildina. Það hefur ekkert breyst.
**Mottó í reiðmennsku?** Reyna að njóta þess að vera í þessu starfi; njóta þess að vera reiðmaður.

### Ragnar Tómasson



Ragnar Tómasson er fæddur 25. september 1992. Unnusta hans er Kristín Ísabella Karelsdóttir. Ragnar er á fyrsta ári í menntaskóla; Borgarholtsskóla.
**Persónuleg markmið fyrir deildina?**
Að gera sitt besta og halda sér inni í deildinni.
**Mottó í reiðmennsku?**
Að tileinka sér góða og snyrtilega reiðmennsku.

SKÚFSLÆKUR

## Sigurður Ragnarsson



Sigurður Ragnarsson fer fyrir liði Skúfslækjar. Sigurður hefur um árabil gert út flota gæðinga og stóðhesta. Hann hefur verið viðloðandi Meistaradeild VÍS frá upphafi.

**Hvers vegna tekur þú þátt í Meistaradeild VÍS?**

Eins og fram kom í viðtali við mig vegna Meistaradeildar VÍS á síðasta ári þá tel ég meistaradeildina skemmtilegt framtak. Ég tel liðakeppnina auka á spennuna og mikilvægi hvers keppanda. Þar sem ég hef mjög gaman að keppni þá finnst mér spennandi og nauðsynlegt að taka þátt. Ég hef óbeint verið viðloðandi meistaradeildina frá upphafi þar sem liðsstjóri minn og félagi, Sigurður Sigurðarson, hefur verið þar fremstur í flokki.

**Þú sagðir í fyrra að þú vildir taka gæðingakeppni inn í deildina, til dæmis A-flokk gæðinga. Ertu enn sama sinnis?**

Keppnisgreinar meistaradeildar eru í stöðugri endurnýjun og þróun. Breytingar má þó ekki gera breytinganna vegna. Meistaradeildin gengur út á það að finna fjölhæfasta knapann og liðið. Því finnst mér nauðsynlegt að bæta gæðingakeppninni inn í. Við erum með íþróttakeppnisgreinar, kappreiðar, smala og fleira. Við þurfum að reyna að sjá keppnina í víðara samhengi. Því miður þá er íslenski gæðingurinn á undanhaldi. Það er ekki nógu stór vettvangur fyrir hann innan keppnisgeirans.

Það eru of fá gæðingamót og alþjóðavæðing þeirra gengur allt of hægt. Þetta er mjög mikilvægt út frá markaðslegu tilliti. Tökum dæmi: Topp fjórgangari er miklu verðmætari heldur en B-flokks hestur. Er það eðlilegt? Mér finnst að Meistaradeildin þurfi að leggja hönd á plóginn með unnendum íslenska gæðingsins og hefja hann aftur til vegs og virðingar.

**Finnst þér einhverri grein ofaukið í deildinni?**

Ef það væri einhver keppnisgrein sem ég myndi vilja sleppa þá er það smalinn. Hann höfðar minnst til mín.

**Dóttir þín er í liði Skúfslækjar og þú ert án efa stoltur faðir. Hvaða þýðingu hefur þátttaka í deildinni fyrir unga og upprennandi knapa eins og hana?**

Þátttaka knapa í meistaradeild er alveg gríðarlega mikilvæg fyrir þá. Svona sterk mótaröð heldur knapanum við efnið og er nauðsynleg reynsla fyrir viðkomandi aðila. Hvað mig sjálfan áhrærir þá er ég að sjálfsögðu mjög stoltur af Camillu minni og mun styðja hana eins og frekast er kostur.

**Verða einhverjir stóðhestar úr þínum flota í meistaradeildinni?**

Eins og staðan er núna þá verða einhverjir stóðhestar notaðir. Það er líklegt að Jakob Sigurðsson mæti með Vörð frá Árbæ í fimmgang. Síðan er það spurning með Sigurð hvort hann mætir með Suðra frá Holtsmúla í einhverja grein. Camilla mætir líklega með Ólíver frá Austurkoti í slaktaumatölt. En þetta eru allt spádómar og ekkert ljóst fyrr en á keppnisdegi hverju verður teflt fram.

Að lokum vil ég hvetja sem flesta til að leggja leið sína á mót meistaradeildar því án áhorfenda er þetta lítið spennandi.

## Sigurður Sigurðarson liðsstjóri



Sigurður Sigurðarson er fæddur 6. júní 1969. Eiginkona hans er Sigríður A. Þórðardóttir. Börn Sigurðar af fyrra hjónabandi eru Róbert 16 ára og Rakel 10 ára. Dóttir Sigríðar af fyrra hjónabandi er Vilborg 9 ára, og saman eiga þau synina Sigurð Matthías 4 ára og Dag, tveggja mánaða. Sigurður rekur hestamiðstöð og hrossaræktarbú á Þjóðólfshaga.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?**

Að bæta mig frá því í fyrra (Siggi var í öðru sæti í fyrra og hittiðfyrra).

**Mottó í reiðmennsku?**

Vinna stöðugt að því að verða betri hestamaður og reiðmaður.

## Jakob Sigurðsson



Jakob Sigurðsson er fæddur 31. júlí 1975. Unnusta hans er Þórunn Hjelvik. Jakob starfar við tamningar og reiðkennslu og á og rekur hrossabúið Steinsholt í Leirársveit.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?**

Reyna að gera enn betur en í fyrra, alla vega að reyna að ná stigi út úr smalanum, sem tókst ekki síðast!

**Mottó í reiðmennsku?**

Að það sé samspil milli manns og hests.

## Camilla Petra Sigurðardóttir



Camilla Petra Sigurðardóttir er fædd 18. febrúar 1988. Er í sambandi með Þorkeli Bjarnasyni. Camilla er á öðru ári í Hólaskóla og er núna í verknámi hjá Sigurði Sigurðarsyni í Þjóðólfshaga.

**Persónuleg markmið fyrir deildina?**

Að halda sætinu í deildinni og ná í sem flest stig fyrir lið Skúfslækjar.

**Mottó í reiðmennsku?**

Að vinna út frá forsendum hestsins og bæta mig sem reiðmann.

ÁRMÓT

HESTABÚGARÐUR



Ármot - Rangárvöllum - Sími 487 5131 - Fax 487 5132
armot@armot.is - www.armot.is



# Tölulegar staðreyndir

Þegar litið er á tölulegar staðreyndir í Meistaradeild VÍS kemur í ljós að atkvæðamesti knapinn frá upphafi er Sigurður Sigurðarson. Hann hefur einu sinni unnið meistaratitilinn, en tvívegis verið hársbreidd frá honum. Í raun er það viðurkennt að ófullkomnar reglur, eða túlkun á þeim, hafi tvisvar orðið til þess að hann missti titilinn í hendur annars. Sigurður hefur hæstu skor allra knapa í deildinni frá upphafi: Í einstökum greinum, á einu tímabili, og samanlagt.



**Sigurður Sigurðarson er atkvæðamesti knapi Meistaradeildarinnar. Hér er hann á Yl frá Akranesi.**

## ● MEISTARAR FRÁ UPPHAFI

| | |
|---|---|
Og það eru skemmtilegar hliðarsögur úr Sólskinsdrengnum. Margrét upplýsir þannig að saga Dov verði brátt kvikmynduð. Dov var hálfgerður örlagavaldur í lífi Kela en hann hafði sótt námskeið hjá hinni indversku Soma og hún hjálpaði honum að tjá sig. Keli fékk síðar meir tíma hjá Soma sem hjálpaði honum mjög mikið. Mamma Dov, Portia Iversen, skrifaði ansi magnaða bók um líf sonar síns sem ber heitið Strange Son. Pabbi Dov er Jonathan Shestack og er þekktur framleiðandi í Hollywood og nú hefur Julia Roberts keypt kvikmyndahandritið og mun að öllum líkindum leika aðalhlutverkið í myndinni.

Þar að auki er í farvatninu kvikmynd byggð á ævi Temple Grandin sem talar um glímuna við einhverfu í Sólskinsdrengnum. Temple er einhver þekktasti búfjárfræðingur Bandaríkjanna og nýtur mikillar virðingar þar vestra. Upplýst hefur verið að Claire Danes leiki hana en meðal annarra leikara í myndinni má nefna David Strathairn sem tilnefndur var til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í George Clooney-myndinni, Good Night, and Good Luck. Margrét gleðst að sjálfsögðu yfir þeim mikla áhuga sem virðist vera að vakna á einhverfu. Aðspurð hvort ekki sé bara Hollywood-mynd um Kela í bígerð, segir Margrét svo ekki vera. „En hins vegar hafa erlendir dreifingaraðilar verið mjög áhugasamir um myndina og þessi áhugi skemmir ekkert fyrir okkur.“ - fgg





Aðalæfing í kvöld kl. 19 – aðgangur kr. 1.000

**Frumsýning á morgun**

Nýtt verk eftir Katrínu Hall, Peter Anderson og Cameron Corbett. Tónlist eftir Sigtrygg Baldursson, Pétur Ben og Frank Hall. Leikmynd eftir Aðalstein Stefánsson.

Landsbankinn Traustur bakhjarl Íslenska dansflokksins

**Miðasala í síma 568 8000 og á www.id.is.**

**Aðeins sex sýningar:**
05/02 08/02
15/02 22/02
01/03 08/03

**Sýnt í Borgarleikhúsinu.**

Fíton/SÍA


skemmtilegri
Idol
HEFST 13. FEBRÚAR
IDOL
ÁSKRIFTARTILBOÐ
EXTRA
BÍÓ
AÐEINS
6.310 KR.
Á MÁNUÐI Í FJÓRA MÁNUÐI
SKEMMTILEGRI FEBRÚAR
ÞAÐ ER ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
RÉTTUR - sunnudaga
Spennan magnast í fyrsta íslenska lögfræðikrimmanum.
LOGI Í BEINNI - föstudaga
AUDDI & SVEPPI - föstudaga
DAMAGES - sunnudaga
THE MENTALIST - fimmtudaga
GREY'S ANATOMY - miðvikudaga
AMERICAN IDOL - mánudaga
24 - fimmtudaga
COLD CASE - sunnudaga
HOW I MET YOUR MOTHER - þriðjudaga
SJÁLFSTÆTT FÓLK - sunnudaga
GOSSIP GIRL - miðvikudaga
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Geir áfram formaður KSÍ

Það er ljóst að Geir Þorsteinsson verður áfram formaður KSÍ næstu tvö árin. Hann fær ekkert mótframboð á ársþinginu sem er fram undan og gefur sjálfur kost á sér til endurkjörs. Hann er því sjálfkjörinn. Breyting verður á aðalstjórn KSÍ þar sem Stefán Geir Þórisson og Þórarinn Gunnarsson gefa ekki kost á sér áfram. Gylfi Þór Orrason og Róbert Agnarsson hafa aftur á móti boðið sig fram í aðalstjórn og eru sjálfkjörnir. Guðrún Inga Sívertsen gjaldkeri býður sig aftur fram sem og Vignir Már Þormóðsson og munu sitja áfram.



**sport**
sport@frettabladid.is

**KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ KR:** FYRSTIR TIL AÐ BJÓÐA UPP Á KNATTSPYRNU FYRIR FATLAÐA

# *Fá að æfa með leikmönnum meistaraflokka KR*

KR varð á mánudag fyrsta íþróttafélagið, sem sérhæfir sig ekki í íþróttum fyrir fatlaða, til þess að byrja með knattspyrnuæfingar fyrir fatlaða.

„KSÍ þarf að gera ákveðna hluti til að halda sínum réttindum frá UEFA og þetta er held ég hluti af því núna. KSÍ leitaði svo til mín og bað KR um að verða fyrsta félagið til þess að vera með æfingar fyrir fatlaða. Í dag er það bara Ösp sem veitir slíka þjónustu. Þeir geta náttúrlega ekki keppt við neina og því er ekkert nema jákvætt að önnur félög geti stofnað lið," sagði Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, en hann tók að sér að vera með fyrstu æfinguna og spilaði með strákunum sem mættu.

„Það voru reyndar ekki nema fimm sem mættu á fyrstu æfinguna en það fjölgar vonandi. Við ætlum okkur ekkert að stela leikmönnum af Ösp eða álíka heldur er þetta hugsað sem aukin þjónusta. Að fatlaðir einstaklingar geti sótt æfingar í sínu hverfi. Ef það koma síðan upp fleiri lið er svo hugsanlega kominn vísir að smá móti í stað þess að allir séu að spila innbyrðis hjá Ösp. Margir vilja líka eflaust fá að spila fyrir það félag sem þeir styðja og fá að klæðast þeim búningi í leik," sagði Rúnar en KR er í góðum hópi frumkvöðlaliða í Evrópu á þessu sviði. „Ég held að Arsenal sé frumkvöðullinn á Englandi, Inter á Ítalíu og svo KR á Íslandi."



Æfingar eru einu sinni í viku og tveir flokkar ef svo má segja. 16 ára og eldri á mánudögum og 15 ára og yngri á laugardögum. Rúnar segir takmarkið að hafa þetta skemmtilegt fyrir alla.

„Þetta er ákveðið tilraunaverkefni í tvo mánuði til að byrja með en við hugsum þetta til lengri tíma litið ef það heppnast vel og mæting góð. Ég var með fyrstu æfinguna og við spiluðum og höfðum gaman. Svo reyndi maður að leiðbeina aðeins líka í leiðinni," sagði Rúnar en iðkendum hefur væntanlega ekki þótt leiðinlegt að fá góð ráð frá landsleikjahæsta leikmanni Íslands frá upphafi.

„Svo er stefnan að koma með leikmenn úr meistaraflokki karla og kvenna á hverja æfingu og þá til að vera með líka. Það mættu tveir meistaraflokksstrákar á fyrstu æfinguna og þetta var virkilega skemmtilegt."



**FRANK LAMPARD** Fékk óverðskuldað rautt spjald gegn Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Frank Lampard:

## Sleppur við leikbann

**FÓTBOLTI** Chelsea vann áfrýjun sína vegna rauða spjaldsins sem Frank Lampard fékk gegn Liverpool. Lampard þarf því ekki að taka út leikbann.

Félagi hans hjá Chelsea, Jose Bosingwa, mun einnig sleppa við refsingu þó svo að hann hafi sparkað í bakið á Yossi Benayoun í sama leik. **- hbg**

Enski bikarinn:

## Burnley áfram

**FÓTBOLTI Jóhannes Karl Guðjónsson og félagar í Burnley tryggðu sér í gær sæti í 5. umferð ensku bikarkeppninnar þegar liðið lagði úrvalsdeildarlið WBA, 3-1.**

**Steven Thompson skoraði tvisvar og Wade Elliott einu sinni. Gianni Zuiverloon skoraði mark WBA.**

**Jóhannes Karl spilaði síðustu tíu mínútur leiksins. - hbg**

# FSU-liðið mun betra án Ítalans

**Sex lykilmenn hafa hækkað sig um samtals 23,6 framlagsstig í þeim leikjum sem FSU hefur spilað án Thomas Viglianco í vetur. FSu hefur unnið 3 af 4 leikjum sínum á nýju ári eftir að hann fór aftur heim.**

**KÖRFUBOLTI** Flest lið í Iceland Express-deild karla fá sér erlenda leikmenn til að styrkja sín lið en það lítur út fyrir að nýliðar FSu hafi gert algjöra andstöðu þess – styrkt liðið með því að láta erlendan leikmann fara.

Brotthvarf Thomas Viglianco virðist hafa haft góð áhrif á FSu-liðið sem hefur unnið 3 af 4 leikjum sínum á nýju ári, þar af tvo fyrstu útisigra sína í vetur. Þjálfarinn Brynjar Karl Sigurðsson hefur í staðinn fengið meira frá öðrum leikmönnum liðsins.

Thomas Viglianco skilaði ekki slæmum tölum í sjö leikjum með FSu. Hann var með 17,3 stig, 11,4 fráköst og 3,0 stoðsendingar í leik auk þess að hitta úr 24 af 47 þriggja stiga skotum sínum (51,1 prósent skotnýting).

Þrátt fyrir fínar tölur hjá Thomasi var árangur liðsins ekki eins góður. FSu vann ekki nema einn leik með hann innanborðs og það var á móti Blikum þegar hann var rekinn út úr húsi eftir 18 mínútur. Staðan var þá 42-39 fyrir FSu en liðið vann síðan leikinn með 23 stiga mun, 93-70.

Tveir leikmenn komu sérstaklega sterkir inn í þennan leik eftir að Viglianco yfirgaf húsið með brottrekstrarvillu. Björgvin Valentínusson skoraði 22 stig og Sævar Sigurmundsson var með 15 stig og 7 fráköst síðustu 22 mínútur leiksins.

Það má sjá mikinn mun á framlagi Sævars Sigurmundssonar í þeim leikjum sem Viglianco hefur ekki verið með í vetur. Sævar var „aðeins" með 12,0 stig, 5,6 fráköst og 43 prósenta skotnýtingu í þeim leikjum sem Thomas spilaði frá upphafi til enda. Í leikjunum án Viglianco, að viðbættum Blikaleiknum þegar hann var rekinn út í fyrri hálfleik, þá var Sævar aftur á móti með 22,1 stig, 7,2 fráköst og 56 prósent skotnýtingu en FSU vann 6 af þeim 9 leikjum.

Það er líka enginn vafi á því að það er mikilvægt fyrir FSU-liðið að Sævar spili vel. Hann er að skora 24,5 stig að meðaltali og hitta úr 62,2 prósentum skota sinna í sigurleikjum liðsins í vetur.

Það er ekki bara Sævar sem spilar betur þegar Thomasar Viglianco nýtur ekki við. Sævar er einn af sex lykilmönnum liðsins sem eru að hækka sitt framlag í þeim leikjum og samtals skila þeir bætingu upp á 23,6 framlagsstig í leik (Viglianco skilaði 20,9 framlagsstigum að meðaltali í leik).

Þessi tölfræði segir kannski ekki alla söguna því FSu mætti fjórum bestu liðum deildarinnar með Viglianco innanborðs og næstu leikir ættu því að gefa enn skýrari mynd af áhrifum þess á FSu-liðið að missa hann en FSu spilar þá við KR, Keflavík og Snæfell á þremur vikum. **ooj@frettabladid.is**



**FARINN** Thomas Viglianco lék sjö leiki með FSu í vetur og liðið vann aðeins einn þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÚT ÚR SKUGGANUM** Sævar Sigurmundsson hefur heldur betur tekið við sér eftir að Ítalinn fór. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### SÆVAR ÚR SKUGGANUM

**- Tölfræði Sævars með FSU í vetur**

| | Sævar með - **án*** Thomas Viglianco |
|---|---|
| Stig í leik | 10,8 - **22,1** |
| Fráköst í leik | 5,6 - **7,2** |
| Skotnýting | 43,1% - **55,5%** |
| 3ja stiga skotnýting | 22,2% - **40,7%** |
| Víti fengin | 1,8 - **4,7** |
| Framlag í leik | 2,0 - **21,9** |
| Sigurhlutfall | 0% - **67%** |

*** Leikur FSu og Breiðabliks er inni í tölum yfir leiki án Viglianco en hann var þá rekinn út úr húsi í fyrri hálfleik.**






Arsenal staðfesti loksins kaupin á Arshavin í gær:

# Er búinn að halda með Arsenal lengi

**FÓTBOLTI** Arsenal tilkynnti loksins í gær að liðið væri búið að kaupa Rússann Andrei Arshavin frá Zenit St Pétursborg en þessi kaup Lundúnaliðsins komast örugglega í hóp með erfiðustu og langdregustu félagsskiptum í langan tíma.

Á tímabili skiptust netmiðlar á að segja að kaupin hafi gengið í gegn eða ekki gengið í gegn en í fyrrakvöld var þó ljóst að að þeim yrði ef enska knattspyrnusambandið myndi samþykkja þau. Það gerði sambandið í gær og þessi 27 ára Rússi mun því spila í Arsenal-treyju númer 23 næstu árin.

„Ég er rosalega ánægður með að vera kominn til Arsenal sem er eitt af stærstu fótboltafélögunum í heimi," sagði Arshavin í gær.

„Það er langt síðan ég varð stuðningsmaður Arsenal og ég er kominn til að gera mitt besta," sagði Arshavin og viðurkenndi að síðustu dagar hafi reynt á sig. „Þetta voru erfiðir dagar en það skiptir ekki máli núna því ég er kominn hingað."

Arsene Wenger hefur verið gagnrýndur fyrir að kaupa fáa reynslumenn í hið unga Arsenal-liðið en hann hefur lengi lýst yfir aðdáun sinni á Arshavin.

„Hann er fjölhæfur leikmaður með mikla reynslu og hann mun styrkja liðið mikið. Andrei hefur haft mikil og góð áhrif á bæði lið Zenit St Pétursborgar og rússneska landsliðið. Það verður spennandi að sjá hvaða áhrif hann hefur á okkar lið," sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal.

Það er ekki líklegt að Arshavin spili strax með Arsenal því rússneska tímabilinu lauk í nóvember og það má búast við að hann fái tækifæri til að koma sér í betra form áður en hann leikur sinn fyrsta leik. Arshavin getur ekki spilað með Arsenal í Meistaradeildinni þar sem hann spilaði með Zenit í keppninni. **- óój**



**ANDREI ARSHAVIN** Spilar með Arsenal næstu árin. NORDICPHOTOS/AFP



**61 STIG** Kobe Bryant hitti úr öllum 20 vítum sínum í leiknum. NORDICPHOTOS/AFP

NBA-deildin í körfubolta:

## Kobe sló metið hans Jordan

**KÖRFUBOLTI** Kobe Bryant setti nýtt met í fyrrinótt í einni frægustu íþróttahöll heims, Madison Square Garden, þegar hann skoraði 61 stig í 126-117 sigri Los Angeles Lakers á heimamönnum í New York Knicks.

Kobe sló þar með bæði met Michaels Jordan (55, flest stig leikmanns í aðkomuliði) og Bernards King (60, flest stig leikmanns í höllinni). Þetta er í fimmta sinn sem Bryant brýtur sextíu stiga múrinn en aðeins Wilt Chamberlain hefur gert það oftar (32 sinnum). **- óój**

### FLEST STIG Í MADISON SQUARE GARDEN:

| | |
|---|---|
| 61 | Kobe Bryant 2. febrúar 2009 |
| 60 | Bernard King 25. desember 1984 |
| 55 | Michael Jordan 28. mars 1995 |
| 55 | Bernard King 16. febrúar 1985 |
| 52 | Jamal Crawford 26. janúar 2007 |

**BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS**




**EINIBERJAKRYDDAÐ LÚXUS LAMBALÆRI FRÁ KJARNAFÆÐI**
**1.455 KR./KG.**
MERKT VERÐ 2.425 KR.KG.

**40% AFSLÁTTUR**




**KJÖTFARS, FERSKT FRÁ KJARNAFÆÐI**
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 442 KR./KG

## NÝTT KJÖTFARS - GAMALT VERÐ

**398**




**40% AFSLÁTTUR**

**KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI FRÁ KJARNAFÆÐI**
**398 KR./KG.**
MERKT VERÐ 664 KR./KG




**799**

**PARÍSARSNITSEL M/RASPI FRÁ KJARNAFÆÐI**
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 887 KR./KG




**30% AFSLÁTTUR**

**BRATWURSTPYLSUR FRÁ KJARNAFÆÐI**
**699 KR./KG.**
MERKT VERÐ 998 KR./KG

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

**OPIÐ: FÖSTUD:** 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00



**> Mary-Louise Parker**

„Í dag leyfi ég oftar fyrstu áhrifum að ráða ákvörðunum mínum. Ég hef glatað of mörgum góðum tækifærum með því að velta málunum of mikið fyrir mér.“

Parker leikur ekkjuna úrræðagóðu, Nancy Bowden, í þættinum Weeds sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM ÞRÁHYGGJU OG ÓTTA

# *Lifrin og lungun í stjórnmálaflokkum*

Í fyrstu viðtölum mánudagsins á rás 1 Ríkisútvarpsins varpaði hin knáa fréttakona Anna Kristín Jónsdóttir þeim almannavísdómi íhaldsins að þjóð vissi að vinstri mönnum væri ekki treystandi fyrir fjármálum. Hún var ekki vel vakandi blessunin og setti á átómatið. Spurningin var á skjön við veruleikann: fjármálalíf þjóðarinnar í rúst eftir átján ára samfellda setu sjálfstæðismanna í fjármálastjórn ríkisins, skattlagning aldrei meiri og aldrei hafði ríkið þanist eins út. Hlustandi hugsaði: hvað er að í hausnum á þessari? Þurfa menn að æla gamla bullinu frá íhaldinu strax í fyrsta viðtali ríkisfjölmiðilsins? Þarf ekki að setja neitt í samhengi við raunveruleikann?



Bjartara var yfir tveimur öðrum málsvörum sjálfstæðismanna í fyrrakvöld á hinni rómuðu stöð Ingva Hrafns þar sem þjóðarsálin opnar sig og talar áður en hún hugsar. Þar gefst besta tækifærið í landinu að heyra og sjá svartasta íhald landsins í Hrafnaþingsþáttum. Þar kemur flokkurinn fram eins og hann er klæddur – nakinn með alla taugaenda úti. Í fyrrakvöld fræddi Ingvi Hrafn brosmildan Björn Bjarnason á því að það ríkti ótti í flokknum, skelfingin nötrar í hugum sjálfstæðismanna: innistæður og ævisparnaður horfinn í græðgisbáli, aftur tekið að skammta gjaldeyri, báknið aldrei stærra. Eins og barn sem leitar til kennara eftir ólæti spurði Ingvi í angist: ræður flokkurinn við þetta? Hann var ekkert að líta í baksýnisspegilinn og komast að þeirri skoðun – nei, flokkurinn réði ekki við þetta. Okkar menn eru í bullandi afneitun og kommarnir sestir að völdunum. Hjálpi oss allir heilagir.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.00 Everton – Liverpool, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Gossip Girl** STÖÐ 2



▶ **20.10 90210** SKJÁREINN



▶ **20.30 Armed and Famous** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.20 Kiljan** SJÓNVARPIÐ

### SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin** (47:52)

**17.55 Gurra grís** (74:104)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Gló magnaða.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**19.50 Stefnuræða forsætisráðherra** Bein útsending frá Alþingi þar sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur stefnuræðu sína.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.20 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**23.05 Meistaramót** (Mestermöder) (3:3) Danskur heimildarmyndaflokkur um hljóðfæraleikara. Í þessum þætti kynnumst við málmblásurunum Jens Bjørn Larsen, Lasse Mauritzen, Carsten Svanberg og Maju Helmes. Umsjón með þáttunum hefur hljómsveitarstjórinn Frans Rasmussen.

**00.05 Kastljós** (e)

**00.50 Lögin í Söngvakeppninni** Flutt verða lögin tvö sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins um síðustu helgi.

**01.00 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Rebound**

**10.00 Ný skammastrik Emils**

**12.00 Johnny Dangerously**

**14.00 Rebound**

**16.00 Ný skammastrik Emils**

**18.00 Johnny Dangerously**

**20.00 The Cookout** Körfuboltahetjan Tod Andersen skrifar undir draumasamninginn en það vekur upp öfund hjá gömlu félögunum.

**22.00 The Mudge Boy** Fjórtán ára unglingspiltur missir móður sína og reynir að halda í minningu hennar með því að herma eftir siðum hennar.

**00.00 Æon Flux**

**02.00 The Locals**

**04.00 The Mudge Boy**

**06.00 Fíaskó**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Refurinn Pablo, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (245:300)

**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (10:25)

**11.40 Ghost Whisperer** (25:44)

**12.30 Grey's Anatomy** (8:17)

**13.15 Neighbours**

**13.40 Sisters** (24:28)

**14.25 E.R.** (22:25)

**15.10 The O.C.** (1:27)

**15.55 BeyBlade**

**16.18 Leðurblökumaðurinn**

**16.38 Íkornastrákurinn**

**17.03 Gulla og grænjaxlarnir**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Neighbours**

**17.58 Friends** (11:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (1:22) Hómer fær að fara á prufusýningu á nýjustu mynd Mels Gibson en finnst myndin léleg og Gibson ekkert merkilegur.

▶**20.00 Gossip Girl** (1:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.45 Grey's Anatomy** (11:24)

**21.30 Ghost Whisperer** (60:62) Melinda Gordon er gædd sjötta skilningarvitinu og því í nánu sambandi við hina framliðnu

**22.15 Weeds** (5:15) Ekkjan úrræðagóða, Nancy Bowden, ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.

**22.40 Sex and the City** (5:12)

**23.05 E.R.** (22:25)

**23.50 2009 Lost Memories**

**02.05 Crossing Jordan** (12:17)

**02.50 Blue Murder** (1:4)

**04.00 Gossip Girl** (1:25)

**04.45 The Simpsons** (1:22)

**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Enska bikarkeppnin**

**16.25 Enska bikarkeppnin**

**18.05 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir víðan völl. Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**18.35 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**19.30 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

▶**20.00 Everton - Liverpool** Bein útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

**22.00 Atvinnumennirnir okkar - Guðjón Valur Sigurðsson** Röðin er komin að Guðjóni Vali Sigurðssyni, sem leikur með Rhein Neckar Löwen í Þýskalandi.

**22.40 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**23.05 Everton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.10 Fulham - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.50 Middlesbrough - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.00 Coca Cola mörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.30 Premier League Review** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**21.35 Leikur vikunnar**

**23.15 Stoke - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Káta maskínan** (1:9) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífsins. (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Top Design** (5:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þeir að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndaríkri hönnun og frumleika. (e)

▶**20.10 90210** (5:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Annie tekur við aðalhlutverkinu í nemendasýningu skólans og Ty vill ganga alla leið með henni eftir frumsýninguna. Dixon og Silver eru einnig farin að draga sig saman. Í lok þáttarins hljómar lagið Birds með Emiliönu Torrini.

**21.00 Britain's Next Top Model** (4:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon.

**21.50 CSI. Miami** (17:21) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Lögfræðingur er skotinn niður og sama dag er maður skotinn til bana á kaffihúsi. Það eina sem þeir eiga sameiginlegt er að þeir voru báðir gómaðir af sjónvarpsstöð sem leiddi barnaníðinga í gildru.

**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Law & Order** (17:24) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45

### Grey's Anatomy



Vinsælasti dramaþáttur í heimi snýr aftur eftir stutt hlé. Meredith og Derek komast að því að það er mun erfiðara en þau áttu von á að viðhalda hinu fullkomna sambandi. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf lagalega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins. Í kvöld reynir á læknaeiðinn þegar teymið fær til umönnunar dauðadæmdan fanga. Allir eiga rétt á að komast undir læknishendur, jafnt saklaus börn sem dauðadæmdir morðingjar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Britain's Next Top Model

**Skjár einn kl. 21.00**



Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Í þættinum í kvöld ná stúlkurnar tíu sem eftir eru, nýjum hæðum á trampólíni í myndatökunni. Þá sýður upp úr hjá stúlkunum þegar þær segja skoðun sína hver á annarri. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Svörtu hestarnir
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (117:260)
**16.30 Hollyoaks** (118:260)
**17.00 Seinfeld** (9:24)
**17.30 Armed and Famous** (3:6)
**18.15 Chubby Children** (4:6)
**19.00 Hollyoaks** (117:260)
**19.30 Hollyoaks** (118:260)
**20.00 Seinfeld** (9:24) Georg reynir að fá Jerry til að biðjast afsökunar en hann er upptekinn af nakinni vinkonu sinni.
▶**20.30 Armed and Famous** (3:6) Nýstárlegur raunveruleikaþáttur um hóp af Hollywood-stjörnum sem eru settar í lögregluskóla og síðan er fylgst með þeim þar sem þau sinna lögreglustörfum í bænum Muncie í Indiana. Það eru Erik Estrada, Jack Osbourne, La Toya Jackson ásamt fleirum sem koma fram í þessum stórskemmtilegu þáttum.
**21.15 Chubby Children** (4:6) Bresk þáttaröð um yfirvigt barna sem er ört vaxandi vandamál í Bretlandi og víða um heim. Paul Gately, sem er sérfræðingur í ofþyngd og offitu barna, heimsækir eina fjölskyldu í hverjum þætti þar sem markmið hans er að breyta hugsunarhætti og lífsmunstri þeirra svo að börnin fái heilbrigðari og bjartari framtíð.
**22.00 Burn Notice** (9:13) Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi.
**22.45 Rescue Me** (8:13)
**23.30 Réttur** (3:6)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um nudd og heilsufar.
**21.00 Kolfinna** Kolfinna býður til sín gestum og ræðir þjóðmálin.
**21.30 Blátt áfram – ábyrgðin er okkar** Sigríður Björnsdóttir, einn af stofnendum samtakanna Blátt áfram, er umsjónarmaður þáttarins. Viðmælendur eru Þorbjörg Sveinsdóttir og Hrefna Ólafsdóttir.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.05** Aftenshowet **12.30** Kender du typen? **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Svampebob Firkant **16.25** F for Får **16.30** SYV **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Tæt på **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart **23.10** Onsdags Lotto **23.15** OBS **23.20** Godt arbejde

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Koht i familien **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Lille Prinsesse **17.10** Ugler i mosen **17.35** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** NM hopp **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** VM-kveld **20.45** Sporløst forsvunnet **21.25** Vikinglotto **21.35** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lov og orden. New York **23.30** Life on Mars

## SVT 1

**12.05** Local Hero - byns hjälte **14.00** Plus **14.30** Öga mot öga **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Alpint **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Sommer **21.00** The Tudors **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Stormen **23.10** Mästarnas mästare **00.10** Sändningar från SVT24





### A direct Elegant coli mattress



**Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam**

**Memory foam:** Bregst við þyngd og hitastigi og lagar sig nákvæmlega að líkamanum þannig að hann hvílist eðlilega og nær góðri slökun. Þetta bætir m.a. blóðflæði og dregur úr þörfinni fyrir að snúa sér sem gerir það að verkum að maður sefur betur. Kírópraktorar mæla með efninu.

180X200: Verð 198.800,- **TILBOÐ 149.100,-**
160X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**
120X200: Verð 149.800,- **TILBOÐ 112.350,-**

### A direct Power bed



**Rafmagnsbotn fáanlegur með springdýnu eða með memory foam dýnu**

96X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

HEIMA HÚSIÐ mood heima Öndvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er uppáhaldið mitt, kjúklingur og tófú með sætum kartöflum og góðu grænmeti a la Valdís. Ég fæ mér ískalt vatn með þessu. Þetta er alveg svakalega gott.“*

Valdís Silja Sigurþórsdóttir, einkaþjálfari í Sporthúsinu.

# Vilhjálmur vill Mogga úr opinberri eigu

„Við skilum inn tilboði á morgun [í dag] og þá sér Glitnir hvort einhver glóra er í þessu eða ekki. Hvort verðhugmyndir eru innan þeirra marka sem þeir höfðu vænst. Glitnir er engu bættari með að þarna komi inn risatilboð sem sá ræður svo ekki við,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, lektor og formaður Félags fjárfesta.

Vilhjálmur tilheyrir hópi sem hefur meðal annars komið sér fyrir á netinu á Facebook og almenningshlutafelag.is en þar segir að félagar séu um þúsund manna hópur sem vill bjóða í eigur Árvakurs: Moggann, netútgáfu blaðsins og prentsmiðjuna. Árvakur skuldar ríkisbankanum Glitni hátt í fjóra milljarða króna og er í sölumeðferð – bankinn hefur veitt umtalsverðum fjármunum í að halda rekstri blaðsins á floti. Sú sérkennilega staða er komin upp að þetta fyrrum málgagn Sjálfstæðisflokksins, málpípa samkeppni og þess að ríkið dragi úr umsvifum er nú á opinberu framfæri. Ríkið er þar með farið að reka tvo af stærstu fjölmiðlum landsins: RÚV og Morgunblaðið. Eins og það sé ekki nógu furðulegt í sjálfu sér hefur nú sprottið upp eins konar samvinnuhreyfing til að koma þessum helsta boðbera samkeppni til bjargar. Vilhjálmur fellst ekki á að hópurinn sé samvinnuhreyfing heldur grasrót sem byggir á hugmynd um hlutafélagsform og vinnur þetta í samvinnu við verðbréfastofu. En segir þetta vissulega sérkennilega stöðu. „Við erum að koma þessu úr opinberri eigu. Þetta er eins og fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, Eyjólfur Konráð Jónsson, sá þetta fyrir sér: Blaðið væri í almenningseign en ekki yfirráðandi kjölfestufjárfestir. Þannig að þetta er fyllilega í samræmi við vilja fyrrum ritstjóra blaðsins,“ segir Vilhjálmur sem ber hlýjar tilfinningar í brjósti til Morgunblaðsins: „Eitt af þeim meðölum sem ég þarf að taka áður en ég fer á fætur á morgnana.“ - jbg




**VILHJÁLMUR BJARNASON** Segir Moggann eitt þeirra meðala sem hann tekur áður en farið er á fætur að morgni dags.

**MORGUNBLAÐIÐ** Þessi helsti boðberi minni ríkisumsvifa er nú orðinn ríkismiðill en Vilhjálmur og félagar vilja koma blaðinu úr opinberri eigu.



**LÁRÉTT**
**2.** hörfa, **6.** samþykki, **8.** gagn, **9.** gubb, **11.** átt, **12.** leiðsögn, **14.** bátur, **16.** tveir eins, **17.** geislahjúpur, **18.** eyrir, **20.** þófi, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dans, **3.** öfug röð, **4.** kvalari, **5.** óhreinka, **7.** samþykkt, **10.** fóstra, **13.** klettasprunga, **15.** hróp, **16.** verkur, **19.** ullarflóki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** hopa, **6.** já, **8.** nyt, **9.** æla, **11.** na, **12.** fylgd, **14.** kajak, **16.** tt, **17.** ára, **18.** aur, **20.** il, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** djæf, **3.** on, **4.** pyndari, **5.** ata, **7.** ályktun, **10.** ala, **13.** gjá, **15.** kall, **16.** tak, **19.** rú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Samfylkingin.
2. Asama.
3. Helena Sverrisdóttir.




HEMMI GUNN: SPRENGIR SKALA Á VINSÆLU VINASAMFÉLAGI

# Vinsældir Hemma Gunn of miklar fyrir Facebook

„Þetta byrjaði nú bara þannig að ég vildi halda sambandi við skyldmenni mín í Danmörku. Svo óx þetta bara og óx og nú er ég eiginlega búinn að sprengja skalann á Facebook. Ég er með 200-300 manns á biðlista,“ segir sjónvarps- og útvarpsmaðurinn Hermann Gunnarsson sem hefur sett ný viðmið á Facebook, á fimm þúsund vini.

Hemmi stendur því daglega frammi fyrir erfiðum ákvörðunum, þarf að ákveða hverjir skuli lifa áfram sem vinir hans. „En svo er alveg sama hversu mikið ég grisja út, alltaf bætast nýjar beiðnir í hópinn.“ Hemmi viðurkennir að honum þyki slæmt að geta ekki verið vinur allra, sérstaklega á þessum miklu óvissutímum þegar vináttan og samstaða er hvað mikilvægust. „Fólk skrifar mér mikið og spyr hvernig það geti nálgast erfiðleika sína á jákvæðum nótum, þannig að auðvitað vildi maður hleypa öllum inn. Þetta er bara ekki í mínu valdi.“

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst mega notendur Facebook ekki eiga fleiri en fimm þúsund vini. Þessi kvóti er settur á til að koma í veg fyrir hvers kyns misnotkun og óþarfa áreiti. Hemmi hafði sjálfur sent út þau skilaboð að hann megi ekki taka við fleiri vinum og upplýsir að „vinir“ hans hafi tvívegis sent áskorun til yfirmanna Facebook um að hann fái undanþágu frá þessari reglu. Ekki hafa borist nein svör við þeim bréfaskriftum. Fréttablaðið sendi í gær bréf til yfirstjórnarinnar um þetta málefni. Engar skýringar fengust þaðan.

Þótt Hemmi sjálfur sé alveg gáttaður á þessum vinsældum sínum eru þó haldbærar skýringar á þeim. Glæsilegur ferill í knattspyrnu og engu síðri í bæði sjónvarpi og útvarpi. Og það er ekki ofsögum sagt að hann hafi snert líf margra. Hemmi rifjar í því samhengi upp sögu frá Egilsstöðum þar sem hann var veislustjóri. „Í veislunni var spilað brot úr gömlum þætti þar sem ég var að tala við strák, fjögurra ára gamlan, sem dreymdi um að verða heimsfrægur tónlistarmaður. Síðan kom í ljós að þetta var tónlistarstjóri skólans.“

Og þeir eru ófáir sem líta á Hemma sem vin, jafnvel frænda, eftir alla þessa nærveru á skjám landsmanna. „Þegar ég dó einu sinni varð vinátta ein af mikilvægustu gildum í lífi mínu og manni hlýnar auðvitað um hjartaræturnar að svona margir skuli hugsa til manns.“ freyrgigja@frettabladid.is




**VINSÆLL VINUR** Milli 200-300 manns bíða eftir því að verða vinir Hemma Gunn á Facebook. Reglur netsamfélagsins kveða á um að hver og einn megi ekki eiga fleiri en fimm þúsund vini og Hemmi er fyrir löngu búinn að sprengja þann skala. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kórinn Fjallabræður, sem kennir sig við Flateyri, hefur tekið upp lag eftir forsprakka kórsins, Halldór Gunnar Pálsson, við texta Ásgeirs Guðmundssonar en ætlunin er að gefa Færeyingum lagið. Á morgun klukkan nítján munu meðlimir, og þá væntanlega innanborðs **Ólafur Páll** útvarpsmaður og Jóhannes Kr. „Kompás“ Kristjánsson, arka á Færeyjastofu og kyrja lagið sem er þakklætisvottur til Færeyinga sem gáfu Flateyringum leikskóla fyrir um tíu árum eftir snjóflóðið. Elís Poulsen útvarpsmaður verður viðstaddur en lagið, sem er átta mínútna langt, verður í kjölfarið til niðurhals á vef Færeyska ríkisútvarpsins.



Erlendir fjölmiðlar beina nú sjónum að Íslandi og efnahagshruninu mikla svo mjög að tískutímaritið Vanity Fair sendi mann hingað til að kynna sér stöðu mála. Fréttablaðið greindi frá því í gær að einn viðmælenda blaðamannsins Michael Lewis væri **Ilmur Kristjánsdóttir** leikkona. Þegar Fréttablaðið hins vegar forvitnaðist um helstu niðurstöður kom á daginn að ritstjórar tímaritsins leggja blátt bann við því að blaðamaður tjái sig hið minnsta um efni og innihald greinarinnar fyrr en hún birtist í aprílhefti Vanity Fair.



Og örlítið meira af erlendum miðlum. Bandarískir grínistar þreytast seint á að gera gys að þjóðinni. Þegar hefur verið sagt frá skrýtlum **Conan O'Brien** og þá hefur Fréttablaðið haft spurnir af því að Saturday Night Live hafa tekið Ísland í gegn. Stephen Colbert, þjóðþekktur spaugari þar vestra, skóf ekkert utan af skoðunum sínum í þætti sínum. Ísland væri versti staðurinn í heiminum. „Við í Bandaríkjunum höfum það kannski skítt en við erum ekki eins og Ísland, gjaldþrota og hýrir.“ - jbg, fgg






# Kreppa stöðvar Grammy-ferð

„Það er mjög dýrt að fara þangað og taka þátt í þessu. Við búum ekki við þannig ástandi hér að við getum leyft okkur neinn munað,“ segir Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníusveitarinnar.

Þrátt fyrir að Íslendingar séu tilnefndir til tvennra Grammy-verðlauna í ár verða þeir ekki viðstaddir athöfnina í Los Angeles á sunnudaginn. Annars vegar er Sinfóníuhljómsveit Íslands og hljómsveitarstjórinn Rumon Gamba tilnefnd fyrir plötuna D´Indy: Orchestral, Vol. 1 og hins vegar er Pacifia-kvartettinn, með Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikara innanborðs, tilnefnd fyrir kammermúsík sína. „Þetta hleypur á mörgum milljónum,“ segir Þröstur og útskýrir að einungis einn hefði verið sendur á hátíðina ef einhver peningur hefði verið til.

Þröstur býst ekki við því að hljóta hin virtu verðlaun. „Það er mikið þrengri hópur sem velur lokaverðlaunin, þannig að það er á vissan hátt meira að marka tilnefninguna. Þetta hefur líka oft komið í hlut bandarískra hljómsveita enda eru þetta bandarísk verðlaun.“

Fái hljómsveitin Grammy-styttuna myndi það breyta miklu fyrir hana út á við að mati Þrastar. „Ég veit ekki hvernig það yrði metið innanlands. Íslendingar eru ekkert ofboðslega mikið fyrir klassík. Þeir eru allir í poppinu eins og maður sér á umfjöllun fjölmiðla og annað. En við vonum að þetta gangi okkur í hag.“

Sigurbjörn Bernharðsson ætlaði að vera viðstaddur hátíðina ásamt hinum meðlimum Pacifia-kvartettsins en hljómsveitin spilar í Lissabon kvöldið áður og kemst því ekki í tæka tíð til Los Angeles. Miðað við tvær millilendingar í Senegal og Atlanta vantar aðeins þrjár klukkustundir upp á að dæmið gangi upp. - fb



**ÞRÖSTUR ÓLAFSSON** Framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður ekki viðstaddur Grammy-verðlaunahátíðina í Los Angeles.


„MAGNAÐ – MISSIÐ EKKI AF!“
JVJ, DV
SARAH KANE:
RÚSTAÐ
„RÚSTAÐ ER VEL UNNIN OG MÖGNUÐ SÝNING ÞAR SEM ÁHORFANDINN ER SKILINN EFTIR Í RÚST."
Ingibjörg Þórisdóttir
Morgunblaðið
„GRÍÐARLEGA ÁHRIFAMIKIL SÝNING... LEIKARARNIR STANDA SIG MEÐ EINSTAKRI PRÝÐI."
Hrafnhildur Hagalín
Lostafulli listræninginn RÚV
„ÞAÐ ER ÓHÆTT AÐ SEGJA LOKSINS – LOKSINS!... AÐ SÝNINGU LOKINNI FANN ÉG FYRIR TREGAÞYNGSLUM OG SAT EFTIR MEÐ GRÁTSTAF Í KVERKUNUM“
Þorgerður E. Sigurðardóttir,
Víðsjá, RUV
„ÓLÍKT ÖLLU SEM SÉST HEFUR Á SVIÐI HÉRLENDIS... ÞESSI SÝNING SNERTI MIG RAUNVERULEGA OG MJÖG DJÚPT... ÞESSI SÝNING SÝNIR HVAÐ LEIKHÚS HEFUR MIKLU MEIRI SLAGKRAFT EN SJÓNVARP EÐA BÍÓ...“
Silja Aðalsteinsdóttir,
Síðdegisútvarp Rásar 2, RÚV
„MAGNAÐ – MISSIÐ EKKI AF!... FRÁBÆRLEGA VEL HEPPNAÐA UPPSETNINGU... MEÐ ÞVÍ FLOTTASTA SEM ÉG HEF SÉÐ Á ÍSLENSKU SVIÐI... LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR HEFUR NÚ NÁÐ LISTRÆNNI FORYSTU Í ÍSLENSKU LEIKHÚSLÍFI.“
Jón Viðar Jónsson,
DV
Leiklestrar hefjast í næstu viku
Leiklestrar allra verka Söru Kane hefjast 10/2. Nánari upplýsingar á borgarleikhus.is. Sala hafin.
Næstu sýningar:
5/2, 6/2, 7/2, 12/2, 13/2, 14/2.
Munið snarpt sýningartímabil!
Aðeins sýnt í febrúar og mars. Tryggðu þér miða núna!
Bannað yngri en 16 ára
Alls ekki fyrir viðkvæma
Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

visir.is
„...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

## Sjálfsmark

Sem betur fer er langt síðan ég lét af þeim fyrirætlunum mínum að sigra heiminn. Jafnvel þó Steinn Steinarr hefði sagt mér að það væri engin áhætta í því fólgin að reyna. Hann orti nefnilega:

Að sigra heiminn er eins og að spila á spil
með spekingslegum svip og taka í nefið.
(Og allt með glöðu geði
er gjarnan sett að veði.)
Og þótt þú tapir það gerir ekkert til
því það er nefnilega vitlaust gefið.

**EN** lífið sjálft er miklu kaldhæðnara en skáldið. Við höfum orðið vitni að því hvernig það spann örlagavef spjátrunganna sem ætluðu að sigra heiminn. Þeir fóru með bréfum og brigslum, en ekki báli og brandi eins og forfeðurnir, og í mars í fyrra þegar þeir voru um það bil búnir að sigra gjörvallan heiminn fór þá að gruna hið versta. „Ó mæ god! Það skyldi þó ekki hafa verið vitlaust gefið.“

**ÞEIR** eru ekki einir um að hafa verið fíflaðir. Gunnar Tómasson hagfræðingur sagði í Silfri Egils um helgina að þeir fræðingar sem starfað hafa allan sinn aldur eftir rökfræði frjálshyggjukenninganna væru í raun að spila löngu-vitleysu. Þetta er verra en hlutskipti Ronaldos hins brasilíska knattspyrnukappa sem var á naríunum á hótelherberginu þegar hann komst að því að Lolíta sem kom með honum var í rauninni nær því að vera Lúlli. Það er misskilningur sem eyðileggur fyrir manni kvöldið (jú og eflaust tekur það nokkrar vikur að komast yfir sjokkið) en ekki heil starfsævi sem er byggð á misskilningi.

**ÉG** hef sjálfur látið fífla mig með misskilningi. Ég trúði því til dæmis að Bíldudalur yrði menningarlegt stórveldi uns græni bíllinn hans Garðars lagði upp laupana. Ég held líka enn þá með Ipswich Town í ensku deildinni sem segir sína sögu.

**ÞAÐ** er því best kunna sér hóf þegar markmið eru sett. Í stað þess að ætla sér að sigra heiminn er til dæmis ágætt að byrja bara á því að sigrast á næstu þraut. Rétt eins og í knattspyrnunni. Þar er alveg óhætt að fara fram með miklum hamagangi því þó að Stjáni negli í hausinn á mér, Nonni sparki í sköflunginn á mér og Trausti gabbi mig upp úr skónum þá er ég alltaf alveg hundrað prósent viss um að ég sé að sækja á rétt mark.



### GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 4. febrúar, 35. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.58 | 13.42 | 17.26 |
| Akureyri | 9.55 | 13.26 | 16.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Starfsfólk Glitnis svarar fyrirspurnum í dag milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000

Starfsfólk Eignastýringar Glitnis, Almenna lífeyrissjóðsins og Glitnis Fjármögnunar svara spurningum viðskiptavina ásamt ráðgjöfum Glitnis.



Á glitnir.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-2387

GLITNIR